skoðun 16

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur
Álfaborg

Draumur á Spáni
Elísabet Björgvinsdóttir fékk að fylgjast með skóhönnuðinum Chie Mihara að störfum á Spáni.
fólk 34

FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
21. október 2011
246. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA 2001 - 2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011

Á erindi í dag
Brautryðjandinn, saga Þórhalls Bjarnarsonar biskups eftir Óskar Guðmundsson, kemur út á sunnudag.
tímamót 22

Megas slasaður
Tónlistarmaðurinn Megas rann til á hálkubletti um síðustu helgi og úlnliðsbrotnaði.
fólk 42

HK stoppaði Fram
HK vann sannfærandi sigur á toppliði Fram í gær.
sport 38

veðrið í dag



SKÚRIR V-TIL Í dag verður SV-læg átt víða 3-8 m/s en hvassara NV-til. Skúrir eða slydda V-lands en bjartara A-til. Hiti 2-8 stig að deginum.

VEÐUR 4

Segja vinnumiðlun gallaða

Meðan sex þúsund ófaglærðir eru á atvinnuleysisskrá telur eitt af hverjum fimm fyrirtækjum hjá SA að skortur á ófaglærðu starfsfólki sé eitt sitt stærsta vandamál. Tölurnar vekja furðu á Vinnumálastofnun.

ATVINNUMÁL Eitt af hverjum fimm aðildarfyrirtækja Samtaka atvinnulífsins (SA) telur skort á ófaglærðu starfsfólki vera eitt af helstu vandamálum fyrirtækisins. Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar SA. Á sama tíma telst helmingur þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá til þessa hóps. SA og Vinnumálastofnun (VMST) greinir á um gæði og skilvirkni vinnumiðlunar.

Halldór Árnason, hagfræðingur SA, segir niðurstöðurnar koma á óvart en kann enga einhlíta skýringu á því að forsvarmenn fyrirtækja og vinnumiðlun Vinnumálastofnunar nái ekki saman á nægjanlega árangursríkan hátt. „Í því sambandi er ekki bara við annan aðilann að sakast en fyrirkomulagið á samskiptunum er ekki nógu lipurt.“

Tilraunaverkefni stjórnvalda, ASÍ og SA

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga í maí skuldbundu stjórnvöld sig til að vinna að endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Ráðist verður í sérstakt tilraunaverkefni þar sem stéttarfélögin verða helstu veitendur þjónustunnar.

Vinna við útfærslu þessa verkefnis hefst í næstu viku en þá eiga SA og Alþýðusamband Íslands fund með sérfræðingum velferðarráðuneytisins vegna málsins.

Eftir er að útfæra tilraunaverkefnið sem gert er ráð fyrir að standi yfir í þrjú ár. Einnig á eftir að skilgreina til hvaða þátta og landshluta verkefnið nær til. Gert er ráð fyrir faglegri stýringu verkefnisins frá miðlægum aðila sem ASÍ og SA koma sameiginlega á fót.

Halldór segir að SA telji að allri vinnumiðlun sé betur borgið hjá aðilum vinnumarkaðarins en hjá Vinnumálastofnun vegna meiri nálægðar við vinnumarkaðinn og þá sem eru atvinnulausir.

Gissur Pétursson, forstjóri VMST, segir að niðurstöður könnunar SA komi verulega á óvart. Hjá stofnuninni séu auglýst 137 störf í dag á landinu öllu, og ef eitthvað sé hafi heldur dregið úr lausum störfum á síðustu vikum. „Þessi fækkun endurspeglar ekki þann veruleika sem könnun SA dregur fram. Það virðist augljóst að allt of stór hluti aðildarfyrirtækja SA leitar ekki til okkar eftir þjónustu. Hin opinbera vinnumiðlun sem VMST stendur fyrir treystir á gott samstarf við fyrirtækin í landinu og í raun byggir framkvæmd atvinnuleysistryggingakerfisins á því að upplýsingar um laus störf berist stofnuninni svo að hún geti miðlað atvinnuleitendum í þau.“

Gissur segir vel hafa gengið að manna þau störf sem hafa borist að undanförnu en vel sé þekkt að fólk hafni starfstilboði sem sé meðhöndlað sérstaklega. „Stofnunin skynjar ekki annað en að það ríki almenn ánægja með þjónustu vinnumiðlunar á meðal þeirra sem hana hafa þegið.“

- shá

FÖGNUÐU FALLI GADDAFÍS Líbíumenn fögnuðu víða þegar fréttist að Múammar Gaddafí, fyrrverandi einræðisherra landsins, hefði verið handsamaður. Hann lést af sárum sínum í gær. Þessi börn veifuðu fánum Líbíska þjóðarráðsins í höfuðborginni Trípólí. **Sjá síðu 12.**

NORDICPHOTOS/AFP

Von á matreiðslubókum:

Jói Fel hefur selt 150 þúsund

FÓLK Bakarameistarinn Jói Fel hefur selt tæplega 150 þúsund eintök af matreiðslubókum sínum. Hann segist ekki hættur, því hann vinnur nú að nýrri matreiðslubók sem á að koma út á næsta ári.

JÓHANNES FELIXSON

Engin bók kemur því út frá Jóa fyrir þessi jól. Nanna Rögnvaldsdóttir, Friðrika Geirsdóttir og kokkalandsliðið munu hins vegar öll senda frá sér matreiðslubækur, en bækur þeirra hafa einnig selst vel. Þá koma út nokkrar íslenskar matreiðslubækur til viðbótar.

- fb / sjá síðu 42

Tveir framkvæmdastjórar ESB bjóða Jóni Bjarnasyni til fundar í Brussel:

Fullt tillit tekið til sérstöðu Íslands

EVRÓPUMÁL Štefan Füle, stækkunarstjóri Evrópusambandsins, og Dacian Ciolos, sem fer með landbúnaðarmál í framkvæmdastjórn sambandsins, hafa boðið Jóni Bjarnasyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, til fundar í Brussel innan skamms.

Jón Bjarnason sagði á Alþingi 12. september síðastliðinn að hann væri reiðubúinn að „fara til Brussel og hitta þar hina háu herra og fá beint til mín hvers er verið að krefjast hér í áætlanagerð“. Vísaði Jón þar til kröfu Evrópusambandsins um að fyrir liggi áætlun um hvernig Ísland hyggst hrinda í framkvæmd breytingum á stjórnsýslu og löggjöf um landbúnaðinn til að uppfylla skilyrði ESB, fari svo að aðildarsamningur verði samþykktur í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ríkisstjórnin hefur gefið út að engar slíkar breytingar verði gerðar fyrr en kosið hafi verið um hugsanlegan aðildarsamning.

Füle segir í viðtali við Fréttablaðið að fundurinn með Jóni hafi upphaflega verið áformaður í næstu viku. Honum hafi verið frestað en ætlunin sé að hann fari fram eins fljótt og hægt er. „Við viljum aðstoða hann og samstarfsfólk hans við að útbúa áætlun um hvernig megi laga stjórnsýslu í landbúnaðinum að lögum og reglum Evrópusambandsins. Ég er sannfærður um að þar er hægt að taka fullt tillit til sérstöðu Íslands,“ segir hann.

- óþs / sjá síðu 14

SPURNING DAGSINS



Gunnar, er víða pottur brotinn í skólamötuneytunum?

„Já, það er laukrétt."

Gunnar Bollason, matráður í Rimaskóla, segir mötuneyti grunnskólanna í Reykjavík líkjast þrælabúðum.

Hæstiréttur telur héraðsdóm hafa gert mistök í dómi yfir manni sem var sakaður um að leita á 15 ára stúlku:

Rétta skal aftur yfir grunuðum lögregluvarðstjóra

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur ómerkt sýknudóm yfir lögregluvarðstjóra sem ákærður var fyrir að hafa leitað á fimmtán ára stúlku í þvottahúsi á heimili sínu.

Fimm dómarar Hæstaréttar telja líkur á að niðurstaða Héraðsdóms Norðurlands vestra um sönnunargildi framburðar sé svo röng að það skipti sköpum um úrslit málsins.

Stúlkan kom á heimili lögreglumannsins árla morguns til að fá far á hlaupaæfingu sem hinn ákærði stýrði. Þar segir hún að hann hafi strokið fingrum sínum um klof hennar innanklæða, í kjölfarið stungið þeim upp í sig og sagt henni að hún væri flott.

Sýkna fjölskipaðs héraðsdóms var einkum byggð á eindregnum og samhljóða framburði mannsins og sonar hans, sem er jafnaldri stúlkunnar, þrátt fyrir að héraðsdómur hafi talið „töluverðar líkur" á sekt.

Héraðsdómur sagði einnig að framburður vitna sem hittu stúlkuna skömmu eftir heimsóknina segði ekkert um hið ætlaða atvik, enda hefði ekkert þeirra séð það eiga sér stað.

Hæpið að unglingur hafi rifið sig á fætur

Samhljóða framburður lögreglumannsins og sonar hans hafði mikið að segja um niðurstöðu héraðsdóms. Maðurinn kvaðst hafa kallað á son sinn og vakið hann um leið og hann hefði séð stúlkuna ganga upp að húsinu. Feðgarnir voru sammála um að tíu sekúndum síðar hefði sonurinn verið kominn í dyragættina að þvottahúsinu og ekkert óeðlilegt séð, enda hefði stúlkan verið rétt nýkomin.

Hæstiréttur fellst ekki á það með héraðsdómara að þessi snögga atburðarás sé trúverðug. „Til þess er einnig að líta að drengurinn var þá á unglingsaldri og klukkan ekki orðin sex að morgni," segir í niðurstöðu Hæstaréttar.

Hæstiréttur segir þessa álykt un héraðsdóms ekki standast, enda séu frásagnir af andlegu ástandi stúlkunnar óbein sönnunargögn sem styðji frásögn stúlkunnar og til þeirra beri að líta. - sh

LEGGJA NIÐUR VOPN Aðskilnaðarhreyfing Baska, ETA, hefur látið af vopnaði baráttu, sem hefur kostað 829 mannslíf á síðustu 43 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðskilnaðarhreyfing Baska:

ETA segjast hætt öllu vopnaskaki

SPÁNN, AP ETA, aðskilnaðarhreyfing Baska, batt í gær enda á vopnaða sjálfstæðisbaráttu sem staðið hefur í 43 ár og kostað 829 mannslíf.

ETA lýsti því yfir að samtökin legðu nú endanlega niður vopn, en vopnahlé hefur verið í gildi um nokkra hríð. Þau hafa þó ekki látið af sjálfstæðiskröfum sínum og hafa kallað eftir viðræðum við stjórnvöld í Frakklandi og á Spáni.

José Zapatero, forsætisráðherra Spánar, fagnaði yfirlýsingunni og sagði fréttirnar marka sigur fyrir lýðræðið. Hann lét þó ekkert uppi um hvort til stæði að hefja viðræður við ETA. - þj

Yfirvofandi verkfalli aflýst:

Flugfreyjur búnar að semja

KJARAMÁL Flugfreyjur sömdu við Icelandair í gærkvöldi og hefur fyrirhuguðu verkfalli þeirra því verið aflýst.

Samkomulag náðist í kjaradeilu Flugfreyjufélags Íslands og Icelandair í gærkvöldi eftir að fundað hafði verið frá því um morguninn. Þetta er þriðji samningurinn sem flugfreyjur skrifa undir en hinir tveir hafa báðir verið felldir í atkvæðagreiðslu. - þeb

Enn ein hryssan fyrir barðinu á dýraníðingi

Skurðir fundust á kynfærum hryssu í hesthúsahverfinu á Kjóavöllum á þriðjudag. Allt bendir til að þeir séu af mannavöldum. Málið er hið fjórða af þessu tagi sem kært hefur verið til lögreglu. Talið að níðingurinn hafi vaktað húsið.

DÝRAHALD Enn ein hryssan varð fyrir barðinu á níðingi eða níðingum fyrr í vikunni er hún reyndist vera með djúpan skurð í leggöngum og annan minni á ytri kynfærum, þegar ódæðið komst upp. Málið var kært til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu síðdegis í gær. Er þetta fjórða níðingsmálið sem kært er til lögreglu á undanförnum mánuðum.

Hryssan er ásamt fleiri hrossum í hesthúsi í nýja hesthúsahverfinu á Kjóavöllum í Kópavogi. Eigendur hesthússins sjá sjálfir um hirðingu hrossanna á kvöldin en fá annan aðila til að sjá um morgungjafir eins og tíðkast. Þegar hryssan var sett út á þriðjudagskvöld og hún fór að hreyfa sig reyndist blóð leka aftur úr henni. Katrín Harðardóttir, dýralæknir á Dýraspítalanum í Víðidal, var þegar kölluð til og hefur hún annast hryssuna síðan.

„Hún var mjög aum og fann auðsjáanlega mikið til," segir Katrín um aðkomuna og lýsir áverkunum með ofangreindum hætti. Hún segir allt benda til þess að áverkarnir hafi verið af mannavöldum. Annar dýralæknir hefur einnig staðfest það eftir að hafa skoðað hryssuna.

Eigendur hesthússins segja að þeir hafi falið varalykil að hesthúsinu, sem er nýtt og á að vera óaðgengilegt ókunnugum, utandyra. Telja megi fullvíst að sá eða þeir sem stóðu að misþyrmingunum á hryssunni hafi vaktað mannaferðir í húsið og látið til skarar skríða aðfaranótt þriðjudagsins. Fleiri hross hafi verið í húsinu, þar á meðal einar sjö hryssur en þær séu allar frekar lítið tamdar eða styggar og varist að maðurinn komist nærri þeim. Sú sem fyrir misþyrmingunum varð er hins vegar spök og þæg í umgengni.

Eigendurnir vilja brýna fyrir hesteigendum að læsa vel hesthúsum sínum, skipta um skrá ef lyklar hafa farið á flæking, geyma ekki varalykla utandyra og vera vel á verði verði sjái þeir til grunsamlegra mannaferða í hesthúsahverfunum. Þá sýni reynslan að full þörf sé á því fyrir hestamenn að huga að hrossum sínum í haga.

jss@frettabladid.is

HROSS INNAN DYRA OG UTAN Eigendur hesthússins sem hryssunni var misþyrmt í vilja brýna fyrir hesteigendum að gæta að hrossum sínum í haga og hesthúsum meðan sá eða þeir sem stunda það að níðast á hrossum eru ófundnir. Hrossin á myndinni tengjast ekki fréttinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fjórða málið sem fer til lögreglu

Tilvikið í hesthúsi á Kjóavöllum sem Fréttablaðið greinir frá í dag er fjórða málið þessa eðlis sem kært er til lögreglu á árinu. Í síðasta mánuði reyndust þrjár hryssur í girðingu í Kjós illa útleiknar eftir að eggvopni hafði verið beitt á kynfæri þeirra. Ein þeirra, gæft barnahross, hafði þó orðið sýnu verst úti. Hún var sárkvalin og blæðandi, þegar að henni var komið.

Í byrjun marsmánaðar reyndust hryssur á hrossabúi í Skagafirði vera með áverka á kynfærum sem taldir voru tilkomnir af mannavöldum. Um það bil mánuði áður hafði hestamaður á Austurlandi komið auga á áverka á hryssu sinni. Héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis nyrðra var kallaður til, auk þess sem lögreglu var tilkynnt um málið.

Greiði þolanda milljón:

Þrjú og hálft ár fyrir nauðgun

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í Hæstarétti í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir að nauðga konu. Þá var hann dæmdur til að greiða henni eina milljón króna í miskabætur. Með þessu staðfesti Hæstiréttur dóm Héraðsdóms Reykjaness.

Maðurinn og konan höfðu átt í sambandi en því lauk áður en hann framdi kynferðisbrot gegn henni.

Maðurinn neitaði sök. Ósamræmis gætti í framburði hans annars vegar hjá lögreglu og hins vegar fyrir dómi. Þá þóttu áverkar sem fundust á konunni daginn eftir samrýmast framburði hennar um að maðurinn hefði beitt ofbeldi til þess að fá vilja sínum framgengt. - jss

Umferðarslys á Spáni:

Tvær íslenskar konur létu lífið

SLYS Tvær íslenskar konur á níræðisaldri létust í umferðarslysi í nágrenni flugvallarins á Alicante á Spáni í gærdag. Þær voru í litlum sendiferðabíl sem lenti í árekstri við rútu með hóp háskólanema innanborðs. Rútan valt á hliðina og slösuðust 19 sem voru þar um borð, en enginn lífshættulega, að því er fram kemur á fréttavefnum informacion.es.

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu í gærkvöldi var verið að aðstoða ættingja kvennanna vegna málsins. Nöfn hinna látnu hafa ekki verið gefin upp. - þj

SKIPULAGSMÁL

Úthlutun nýrra lóða í Flatey

Skipulagsnefnd Reykhólahrepps hefur lagt til við sveitarstjórnina að undirbúningur verði hafinn að úthlutun nýrra lóða samkvæmt deiliskipulagstillögu við Tröllenda á vestari hluta Flateyjar.

Hæstaréttardómur um fjármögnunarleigusamninga gæti reynst afdrifaríkur:

Kallar á endurreikning þúsunda lána

VIÐSKIPTI Fjármálastofnanir gætu þurft að endurútreikna þúsundir fjármögnunarsamninga vegna dóms Hæstaréttar í gær.

Þar var fjármögnunarleigusamningur sem Kraftvélaleigan gerði við Glitni árið 2007 úrskurðaður lánssamningur og því var gengistryggingarákvæði hans ólöglegt með vísun í hæstaréttardóminn frá 16. júní í fyrra.

Vegna dómsins mun Íslandsbanki nú þurfa að endurreikna um 5.000 samninga sem voru gerðir við 1.100 lögaðila. Ekki er ljóst hver heildarupphæð samninganna er.

Í yfirlýsingu frá Íslandsbanka í gær sagði að varúðarreikningur bankans stæði undir nauðsynlegum aðgerðum vegna dómsins.

Hjá Landsbanka Íslands þarf að endurreikna um 2.500 samninga sem gerðir voru við SP fjármögnun á sínum tíma, að sögn Kristjáns Kristjánssonar, upplýsingafulltrúa bankans. „En þetta mun hafa óveruleg fjárhagsleg áhrif," bætir hann við.

Þegar blaðið fór í prentun var ekki ljóst hversu margir samningar af þessu tagi höfðu verið gerðir hjá Kaupþingi á sínum tíma, og heyra því undir Arion banka. Þá eru áhrif dómsins á fjármögnunarfyrirtækið Lýsingu heldur ekki kunn. - þj, jhh

ENDURREIKNA FLEIRI SAMNINGA Dómur Hæstaréttar í gær kallar á endurreikninga á þúsundum lána hjá bönkum og fjármögnunarfélögum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Óverðtryggð húsnæðislán

Óverðtryggð húsnæðislán Íslandsbanka geta numið allt að 80% af markaðsverðmæti og eru ýmist með breytilegum vöxtum eða föstum vöxtum fyrstu þrjú árin. Hvort hentar þér betur?

5,25% Breytilegir vextir*

Greiðslubyrði tekur mið af gildandi vöxtum á hverjum tíma.

6,20% Fastir vextir fyrstu 3 árin*

Stöðug greiðslubyrði fyrstu þrjú ár lánstímans. Að þeim tíma liðnum gilda breytilegir vextir húsnæðislána samkvæmt vaxtatöflu á hverjum tíma.

Fáðu allar nánari uppýsingar um húsnæðislán Íslandsbanka hjá þjónustufulltrúa í næsta útibúi eða á islandsbanki.is.

* Vextir skv. vaxtatöflu Íslandsbanka 21.10.2011 og miðast við lánsfjárhæð sem rúmast innan 70% af fasteignamati ríkisins. Íslandsbanki býður upp á viðbótarlán upp að 80% af markaðsverðmæti.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 11-2300

+/– Breytilegir vextir

+ Kostir

- Lægri vextir í hagstæðu vaxtaumhverfi
- Ávallt hægt að greiða lánið upp án kostnaðar
- Hraðari eignamyndun

– Ókostir

- Greiðslubyrði hækkar með hækkandi vöxtum

+/– Fastir vextir fyrstu 3 árin

+ Kostir

- Engin vaxtaóvissa yfir tímabil fastra vaxta
- Stöðug greiðslubyrði fyrstu þrjú árin
- Hraðari eignamyndun

– Ókostir

- Þú nýtur ekki betri kjara ef vextir lækka
- Kostnaður við uppgreiðslu fyrstu þrjú árin

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

GENGIÐ 20.10.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	115,18	115,72
Sterlingspund	181,90	182,78
Evra	159,16	160,06
Dönsk króna	21,376	21,502
Norsk króna	20,608	20,730
Sænsk króna	17,490	17,592
Japanskt jen	1,4980	1,5068
SDR	181,59	182,67

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,3923

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hvalaverndunarsamtök hvetja til að fiskur frá HB Granda verði sniðgenginn:

Engin áhrif á fisksölu í Bretlandi

SJÁVARÚTVEGUR Þrátt fyrir að herferð samtakanna Whale and Dolphin Conservation Society (WDCS) um sniðganga fisk frá HB Granda hafi staðið í um tvo mánuði hefur ekki orðið vart við minnkandi sölu.

WDCS hvöttu til sniðgöngu á fiskveitingahúsum sem selja fisk frá HB Granda til að mótmæla hvalveiðum Íslendinga, en Hvalur hf. er stærsti einstaki hluthafinn í HB Granda.

Svavar Svavarsson, markaðsstjóri HB Granda, segir í samtali við Fréttablaðið að aðgerðirnar hafi ekki haft teljandi áhrif á fyrirtækið.

SVAVAR SVAVARSSON

„Við höfum fengið eitthvað af tölvupóstum, en mér finnst heldur hafa dregið úr því undanfarið," segir Svavar.

„Hvað varðar sölu á okkar fiski, samskipti okkar við markaðinn, kúnna og veitingastaði, er ekkert hikst í gangi og hefur ekki verið. Ég missi allavega ekki svefn yfir þessu." - þj

FINNA EKKI FYRIR HERFERÐINNI Boðuð herferð gegn breskum fiskveitingastöðum sem selja fisk frá HB Granda, hefur ekki skilað sér í minnkandi sölu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fiskur og franskar

Á vef Whale and Dolphin Conservation Society segir að fiskur frá HB Granda hafi sterka stöðu á markaði með „fisk og franskar" í Bretlandi. Það er eins konar þjóðarréttur Breta, en á ellefta þúsund slíkra veitingastaða er þar í landi.

Warners er einn af helstu birgjunum og hefur átta prósenta markaðshlutdeild ef marka má vef WDCS, en þar segir einnig að Warners fái „nær allan" sinn fisk frá HB Granda.

WDCS vill að þrýst verði á Warners að hætta að versla við fyrirtæki sem tengjast hvalveiðum.

HÆTTUÁSTAND „Varúð, villidýr" stendur á þessu óvenjulega umferðarskilti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eigandinn framdi sjálfsvíg:

Tugir villidýra gengu lausir

BANDARÍKIN, AP **Lögreglan í bænum Zanesville í Ohio sá sér ekki annað fært en að elta uppi og skjóta tugi villidýra sem sluppu laus eftir að eigandi þeirra framdi sjálfsvíg á þriðjudagskvöld.**

Alls voru 48 dýr drepin, þar á meðal 18 bengaltígrar og 17 ljón.

Terry Thompson, eigandi dýranna, sleppti þeim lausum áður en hann svipti sjálfan sig lífi með byssuskoti. Bitsár voru á höfði líksins þegar það fannst. - gb

Í tólf mánaða fangelsi:

Dæmdur fyrir tvö vopnuð rán

DÓMSMÁL Maður um tvítugt hefur verið dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir vopnuð rán, þjófnað, eignaspjöll og fíkniefnalagabrot.

Maðurinn var dæmdur fyrir að hafa rænt verslun 10-11 í Grímsbæ í desember 2010 vopnaður hnífi. Hann rændi fimmtán þúsund krónum auk sígarettupakka. Þá var hann dæmdur fyrir að ræna söluturn í Hraunbergi vopnaður hnífi. Loks var maðurinn ákærður fyrir tilraun til ráns í sumar þegar hann fór inn í verslun 10-11 í Glæsibæ vopnaður klaufhamri. Hann var sýknaður af síðastnefnda tilvikinu. - jss

Staða Pennans sögð skekkja markaðinn

Orri Hauksson segir banka ekki eiga að halda lífinu í ósjálfbærum fyrirtækjum. Samkeppnisaðili segir Pennann reyna að ná til sín birgjum. Annar segir framlegð og afkomu ekki virðast skipta máli hjá Pennanum.

VIÐSKIPTI „Þarna er augljós skekkja á markaðinum sem getur verið verjanleg í einhvern örskamman tíma. En að fyrirtæki sé enn í mjúkum faðmi bankanna þremur árum eftir hrun gengur ekki," segir Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, um aðkomu Arion banka að Pennanum. Fréttablaðið greindi frá því í gær að bankinn hefði nýverið aukið hlutafé Pennans, sem er í 100% eigu félags í eigu Arion, um 200 milljónir króna þrátt fyrir að fyrirtækið hefði tapað rúmum milljarði króna á síðustu tveimur árum. Til viðbótar lánaði Arion Pennanum 500 milljónir króna í fyrra.

Orri segist hafa miklar áhyggjur af því almennt að bankar taki fyrirtæki í fangið og styðji við þau á samkeppnismarkaði. „Í þessu tilfelli eru það húsgagnaframleiðendur sem eru að keppa við starfsemina og finnst sú staða sem er komin upp mjög ójöfn og ósanngjörn. Við höfum almennt verið að berjast fyrir því að bankarnir séu ekki að halda lífinu í starfsemi sem er ekki sjálfbær."

Skúli Rósantsson, eigandi húsgagnaverslunarinnar Casa, segir Pennann hafa verið að eltast við birgja sem einungis hafi verslað við Casa árum saman.„Þeir hafa verið að eltast við birgja sem ég hef verið að versla við árum saman. Velta í húsgagnaverslun hefur eðlilega dregist saman á Íslandi eftir hrun. Þegar birgjar fá stórar pantanir frá nýjum aðila sem getur sýnt fram á miklu meiri veltu en við, þó að hluti hennar sé vegna sölu á pappír og pennum,

FLYTUR STARFSEMI SÍNA Penninn hefur tekið á leigu þriggja hæða húsnæði í Skeifunni undir hluta af starfsemi sinni. Húsnæðið er við hliðina á samkeppnisaðilanum Casa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> ... að fyrirtæki sé enn í mjúkum faðmi bankanna þremur árum eftir hrun gengur ekki.
>
> **ORRI HAUKSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKA IÐNAÐARINS

þá hugsa þessi fyrirtæki sig um. Á sama tíma styður bankinn við Pennann með því að setja fullt af peningum inn í rekstur hans til að mæta taprekstri. Það er ekki hægt að keppa gegn svona atgangi bankanna."

Guðmundur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Á. Guðmundsson, segist velta því fyrir sér hvort framlegð og afkoma skipti í raun engu máli hjá Pennanum. „Við höfum lengi verið að selja skrifstofu- og skólahúsgögn í samkeppni við Pennann. Þeir hafa mest verið að flytja inn sín skólahúsgögn. Fyrir hrun voru þau húsgögn á svipuðu verði eða dýrari en þau sem við bjóðum. Núna virðast þau orðin ódýrari, þrátt fyrir gengishrunið. Maður veltir því fyrir sér hver framlegðin er af slíkum viðskiptum og hvort hún skipti kannski engu máli. Ef svo er þá skiptir afkoman heldur engu máli því það koma þá peningar frá bankanum ef vantar."

thordur@frettabladid.is

ATHYGLI Í EYMUNDSSON Augu allra viðstaddra voru á hinum smáa Khagendra Thapa Magar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjöldi fólks í Eymundsson:

Margir vildu hitta Khagendra

FÓLK Fjöldi fólks mætti í verslanir Eymundsson í gær til að hitta minnsta mann í heimi samkvæmt bókinni Ripley´s, Khagendra Thapa Magar. Hann er hér á landi í tengslum við útgáfu bókarinnar Ripley´s ótrúlegt en satt.

Magar er nítján ára gamall og er frá Nepal. Samkvæmt Ripley´s er hann 56 sentimetrar og því minnsti maður í heimi. Heimsmetabók Guinness segir reyndar að Junrey Balawing frá Filippseyjum sé minnsti maður heimsins og að Magar sé í raun 67 sentimetrar á hæð. - þeb

LÖGGÆSLA

Nýr Þór kemur frá Síle

Hið nýbyggða varðskip Þór kemur til landsins frá Síle á miðvikudaginn í næstu viku og tekur land í Vestmannaeyjum þar sem heimamenn undirbúa nú veglegar móttökur.

Vilt þú dansa þig í form?

Nýtt Zumba námskeið hefst 31. október.
Einföld spor, skemmtileg tónlist og góður félagsskapur.

Zumba
þri. og fim. kl. 18.30

Zumba II
(fyrir lengra komna)-
þri. og fim. kl. 17.30

(4 vikur kr. 11.900 eða 7.900 í áskrift)

ZUMBA FITNESS

HEILSUBORG
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is

Skráðu þig strax í síma. 5601010 eða á heilsuborg@heilsuborg.is

VEÐURSPÁ

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

KÓSÝ INNANDYRA
Nú er tími til að kveikja á kertum og hita kakó. Úrkoma V-til í dag en bjartara A-til. Væta víðast hvar á morgun og strekkingur NV-til. Snýr í N-átt á sunnudag og kólnar í veðri með slyddu eða snjókomu N-til.



HEIMURINN

Alicante	22°
Basel	14°
Berlín	10°
Billund	11°
Frankfurt	11°
Friedrichshafen	9°
Gautaborg	11°
Kaupmannahöfn	11°
Las Palmas	25°
London	14°
Mallorca	19°
New York	16°
Orlando	22°
Ósló	8°
París	12°
San Francisco	22°
Stokkhólmur	7°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Steingrímsson hlynurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Brynja Gunnarsdóttir brynjag@365.is, Snorri Snorrason snorris@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Benedikt Jónsson benediktj@365.is, Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Ívar Hansen ivarorn@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, Sigrún Guðmundsdóttir sigrunh@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is

KJÖTSÚPU DAGURINN MIKLI

Komdu og smakkaðu!

Föstudaginn kl. 14-18
Laugardaginn kl. 12-16
í öllum matvöruverslunum Hagkaups



Íslensk kjötsúpa
Íslenska grænmetið gefur kraft og bragð, hikið ekki við að nota það grænmeti sem ykkur lystir.

1 kg súpukjöt
1,8 l vatn
1 msk salt, eða eftir smekk
1-2 msk súpujurtir
½ laukur, saxaður smátt
500 g gulrófur
500 g kartöflur
250 g gulrætur
100 g hvítkál (má sleppa)
nýmalaður pipar
hrísgrjón 1½ dl
haframjöl ½ dl (má sleppa)

Kjötið e.t.v. fituhreinsað að hluta og síðan sett í pott, vatninu hellt yfir og hitað að suðu. Froðu fleytt ofan af, saltað og súpujurtum og lauk hrært saman við. Soðið í um 40 mínútur. Á meðan eru gulrófurnar afhýddar og skornar í bita, kartöflurnar afhýddar og skornar í helminga eða fjórðunga, ef þær eru stórar, og gulræturnar skafnar og skornar í bita. Sett út í og soðið í 15 mínútur til viðbótar. Kálið skorið í mjóar ræmur, sett út í og soðið í um 5 mínútur, eða þar til allt grænmetið er meyrt. Um leið er haframjölinu bætt út í (má sleppa). Smakkað og bragðbætt með salti og pipar, ef þarf. Kjötið er ýmist borið fram í súpunni eða með henni á sérstöku fati.
Ýmislegt annað grænmeti má hafa í súpuna, svo sem blómkál, sellerí eða grænkál. Ágætt er að sjóða rófurnar og kartöflurnar sér í potti. Ef afgangur verður þá er gott að muna að mörgum finnst kjötsúpan langbest þegar hún er hituð upp í annað eða þriðja sinn. Verði ykkur að góðu!

Súpukjöt tilboð
tilboðsverð 798kr/kg
verð áður 898kr/kg

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 23. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



A að efla samfélagsþjónustu í stað fangelsisrefsingar?

Já	72,4%
Nei	27,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að skylda veitingastaði til að birta upplýsingar um hitaeiningar í mat?

Segðu þína skoðun á vísir.is.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra algjörlega ósammála niðurstöðu ríkisendurskoðanda:

Telur óþarfa að karpa um einstök smáatriði

STJÓRNSÝSLA „Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég byggi á er fráleitt að Ríkislögreglustjóri hafi brotið lög eða aðhafst eitthvað óheiðarlegt," segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, spurður um viðbrögð við niðurstöðu Ríkisendurskoðunar þess efnis að stofnunin standi við ábendingu sína um að RLS hefði borið, lögum samkvæmt, að bjóða út innkaup á lögreglubúnaði fyrir 12,6 milljónir króna.

Ögmundur kveðst algjörlega ósammála niðurstöðu Ríkisendurskoðunar og kveðst telja að „þarna sé Ríkisendurskoðun ekki í réttum farvegi með málið, og sé ekki að setja umrædd atriði í rétt samhengi sem sé mjög mikilvægt að gera. En þarna stendur álit gegn áliti," bætir hann við.

„Það sem mestu máli skiptir er að menn horfi á aðalatriði þessa máls, en séu ekki í karpi um einstök smáatriði" segir innanríkisráðherra enn fremur. „Það sem máli skiptir í mínum huga er að innanríkisráðuneytið, Ríkisendurskoðun og embætti Ríkislögreglustjóra eru sammála um það að koma þessum innkaupamálum í markvissari farveg en verið hefur."

> Ég vil horfa á það sem sameinar okkur en ekki útlistanir sem við kunnum að vera ósammála um.
>
> **ÖGMUNDUR JÓNASSON**
> INNANRÍKISRÁÐHERRA

Ögmundur segir þetta ekki einungis gilda um lögregluna heldur allar stofnanir sem heyri undir innanríkisráðuneytið.

„Ég hef skrifað þeim öllum og við höfum sett nýjar reglur sem snúa að innkaupum. Þessu hefur ríkisendurskoðun tekið mjög vel. Ég vil horfa á það sem sameinar okkur en ekki útlistanir sem við kunnum að vera ósammála um. Aðalatriði málsins er að það er fullkomin samstaða um allt það sem máli skiptir til framtíðar litið og þangað eigum við að horfa, en ekki festast í einhverju sem fyrir er."

- jss

Sögulegar sættir í kortunum:

Borgarahreyfingin ræðir við Hreyfinguna

STJÓRNMÁL Ný stjórn Borgarahreyfingarinnar hefur samþykkt að ganga til viðræðna við þingflokk Hreyfingarinnar um samstarf. Þetta kemur fram í bloggfærslu Friðriks Þórs Guðmundssonar, stjórnarmanns í Borgarahreyfingunni.

Friðrik segir tíma til kominn að láta fyrri deilur víkja fyrir keimlíkum og mikilvægum málefnum. „Það hlýtur að teljast tilraun til „sögulegra sátta" þessara fyrrum samstæðu pólitísku arma Búsáhaldabyltingarinnar," skrifar Friðrik. Borgarahreyfingin náði fjórum mönnum á þing árið 2009, sem síðan hafa allir sagt skilið við hana. Þrír þeirra mynda nú þingflokk Hreyfingarinnar. **- sh**

AKUREYRI

Endurskoðunarnefnd of dýr

Bæjarráð Akureyrar segir að það yrði of íþyngjandi fyrir lítinn sjóð eins og Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar að verða við kröfu Fjármálaeftirlitsins um skipun sérstakrar endurskoðunarnefndar fyrir sjóðinn. Bærinn vill ræða við FME um málið.

FLÚÐIR

Útlaginn fær eitt ár

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps hafnar að veita veitingastaðnum Útlaganum á Flúðum rekstrarleyfi til meira en eins árs. Vísað er til málaferla vegna fyrirhugaðs eignarnáms hreppsins á landi við Útlagann.

AKRANES

Vill stofna keltneskt setur

Tómas Guðmundsson, verkefnastjóri Akranesstofu, hefur lagt til að stofnað verði keltneskt fræðasetur á Akranesi. Bæjarstjórnin hyggst skoða málið.

Vildu orku á 5 árum en ekki ræða verðið

Alcoa vildi orku fyrir álver á Bakka afhenta innan fimm ára. Landsvirkjun taldi tæpt að afhenda orku á tólf árum. Sex aðilar eru komnir langt í viðræðum um orkukaup. Ráðherra spyr hversu mikinn áhuga Alcoa hafi haft á Bakka.

IÐNAÐUR Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að Alcoa hafi ekki fengist til viðræðna um orkuverð fyrir mögulegt álver á Bakka, þrátt fyrir óskir Landsvirkjunar þar um. Hann segir Alcoa hafa óskað eftir afhendingu orkunnar innan fimm ára. Landsvirkjun hafi hins vegar talið lengri afhendingarfrest nauðsynlegan, um tíu til tólf ár, þar sem jarðvarmavirkjanir þurfi að byggja upp í skrefum.

HÖRÐUR ARNARSON

Hörður bendir á að það hafi tekið 35 ár að byggja upp 180 MW virkjanir á Reykjanesi og um 25 ár að byggja upp 400 MW svæði á Hellisheiði og Nesjavöllum. Þess vegna hefði mátt gagnrýna hugmyndir um að nýta 400 MW á tólf árum nyrðra. Fimm ár hefðu verið útilokuð.

Hörður segir að það að opna viðræður um orkuna fyrir fleiri aðilum hafi styrkt samningsstöðu Landsvirkjunar til muna. Alcoa hafi beitt alþekktri samningatækni, að koma sér í sterka samningsstöðu, sitja eitt við borðið og skapa væntingar áður en farið væri að semja um verð.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir umhugsunarefni hvort Alcoa hafi spilað um meiri væntingar en efni stóðu til. „Eftir sex ár skyldi maður ætla og vona að menn væru komnir lengra en þetta, ef fullur hugur væri á verkefninu." Ráðherra benti á að fyrirtækið hefði ekki sótt um lóð undir álver, sem væri umhugsunarefni.

Tvö fyrirtæki hafa þegar sótt um lóðir undir starfsemi sína fyrir norðan.

Umræður voru utandagskrár á Alþingi um stöðu mála nyrðra eftir að Alcoa tilkynnti að fyrirtækið væri hætt við álver á Bakka. Stjórnarandstæðingar gagnrýndu ríkisstjórnina harðlega, sögðu hana hafa staðið í vegi fyrir áformum fyrirtækisins.

Jón Gunnarsson málshefjandi, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði pólitísk fingraför ríkisstjórnarinnar vera uppi um alla veggi í málinu. Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, sakaði Vinstri grænn um að hafa gert allt til að koma í veg fyrir málið.

Guðmundur Steingrímsson, þingmaður utan flokka, sagði Landsvirkjun hafa tekið þá skynsamlegu ákvörðun að selja þá orku sem eftir væri óvirkjuð í landinu á sem hæstu verði. Um takmarkaða auðlind væri að ræða. Hann sagði blasa við að Þingeyingar stæðu vel að vígi hvað orkusölu varðar.

kolbeinn@frettabladid.is

ÁLVER Alcoa hafði ekki sótt um lóð fyrir álver á Bakka og fékkst ekki til viðræðna um mögulegt orkuverð. Forstjóri Landsvirkjunar segir mun betra að hafa fjölbreytta möguleika á kaupendum.

Eitt fyrirtæki af fimmtán hætt við

Landsvirkjun hefur alls átt í viðræðum við fimmtán fyrirtæki um möguleg orkukaup úr virkjunum í Þingeyjarsýslum. Hörður Arnarson segir að Alcoa sé fyrsta fyrirtækið sem segi sig frá viðræðum. Hann segir sex fyrirtæki í raunverulegum viðræðum um orkukaup. „Þar eru menn að takast á við það sem skiptir máli og sumir komnir mjög langt," segir Hörður og staðfestir að orkuverð sé til umræðu við hluta þeirra fyrirtækja.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra sagði á þingi í gær að tvö fyrirtæki væru búin að sækja um lóð fyrir starfsemi sína fyrir norðan og eitt fyrirtæki búið að fá staðfestingu á því að ekki væri þörf á umhverfismati.

KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

Fríkirkjunni í Hafnarfirði

20 ára afmælistónleikar

Eldri félagar Karlakórsins Þrasta er halda 20 ára afmælistónleika í Fríkirkjunni í Hafnarfirði laugardaginn 22. október kl. 17.00.

Frítt inn – Vonumst til að sjá ykkur.

Eldri Þrestir

1912 ÞRESTIR

Ótrúlegt sértilboð! *****

Tenerife

25. október

Frá kr. **99.900** - með „öllu inniföldu" -

7 eða 10 nátta ferð - síðustu sæti!

Heimsferðir bjóða frábær tilboð á allra síðustu sætunum til Tenerife þann 25. október. Í boði eru sértilboð m.a. á Villa Adeje Beach íbúðahótelinu með „öllu inniföldu" auk fleiri valkosta.

Í 7 nátta ferðinni er beint flug báðar leiðir en í 9 nátta ferðinni er heimflug í gegnum Kaupmannahöfn þar sem gist er síðustu nóttina. Innifalið er flug báðar leiðir, skattar, gisting í 9 nætur á Tenerife og 1 nótt í Kaupmannahöfn (rútuferð milli hótels og flugvallar í Kaupmannahöfn innifalin).

Athugið að mjög takmörkuð gisting er í boði!

Frá kr. 99.900 – Hotel Villa Adeje *** með „öllu inniföldu"
Netverð á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn, 2-11 ára, í 7 nætur með „öllu inniföldu". Verð m.v. gistingu í tvíbýli kr. 119.900. Sértilboð 25. október. Aukalega 10 þúsund krónur á mann í 9 nætur.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Biskup fundaði með fagráði þjóðkirkjunnar og dr. Marie Fortune á Biskupsstofu:

Viðbrögð við kynferðisbrotum rædd

ÞJÓÐKIRKJAN Herra Karl Sigurbjörnsson biskup fundaði með dr. Marie Fortune og fagráði þjóðkirkjunnar á Biskupsstofu í gær. Eins og greint hefur verið frá er dr. Fortune stödd hér á landi til að halda námskeið og málþing á vegum þjóðkirkjunnar um kynferðisbrot innan kirkjunnar og viðbrögð hennar við því.

Biskup vildi ekki tjá sig um fundinn við Fréttablaðið en Gunnar Rúnar Matthíasson, formaður fagráðs þjóðkirkjunnar, segir umræður þar hafa verið góðar.

„Andrúmsloftið var verulega gott, það var mikið talað og mikið spurt," segir Gunnar Rúnar. „Það var mikið rætt hvað hefur verið vel gert í þessum efnum innan kirkjunnar og hvar við þurfum að vera vakandi við að koma hlutum af stað og spyrja hvort þeir séu að virka."

DR. FORTUNE HITTIR BISKUP Herra Karl Sigurbjörnsson biskup hitti dr. Marie Fortune á fundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gunnar segir umræðuna mjög hafa snúið að því hvernig hægt sé að koma til móts við þolendur kynferðisofbeldis og hjálpa þeim við að koma málunum í réttan farveg. Hann segir dr. Fortune vera afar styðjandi við það starf sem fagráðið innir af hendi.

„Það er óheyrilega mikilvægt að styðja við fórnarlömb og efla og koma hlutum í farveg, eins og hlutverk okkar er," segir hann.

- sv

ÍSLENSKA SÍA.IS ICE 56868 10/11

ÞAÐ ER DÝRT AÐ HALDA LAGER.

ÞÁ ER GOTT AÐ HAFA FLUGFRAKT.

Óþarflega miklar vörubirgðir kosta fyrirtæki mikið.
Með því að nýta sér flugfrakt geta fyrirtæki miðað birgðastöðu
við þörfina hverju sinni og þannig dregið úr áhættu og kostnaði
vegna gengis- og markaðsþróunar.

Á hverjum einasta degi fljúgum við hjá Icelandair Cargo
með vörur til og frá Íslandi.

Því tíminn flýgur

ICELANDAIR CARGO

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað starfa margir sjálfboðaliðar fyrir Rauða kross Íslands?*
2. *Hvaða íslenska hljómsveit samdi nýlega við Universal Music Group?*
3. *Hvaða listamann heiðraði heimspekideild Trinity-háskólans nýlega?*

SVÖR
1. 3.000 manns 2. Of Monsters and Men 3. Courtney Love

Guðmundur Steingrímsson ánægður með niðurstöður könnunnar MMR:

33% geta hugsað sér nýtt framboð

ALÞINGI Þriðjungur aðspurðra, eða 33 prósent, segir það koma til greina að kjósa nýtt framboð Guðmundar Steingrímssonar um næstu alþingiskosningar. Þetta eru niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar MMR sem var gerð 6. til 10 október síðastliðinn. Minnstur stuðningur við hið nýja framboð er meðal Sjálfstæðisfólks en mestur meðal stuðningsfólks Samfylkingar.

„Þetta er auðvitað ánægjulegt og sýnir að margir eru að hugsa það sama," segir Guðmundur. „Það er kominn tími á að stunda nútímalegri og sanngjarnari pólitík. Ég hef sagt að það sé gat í íslenskum stjórnmálum og þetta er staðfesting á því."

Könnuð var afstaða fólks til þess hvort kæmi til greina að kjósa nýtt framboð Guðmundar. Af þeim sem tóku afstöðu sögðu 33,5 prósent að það kæmi til greina en meirihlutinn, eða 66,5 prósent sagðist ekki myndu kjósa framboðið.

Mikill munur er á svörum eftir stjórnmálaflokkum, en 65,9 prósent Samfylkingarfólks segja það koma til greina að kjósa nýtt framboð en einungis 7,4 prósent Sjálfstæðisfólks. 47,5 prósent stuðningsfólks Vinstri grænna segja það koma til greina að kjósa nýja flokkinn og 17,4 prósent Framsóknarfólks. - sv

Á ÞINGI Hinn nýi þingflokkur Guðmundar gæti fengið töluvert fylgi, ef marka má niðurstöður könnunnar MMR.

Garðeigendur klippi gróður:

Gróður getur skapað hættu

SKIPULAGSMÁL Trjágróður sem vex út fyrir lóðamörk getur skapað óþægindi og hættu fyrir gangandi og akandi vegfarendur. Reykjavíkurborg beinir því til garðeigenda að klippa tré sín svo þau hvorki hindri vegfarendur, hylji umferðarskilti né dragi úr götulýsingu.

Einnig þarf að hugsa fyrir aðgengi vegna snjóhreinsunar, en gera þarf ráð fyrir 2,8 metra hæð undir trjágreinar á gangstígum til að snjóruðningstæki geti rutt stígana. - sv

AKUREYRI Samkvæmt nýrri könnun er meirihlutinn fallinn.

Ný könnun á Akureyri:

Meirihluti L-listans fellur

AKUREYRI Meirihluti bæjarstjórnar Akureyrar er fallinn ef sveitarstjórnarkosningar færu fram í dag, samkvæmt nýrri könnun sem gerð var á vegum félagsvísindadeildar Háskólans á Akureyri í síðustu viku. Þetta kemur fram í Akureyri vikublaði.

L-listinn, sem er með hreinan meirihluta í bæjarstjórn, missir einn bæjarfulltrúa af sex og Framsóknarflokkur og Samfylking halda sínum eina fulltrúa. Sjálfstæðisflokkur og Vinstri grænn bæta við sig einum samkvæmt könnuninni, en A-listinn næði engum inn.

Notað var 1.000 manna slembiúrtak í könnuninni og byggja niðurstöðurnar á 506 svörum. - sv

Flestir sleppa því að hitta lækni vegna peningaleysis

Fjórðungur Íslendinga frestaði eða sleppti nauðsynlegri læknisþjónustu á sex mánaða tímabili árin 2006 og 2007. Bágur fjárhagur hafði mest áhrif. Velferðarráðherra segir stefnu og markmið að hafa jafnt aðgengi.

HEILBRIGÐISMÁL Fjórðungur Íslendinga sleppti því að fara til læknis þó að þeir teldu sig hafa þörf fyrir það á árunum 2006 og 2007. Hlutföll eru misjöfn eftir félagshópum, en sá hópur sem frestaði eða sleppti læknisheimsóknum oftar en aðrir er ungt fólk í fjárhagsörðugleikum. 60 prósent þeirra sem áttu í miklum fjárhagserfiðleikum höfðu sleppt eða frestað nauðsynlegri læknisþjónustu á sex mánaða tímabili.

Þetta kemur fram í rannsókn Rúnars Vilhjálmssonar félagsfræðings sem greint er frá í Læknablaðinu. Rannsóknin byggir á landskönnun sem fram fór 2006 og 2007. Alls höfðu 22 prósent svarenda frestað læknisheimsókn sem þeir töldu þörf fyrir síðastliðna mánuði. Elsta fólkið frestaði sjaldnast læknisheimsókn en yngra fólkið oftast, einhleypir og fráskildir frestuðu frekar en aðrar hjúskaparstéttir, foreldrar leikskólabarna, fólk í fullu starfi, stúdentar og lágtekjufólk fresta frekar.

Rúnar segir það bráðnauðsynlegt að gera sambærilega rannsókn í dag til að sjá hvaða áhrif efnahagsbreytingarnar í landinu hafa á frestunina og almennt aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

„Niðurstöðurnar sýna að stærsti þátturinn er fjárhagserfiðleikar. Hlutfallið hækkar mikið eftir því sem fólk er í meiri örðugleikum," segir Rúnar. „Því má búast við því að hlutfallið hafi hækkað verulega á síðustu árum því það er morgunljóst að áhrifin af fjárhagserfiðleikunum eru meiri í dag."

Rúnar segir niðurstöðurnar viðvörun til stjórnvalda. Hann segist hafa verulegar áhyggjur af því ef einkafjármögnun verður aukin innan heilbrigðisgeirans meðal annars með því að auka sjúklingagjöld.

„Ég tel ástæðu til að vara við því. Frestun vegna kostnaðar er þegar veruleg og ástandið hefur nú leitt til þess að fólk hefur minni ráðstöfunartekjur. Ef gjöldin verða hækkuð verður vandinn aukinn verulega."

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir það vissulega forvitnilegt að skoða það hvernig hlutfallið kæmi út í dag. Hann bendir á að ýmislegt innan heilbrigðiskerfisins hafi breyst á síðustu þremur árum, þar á meðal að heimsóknir barna séu nú ókeypis.

„Það væri áhugavert að sjá hvernig aldursskiptingin er, tekjurnar og einnig samhengi á milli aðgengis og sækni í þjónustu," segir Guðbjartur. „En það segir sig sjálft að hlutfallið hækkar eftir því sem fólk er tekjulægra. Rannsóknir, aðgerðir og skoðanir kostar allt tíma og peninga. Auðvitað hlýtur það að fæla fólk frá. En það er markmið okkar að hafa jafnt aðgengi allstaðar og þá verðum við að stefna að því eins og mögulegt er, hvort sem það er landfræðilega eða efnahagslega." sunna@frettabladid.is

LÆKNAVAKTIN Á SMÁRATORGI Um 60 prósent fólks sem átti í miklum fjárhagserfiðleikum sleppti eða frestaði því að sækja sér læknisþjónustu samkvæmt rannsókn.

Fjármálaeftirlitið metur stöðu viðskiptabankanna í kjölfar útgáfu hálfsársuppgjörs:

Batnandi staða en lánasöfn viðkvæm

EFNAHAGSMÁL Staða stóru viðskiptabankanna þriggja hefur batnað talsvert síðustu misseri. Eiginfjárstaða bankanna er hlutfallslega góð og lausafjárstaða þeirra einnig. Þetta er mat Fjármálaeftirlitsins (FME) sem fjallaði um stöðu viðskiptabankanna á blaðamannafundi í gær.

Eiginfjárhlutfall bankanna er 22,5 prósent sem er mun hærra hlutfall en víðast hvar hjá bönkum í nágrannalöndum Íslands. Eiginfjárgrunnur umfram lágmarkskröfur FME er rúmlega 145 milljarðar króna.

Enn er talsverð óvissa um þróun útlánasafnanna þótt staða þeirra hafi batnað síðustu mánuði. Um 15 prósent af bókfærðu virði útlána eru í vanskilum en samkvæmt upplýsingum frá FME er algengt að þetta hlutfall sé á bilinu 1 til 2 prósent hjá bönkum með gott útlánasafn. Miðað við þrengri kröfur um skil eru vanskil útlána rúmlega 30 prósent. Alþjóðleg niðursveifla gæti aukið vanskil enn frekar og gert það að verkum að eiginfjárstaða bankanna versnaði.

Þá leggur FME áherslu á að endurskipulagningu skulda og uppgjöri milli gömlu og nýju bankanna ljúki sem fyrst.

Spurður hvort viðskiptabankarnir hafi gengið eins langt og þeir geta í niðurfærslu á lánum sagði Guðmundur Jónsson, framkvæmdastjóri lánasviðs FME, að bankarnir nálguðust þolmörk sín og yrðu að gæta sín að ganga ekki of langt. Rekstrarkostnaður bankakerfisins er enn nokkuð hár og er þess ekki að vænta að hann lækki að ráði fyrr en endurskipulagningu skulda í lánasöfnum bankanna er lokið. Arðsemi grunnrekstrar hefur verið um 10 prósent af eigin fé og vaxtamunur hefur farið vaxandi. - mþl

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ FME hóf nýverið starfsemi í nýjum heimkynnum í turninum við Höfðatorg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Fólk með lausnir

Hjá Nýherja starfa hátt í 300 sérfræðingar í upplýsingatækni. Lausnir okkar byggja á skilningi á þörfum viðskiptavina, framúrskarandi tækniþjónustu og tæknibúnaði frá heimsþekktum framleiðendum.

Með frumkvæði og metnað að leiðarljósi finnum við réttu lausnina fyrir þitt fyrirtæki.

NÝHERJI
BETRI LAUSNIR

Nýherji hf. Sími 569 7700 www.nyherji.is

TÍSKUVIKA Um þessar mundir fer fram tískuvika í Tókýó. Þessar fyrirsætur sýndu fatnað frá Araisara á sýningarpallinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bæjarfulltrúar ósáttir:

Þingmennirnir komi í Kópavog

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarfulltrúar í Kópavogi vilja að alþingismenn komi þangað til viðræðna fremur en að bæjarfulltrúarnir séu kallaðir niður á Alþingi.

Meirihluti bæjarráðsins felldi þó tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokks um að mæta ekki á Alþingi. Meirihlutinn kvaðst engu að síður telja eðlilegt að þingmenn kjördæmisins gerðu sér ferð í sveitarfélögin í kjördæmaviku eins og tíðkast hefði. Bókaði þá fulltrúi Framsóknarflokks að það væri vegna ótta fulltrúa Vinstri grænna og Samfylkingarinnar við flokksaga.

Sjálfstæðismenn sögðu bæjarfulltrúa VG, sem setið hefur á þingi sem varamaður, virðast vera „hlýðinn þjónn meirihlutans á þinginu.“

- gar

Rannsóknarnefnd átelur siðanefnd HÍ

Sérstök rannsóknarnefnd hefur komist að því að siðanefnd Háskóla Íslands hafi haft í frammi óeðlileg vinnubrögð í máli Vantrúar gegn guðfræðikennara. Alvarlegar athugasemdir gerðar við samskipti við málsaðila utan formlegra funda.

STJÓRNSÝSLA Þriggja manna rannsóknarnefnd hefur komist að því að verulegir annmarkar hafi verið á starfi siðanefndar Háskóla Íslands þegar hún hafði til meðferðar kæru Vantrúar á hendur guðfræðikennara við skólann.

Rannsóknarnefndin var skipuð í vor eftir að málið hafði velkst í stjórnsýslu háskólans í rúmt ár og valdið miklum titringi. Í hana völdust Elín Díanna Gunnarsdóttir, sálfræðidósent við Háskólann á Akureyri, Sigurður Þórðarson, fyrrverandi ríkisendurskoðandi, og Þórhallur Vilhjálmsson, aðallögfræðingur Alþingis.

Forsaga málsins er sú að að Vantrú kvartaði til siðanefndar yfir námsefni guðfræðingsins Bjarna Randvers Sigurvinssonar. Samtökin töldu að í námsefninu væri ómaklega vegið að þeim.

Bjarni Randver var hins vegar afskaplega ósáttur við vinnubrögð nefndarinnar og sakaði formann hennar um að eiga í nánum samskiptum við fulltrúa Vantrúar um gang mála á meðan Bjarna hefði ekki verið haldið upplýstum um neitt.

Málið vatt í kjölfarið upp á sig, skipt var um formann í siðanefndinni, Bjarni Randver fékk lögfræðinginn Ragnar Aðalsteinsson til að annast málið fyrir sig og að lokum féll Vantrú frá kærunni vegna þess að ófriðurinn hefði hvort eð er eyðilagt málið.

HÁSKÓLI ÍSLANDS Málið olli miklum titringi innan skólans, sérstaklega á seinni stigum þess. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rannsóknarnefndin gerir í skýrslu sinni margháttaðar athugasemdir við störf siðanefndarinnar á meðan á öllu þessu stóð.

Í fyrsta lagi sé ekki að sjá að siðnefndin hafi í upphafi lagt mat á hvort málatilbúnaður Vantrúar snerti yfir höfuð siðareglur Háskóla Íslands.

Í öðru lagi eru gerðar alvarlegar athugasemdir við það verklag siðanefndarinnar að eiga í samskiptum við málsaðila utan formlegra funda nefndarinnar. Slíkt formleysi dragi úr gagnsæi og sé til þess fallið að veikja traust til nefndarinnar.

Þá sé sú ákvörðun siðanefndarinnar að ljúka málinu gegn Bjarna Randver með sátt við guðfræðideild án aðkomu Bjarna meginorsök þess að málið hafi þróast með hinum óheppilega hætti.

Nefndin telur óviðunandi fyrir Háskóla Íslands og málsaðila að ekki hafi tekist að ljúka því efnislega.

Þá segir enn fremur í niðurstöðu nefndarinnar að það geti ekki talist heppileg ráðstöfun að lögfræðingur háskólans sé látinn starfa fyrir siðanefndina samhliða öðrum störfum sínum fyrir skólann. „Með því er hætta á að sjálfstæði hinnar miðstýrðu stjórnsýslu Háskólans í ásýnd og í reynd sé ekki tryggð í málum sem þessum.“

stigur@frettabladid.is

ÝSAN ÍSUÐ Aflaverðmæti ýsu fyrstu sjö mánuði ársins er 29 prósentum minna en á sama tíma í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aflaverðmæti meira í ár:

Verðmæti afla 83,6 milljarðar

SJÁVARÚTVEGUR Aflaverðmæti íslenskra fiskiskipa fyrstu sjö mánuði ársins nam 83,6 milljörðum króna. Á sama tíma í fyrra nam það 79,8 milljörðum og hefur aflaverðmætið því aukist um 3,8 milljarða á milli ára, sem jafngildir 4,8 prósentum. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.

Langmest verðmæti er í botnfiskafla, eða 54,7 milljarðar króna fyrstu sjö mánuði ársins. Það er þó 3,4 prósentum minna verðmæti en á sama tíma í fyrra. Verðmæti þorsks dróst saman um 2 prósent, en ýsu um 29 prósent. Verðmæti flatfiskafla jókst um 0,8 prósent á tímabilinu, nam 6,4 milljörðum króna.

- kóp

BYGGINGARVÍSITALA

Verð á innlendu efni hækkar

Vísitala byggingarkostnaðar hækkaði um 0,1 prósent í október miðað við mánuðinn á undan. Verð á innlendu efni hækkaði um 0,1 prósent en á innfluttu um 0,4 prósent. Verð fyrir vélar, flutning og orkunotkun hækkaði samtals um 2,8 prósent.



Aðalfundur BSRB í dag:

Fyrirlestur um norræna velferð

FÉLAGSMÁL Aðalfundur BSRB er haldinn í dag í BSRB-húsinu við Grettisgötu.

Á fundinum heldur Torben M. Andersen erindi um norrænu velferðarkerfin á tímum niðurskurðar. Torben er prófessor í hagfræði við Árósaháskóla. Hann mun einnig svara spurningum viðstaddra. Erindi hans hefst klukkan tíu og er öllum opið.

Að loknu erindi Torbens verða hefðbundin aðalfundarstörf BSRB á dagskránni.

- þeb

Einn mótmælandi lét lífið í látunum í Grikklandi í gær:

ESB telur aðhaldsaðgerðirnar varla duga

GRIKKLAND,AP Nýju aðhaldsaðgerðirnar, sem gríska þingið samþykkti í gær, duga líklega ekki til þess að bjarga Grikklandi frá gjaldþroti.

Þetta er mat sendinefndar frá Evrópusambandinu og Seðlabanka Evrópusambandsins, sem átti að leggja mat á það hvort grísk stjórnvöld hefðu fullnægt kröfum um frekari fjárhagsaðstoð.

Nefndin mælti engu að síður með því að næsta greiðsla úr neyðarsjóði ESB til Grikklands yrði innt af hendi, svo landið lenti ekki í greiðsluþroti strax í næsta mánuði.

Harkaleg átök brutust út í Grikklandi í gær, annan daginn í röð, þegar tugir þúsunda manna héldu út á götur höfuðborgarinnar Aþenu að mótmæla aðhaldsaðgerðum stjórnarinnar.

Einn mótmælandi lét lífið í þessum átökum í gær. Leiðtogar Evrópusambandsins ætla að hittast í Brussel um helgina að ræða næstu skref til bjargar bæði Grikklandi, evrunni og evrópskum bönkum, sem sumir hverjir gætu riðað til falls á næstunni.

Ágreiningur er milli Þýskalands og Frakklands um það til hvaða aðgerða eigi að grípa. Samkvæmt heimildum AP-fréttastofunnar, sem komst yfir drög að ályktun leiðtogafundarins, verður endanlegri ákvörðun frestað til loka nóvember.

- gb

ÁTÖK Í AÞENU Mikil harka var í mótmælunum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Pyntingaeftirlit SÞ:

Vill bann við einangrun

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP **Juan Mendez, eftirlitsfulltrúi Sameinuðu þjóðanna með pyntingum, hvetur til þess að einangrunarvist fanga umfram fimmtán daga verði bönnuð.**

Einnig sé nauðsynlegt að banna alfarið að börn, þroskaheftir og varðhaldsfangar séu hafðir í einangrun.

Hann segir langa einangrun jafnast á við pyntingar eða ómannúðlega meðferð og því sé nauðsynlegt að alþjóðlegt bann verði lagt við slíku.

Í Bandaríkjunum eru nú um 20 til 25 þúsund fangar í einangrun, að sögn Mendez.

- gb

Umhverfisstofnun fær vottun:

Fyrst til að fá faggilda vottun

STJÓRNSÝSLA Umhverfisstofnun hefur hlotið vottun á gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sínu og er fyrsta opinbera stofnunin sem fær slíka faggilda vottun. Um er að ræða vottun á gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001:2008 og umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO 14001:2004. Innleiðing kerfanna tveggja hófst á vormánuðum 2009.

Umhverfisstofnun hefur bæði sett sér umhverfisstefnu og markmið til að fylgja henni eftir. Starfið í byrjun hefur falist í bættri flokkun úrgangs, fræðslu til starfsmanna og skráningu á grænu bókhaldi sem endurspeglar áhrif starfseminnar á umhverfið.

- shá

BAK VIÐ RIMLA Dönsk rannsókn leiðir í ljós að afbrotamenn sem dæmdir eru til samfélagsþjónustu eru síður líklegir til að brjóta aftur af sér en þeir sem fara í fangelsi. NORDICPHOTOS/AFP

Refsingar í Danmörku:

Samfélagsþjónustan virkar vel

DANMÖRK **Samfélagsþjónusta er áhrifaríkt úrræði til að halda brotamönnum frá frekari lögbrotum. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu dómsmálaráðuneytis Danmerkur og danska ríkisútvarpið segir frá.**

Þar segir jafnframt að afturhvarf dæmdra ofbeldismanna, ræningja og eiturlyfjasala, út á glapstigu afbrota, sé talsvert minna hjá þeim sem afplána dóma með samfélagsþjónustu en þeirra sem sitja af sér í fangelsi, eða 39 prósent gegn 51 prósenti.

Yfirvöld vilja sjá til þess að brotamenn komist aftur á beinu brautina, enda eru fangelsi landsins þegar þéttsetin.

- þj



EINRÆÐISHERRA LÍBÍU DREPINN

Líbíubúar fagna falli Gaddafís

Múammar Gaddafí var drepinn í heimaborg sinni Sirte í gær, tveimur mánuðum eftir að höfuðborgin Trípolí féll í hendur byltingarliðsins. Borgarastyrjöldin og hernaðarátök í Líbíu hafa kostað þúsundir lífið síðan snemma árs.

Íbúar Líbíu héldu út á götur og hrópuðu fagnandi þegar fréttir bárust af því að uppreisnarmenn hefðu drepið Múammar Gaddafí, einræðisherrann sem stjórnaði landinu með harðri hendi í meira en fjóra áratugi.

Ónot vöknuðu hins vegar þegar frekari fréttir, óljósar og misvísandi, bárust af því hvernig lát hans hafði borið að garði. Mannréttindasamtökin Amnesty International sendu fljótlega frá sér tilkynningu þar sem þess var krafist að ítarleg rannsókn yrði gerð á atvikinu.

Svo virðist sem Gaddafí hafi verið tekinn lifandi og dreginn eftir götum borgarinnar áður en hann var skotinn. Auk þess virðist hann hafa verið í bílalest sem herþotur NATO-ríkjanna gerðu loftárás á skömmu áður en byltingarmenn fundu hann í þröngum jarðgöngum.

Ekki er vitað hvað varð um Saif al-Islam, son Gaddafís, sem líklegt þykir að hafi verið með honum fram á síðustu stund.

Leiðtogar byltingarstjórnarinnar fögnuðu hins vegar drápi Gaddafís og leiðtogar Vesturlanda tóku undir fögnuðinn.

58 daga hafði Gaddafí verið í felum, frá því að höfuðborgin féll í hendur uppreisnarmanna fyrir tveimur mánuðum.

Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti segir að fall Gaddafís marki tímamót í baráttu Líbíumanna og David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, segir að nú hafi Líbíumenn enn betri möguleika til þess að byggja upp sterkt og lýðræðislegt samfélag.

Gaddafí hafði verið í felum í tvo mánuði, eða frá því höfuðborgin Trípolí féll í hendur uppreisnarmanna upp úr miðjum ágúst.

Ekki er vitað hve margir hafa látið lífið í átökunum, sem hófust snemma árs í Líbíu með þátttöku NATO-ríkjanna. Ljóst er þó að mannfallið skiptir þúsundum og auk þess hafa tugir þúsunda særst.

gudsteinn@frettabladid.is

FANNST Í HOLU Þarna í göngunum sögðust uppreisnarmenn hafa fundið Gaddafí og skotið hann. NORDICPHOTOS/AFP

ALVARLEGA SÆRÐUR Gaddafí særðist alvarlega og var handtekinn í kjölfarið. NORDICPHOTOS/AFP

Gaddafí drepinn í Sirte

Uppreisnin gegn Gaddafí hófst um miðjan febrúar þegar nokkur hundruð manns komu saman í borginni Bengasí. Lögreglan tók hart á mótmælendum en næstu daga héldu þau áfram og mögnuðust dag frá degi. Viðbrögð stjórnvalda hertust sömuleiðis.

Loftárásir NATO-ríkjanna hófust 19. mars, tveimur dögum eftir að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti flugbann yfir Líbíu og heimilaði hernaðaríhlutun, bæði til að verja flugbannið og til að vernda almenna borgara.

Uppreisnarmenn náðu seint í ágúst höfuðborginni Trípolí á sitt vald, þar sem Gaddafí hafði haft höfuðstöðvar. Hann komst þó undan og var í felum þar til hann fannst í fæðingarborg sinni, Sirte.

Mikilvæg hvatning fyrir arabaheiminn

„Á margan hátt er það frekar sorglegt í stöðunni núna að ekki verði hægt að vinna úr þessu á viðunandi hátt og láta réttarkerfið hafa sinn gang," segir Magnús Þorkell Bernharðsson, sagnfræðingur sem hefur sérhæft sig í nútímasögu Mið-Austurlanda. „Líbíumenn fá þá ekki tækifæri til að meta fortíðina og þau voðaverk sem Gaddafí framdi gegn eigin þjóð, eins og þó hefur verið mögulegt í Egyptalandi.

Á hinn bóginn vantar almennilega dómstóla og stofnanir í Líbíu og stjórnarskráin gerir ekki ráð fyrir þeim meiri háttar réttarhöldum sem hefðu þurft að eiga sér stað. Auk þess verða tímamótin um leið meira afmarkandi því nú er hægt að byrja strax að huga að framtíðinni, þannig að úr því sem komið var þá er þetta kannski eina leiðin til þess að stöðva blóðbaðið í Líbíu og kannski reyna að koma á einhverjum stöðugleika. Nú geta Líbíumenn farið að huga að framtíð landsins, framtíð sem ekki tengist þessari persónu sem hefur svo algerlega tröllriðið þjóðfélaginu."

Magnús segir Líbíumenn hafa nokkuð góðar forsendur til þess að byggja upp starfhæft þjóðfélag, nú þegar átökunum lýkur.

MAGNÚS ÞORKELL BERNHARÐSSON

„Þetta land breytist ekkert í Sviss eða Noreg á einni nóttu heldur er þetta langtímaverkefni fyrir nýju leiðtogana. Þjóðartekjur Líbíu eru góðar bæði af olíu og gasi og innviðir voru í tiltölulega góðu ástandi fyrir stríðið. Þannig að ef vel er haldið á spilunum þá er framtíðin tiltölulega björt í Líbíu."

Magnús segir vissulega mögulegt að einhver óöld verði áfram í landinu meðan ýmis mál eru óuppgerð.

„Hins vegar er tiltölulega mikil þjóðernishyggja í Líbíu og almennur vilji til að reyna að standa saman þrátt fyrir ólík sjónarmið."

Hann segir fall Gaddafís auk þess vera mikilvægan áfanga í andófi almennings í arabaríkjunum, sem hófst svo snögglega í Túnis í lok síðasta árs og breiddist hratt út til nágrannaríkjanna.

„Arabíska vorið er hreint ekki að fjara út," segir hann. „Nú hafa fjórir arabaleiðtogar verið hraktir frá völdum á þessu ári og það eitt er nú heilmikið afrek. Þetta er ekki búið í Egyptalandi og málin eru enn óuppgerð í Líbíu. Það er enn verið að berjast í Barein og Jemen og Sýrlandi. En þessi atburður verður heilmikil hvatning fyrir íbúa þessara landa til þess að halda áfram."

Framtíðin er skýr

...stækkunarlampar, útiljós, breytiklær, flúrljós, ljósaperur, dyrabjöllur, vírar, kaplar, rafhlöður, spennubreytar, borðviftur, fjöltengi, framlengingarsnúrur, símavörur, raflagnaefni, verkfæri og minni heimilistæki.

Glóey – gerir lífið bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is

Við rekum 24 verkefni í þágu samfélagsins...

Vertu með, taktu þátt!

Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild

www.redcross.is

Við hjá Myllunni tökum við Fjöregginu 2011 með þakklæti og stolti

Myllan fær verðlaunin fyrir framleiðslu og markaðsfærslu á trefjaríkum samlokubrauðum sem eru mikilvæg uppspretta trefja í fæði. Heilsustefna Myllunnar er einnig virk og framsækin. Samkvæmt henni dregur Myllan úr notkun salts, sykurs og óhollri fitu.

Fjöreggið 2011

Fjöreggið er viðurkenning sem veitt er matvælafyrirtækjum fyrir lofsvert framtak á sviði matvæla og næringar. Verðlaunin veita Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands með stuðningi frá Samtökum iðnaðarins.

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

Kynntu þér heilsustefnu Myllunnar á myllan.is

Kynntu þér upplýsta umfjöllun um kolvetni og trefjar á myllan.is

Fylgstu með okkur og taktu þátt í umræðunni á Facebook

föstudagur **Föstudags**viðtalið | Štefan Füle, stækkunarstjóri Evrópusambandsins

Plúsarnir verði fleiri en mínusarnir

Štefan Füle, stækkunarstjóri Evrópusambandsins, segist telja að hægt verði að taka tillit til sérstöðu og hagsmuna Íslands í aðildarviðræðunum sem nú fara fram. Hann vill ekki einblína á erfiðu kaflana, heldur beina líka sjónum að tækifærunum sem Íslandi bjóðist með ESB-aðild. *Ólafur Þ. Stephensen* ræddi við Füle, sem segir vanda evrusvæðisins hafa lítið með evruna sjálfa að gera.

Štefan Füle, stækkunarstjóri framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, heimsótti Ísland í gær og fyrradag og ræddi meðal annars við forsætisráðherra og utanríkisráðherra, samninganefnd Íslands í aðildarviðræðunum við ESB og utanríkismálanefnd Alþingis. Füle segist ánægður með þá fundi sem hann hafi átt hér, ekki sízt skoðanaskiptin við þingmennina í utanríkismálanefnd. Hann vilji að Alþingi taki virkan þátt og fylgist vel með aðildarviðræðunum.

„Ég vildi fullvissa þingmennina um að ég leitaði allra leiða til að koma til móts við sérstöðu og sérstaka hagsmuni Íslands, án þess að fara á svig við lög og meginreglur Evrópusambandsins," segir hann.

Füle segir að samningaviðræðurnar gangi vel og stjórnsýsla og samningamenn Íslands vinni af skilvirkni og fagmennsku. Hann segist taka undir það markmið Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra að hefja viðræður um alla 33 kafla löggjafar ESB í formennskutíð Danmerkur í sambandinu, það er fyrir miðbik næsta árs. „Ég heiti því að ég og samstarfsmenn mínir munum leggja okkur fram um að í formennskutíð Dana verði eins margir kaflar opnaðir og mögulegt er, ef ekki allir," segir Füle.

Hann segist sömuleiðis hafa biðlað til þingmannanna í utanríkismálanefnd um stuðning við að beina athyglinni ekki eingöngu að erfiðu köflunum, heldur ekki síður þeim tækifærum sem Íslandi bjóðist með ESB-aðild. „Ég vil sjá til þess að þegar þeir fara að telja saman plúsana og mínusana verði alltaf meira af plúsunum."

STEFAN FÜLE Framkvæmdastjóri stækkunarmála hjá ESB segir sambandið hafa fullan skilning á sérstöðu Íslands á sviði sjávarútvegs og landbúnaðar. Hann boðar enn fremur samráðsvettvang með Íslendingum um framtíðarþróun ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Áhrif á sjávarútvegsstefnuna

Spurður hvort Ísland sé ekki í sérkennilegri stöðu sem umsóknarríki, þar sem ríkisstjórnin sem sótti um aðild sé í raun klofin í afstöðu sinni til ESB, segist Füle bera fulla virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum og viðhorfum, bæði hjá íslenzkum stjórnmálamönnum og almenningi. „Ég horfi núna á þau 63 prósent Íslendinga sem samkvæmt könnunum vilja halda aðildarviðræðunum áfram," segir hann. „Að lokum verður það íslenzkur almenningur sem þarf að vega og meta hvort okkur hefur tekizt að færa góð rök fyrir því að Ísland eigi að verða aðildarríki ESB."

Hvernig viltu koma til móts við sérstöðu og hagsmuni Íslands í sjávarútvegsmálum án þess að það fari á svig við lög og reglur ESB? Íslendingar vilja áfram stjórna fiskveiðum við landið að sem mestu leyti. Hvernig rúmast það innan sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu?

„Sú sameiginlega stefna er í endurskoðun. Þegar við óskuðum eftir umsögnum og ráðleggingum um endurskoðunina fengum við hvað dýrmætast innlegg frá íslenzkum sérfræðingum. Við horfum mjög til jákvæðrar reynslu Íslands af sínu fiskveiðistjórnunarkerfi. Þetta mál mun að sjálfsögðu krefjast mikillar athygli og tíma. Framkvæmdastjórnin er að leggja lokahönd á stöðuskýrslu um endurskoðunina, sem aðildarríkin hafa enn ekki séð. Við höfum ekki heldur fengið að vita hver samningsafstaða Íslands er í þessu máli, þannig að það er heldur snemmt að tjá sig um það í smáatriðum, en á Íslandi þarf enginn að efast um að við skiljum að hér eru sérstakir hagsmunir á ferð og við virðum þá eins og við framast getum, innan ramma regluverks ESB."

Ertu að segja að aðildarviðræðurnar við Ísland geti í raun haft áhrif á endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar?

„Þær hafa haft það nú þegar á vissan hátt. Við höfum fengið mikilvægar tillögur frá Íslandi og reynum að læra ekki eingöngu af okkar eigin reynslu heldur líka reynslu annarra. Við horfum ekki aðeins þröngt á hagsmuni aðildarríkjanna heldur líka hagsmuni atvinnugreinarinnar sem slíkrar og hag fiskistofnanna. Íslendingum hefur tekizt vel að nýta fiskimiðin með sjálfbærum og ábyrgum hætti og við berum mikla virðingu fyrir því. Ég er sannfærður um að ný sjávarútvegsstefna, sem nú er til umræðu innan ESB, mun henta Íslandi betur.

Hvað um landbúnaðinn? Formleg samningsafstaða Íslands hefur ekki verið sett fram, en landbúnaðarráðherrann segir að eigi Ísland að ganga í ESB, verði að viðhalda þeirri tollvernd sem innlend framleiðsla nýtur. Er það raunsæ krafa?

„Það er raunsætt að fara fram á að við tökum tillit til sérstöðu Íslands og þeirra sérstöku aðstæðna sem landbúnaðurinn býr við í eyríki. Það er líka sanngjarnt að gera ráð fyrir að það séu bæði hagsmunir landbúnaðarins og íslenzkra neytenda að fjórfrelsið [frjálst flæði vöru, fólks, þjónustu og fjármagns] gildi um landbúnaðinn eins og aðrar atvinnugreinar."

Við höfum margoft fengið að heyra að gangi Ísland í ESB verði að hætta hvalveiðum. Er sú krafa studd einhverjum vísindalegum gögnum? Rannsóknir íslenzkra vísindamanna benda ekki til að hvalveiðar hafi nein neikvæð áhrif á hvalastofnana.

> Markmiðið með aðildarviðræðunum er sterkara Ísland og um leið sterkara Evrópusamband. Það er ekkert vit í neinni annarri niðurstöðu.

„Þetta tilheyrir kafla sem hefur ekki verið opnaður. Við skulum hefja viðræður og sjá hvar við stöndum. Á þessum tíma get ég sagt að hvalveiðar í atvinnuskyni samrýmast ekki löggjöf ESB um náttúruvernd. En ég vil ekki horfa á þetta mál frá því sjónarhorni að hér komi Brussel og þröngvi sínum sjónarmiðum upp á Ísland. Það fara líka fram umræður um hvalveiðar hér á Íslandi. Ég vona að í aðildarviðræðunum fari fram upplýst skoðanaskipti um þetta viðkvæma mál."

Alltaf tillit til þjóðarhagsmuna

Hvað segirðu um þá gagnrýni sumra andstæðinga ESB-aðildar Íslands að viðræðurnar séu ekki neinar samningaviðræður, heldur aðlögunarviðræður um það hvernig Ísland taki upp löggjöf ESB?

„Þegar ríki sækir um að ganga í ESB endurspeglar það vilja til að samþykkja lög og meginreglur sambandsins. Annars vegar er svarið þess vegna já; við erum ekki að semja um breytingar á löggjöf ESB. Ef Ísland verður aðildarríki er ekki víst að Íslendingar yrðu hrifnir af því að ríkið sem kæmi næst fengi fram alls konar breytingar á löggjöfinni sem þeir hefðu ekki fengið. En það þýðir hins vegar ekki að þetta séu ekki raunverulegar samningaviðræður. Þetta er erfitt og langdregið ferli, þar sem við aðstoðum umsóknarríkið við að laga stefnu sína og löggjöf að því sem gerist í ESB, en um leið tökum við sérstöðu og hagsmuni einstakra ríkja til greina.

Ef menn skoða sögu stækkunar ESB, hafa öll umsóknarríkin haft einhverja sérstöðu. Með fullri virðingu, þá er Ísland alls ekki eina ríkið sem er sér á parti. Evrópusambandið hefur alltaf virt slíka þjóðarhagsmuni, án þess að setja regluverk sambandsins úr skorðum, þannig að báðir aðilar græði á niðurstöðunni; bæði borgarar umsóknarríkisins og borgarar ESB.

Markmiðið með aðildarviðræðunum er sterkara Ísland og um leið sterkara Evrópusamband. Það er ekkert vit í neinni annarri niðurstöðu."

Ríkisstjórn Íslands ætlar hvorki að gera breytingar á löggjöf né stjórnsýslu vegna ESB-aðildar nema aðildarsamningur hafi verið samþykktur í þjóðaratkvæðagreiðslu. Er framkvæmdastjórn ESB sátt við þessa tilhögun?

„Ísland hefur árum saman átt aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og staðið sig frábærlega við að laga löggjöf sína og stofnanir að því sem gerist í Evrópusambandinu. Það sem hér skiptir raunverulega máli er að þegar til aðildar kemur, séum við sannfærð um að Ísland sé í stakk búið að takast á hendur bæði réttindi og skyldur sem fylgja ESB-aðild. Við nálgumst þetta bara á raunsæjan máta."

Vettvangur til að ræða þróun ESB

Ein meginröksemd stuðningsmanna ESB-aðildar er að þannig eigi Ísland möguleika á að fá stöðugan gjaldmiðil með upptöku evru. Nú er hins vegar mikið uppnám á evrusvæðinu. Geturðu lofað því að evran verði áfram einn af plúsunum við aðild og að evrusvæðið finni leið út úr vandræðunum?

„Ég get lofað því að framkvæmdastjórn ESB gerir sitt ýtrasta til að tryggja velgengni evrunnar. Núverandi ástand hefur ósköp lítið með evruna sem gjaldmiðil að gera. Hún er áfram sterk og henni fylgja sömu kostir og áður. Það eru ríki evrusvæðisins, sem glíma við óstöðugleika sem á rætur sínar í kerfislægum vanda," segir Füle.

Hann segist sannfærður um að hægt sé að bregðast við skulda- og ríkisfjármálavanda evrusvæðisins. „Ég er sannfærður um að evran verði áfram traustur viti fyrir ríki eins og Ísland."

En þurfa aðildarríkin að gefa eftir meira af fullveldinu til yfirþjóðlegra stofnana, til dæmis í skipulagningu ríkisfjármála?

„Hluti af áætlun okkar er að styrkja samstarfið, fyrst og fremst á milli landanna sem nota evruna. Það er hins vegar í hag allra aðildarríkjanna að það sé líka eitthvert samræmi í stefnu landanna sem ekki nota evru. Ég vil gjarnan að í aðildarviðræðunum við Ísland einblínum við ekki á regluverk ESB, þótt það sé tilgangur viðræðnanna, heldur búum okkur líka til vettvang til að deila með Íslendingum því sem er framundan á dagskrá ESB og evrusvæðisins og ræða þau mál í þaula. Það mun auka traust í viðræðunum enn frekar."

Upplýsingar eyði goðsögnum

Framkvæmdastjórnin ætlar fljótlega að opna upplýsingaskrifstofu í Reykjavík. Mun hún veita hlutlægar upplýsingar eða verður þetta einhliða áróður, studdur „fémútum" í formi styrkja, eins og landbúnaðarráðherra Íslands kallar það?

„Almáttugur, nei. Við tökum ekki afstöðu í umræðum á Íslandi. Við berum fulla virðingu fyrir mismunandi sjónarmiðum. Þegar að því kemur að Íslendingar taki ákvörðun þarf hún að byggjast á traustum, hlutlægum upplýsingum. Slíkar upplýsingar á skrifstofan í Reykjavík að veita; réttar upplýsingar um stefnu Evrópusambandsins til að svara þeim mörgu spurningum sem íslenzkur almenningur vill spyrja. Ég vona að þessi upplýsingastarfsemi eyði goðsögnum og vangaveltum um ESB."

Í HLUTLAUSRI NEYTENDAKÖNNUN *(ICRT)* ERU

10 af 12 BESTU SJÓNVÖRPUNUM

ALLS VORU PRÓFUÐ 50 SJÓNVARPSTÆKI

frá SAMSUNG

SAMSUNG
UE40D8005YU

SAMSUNG
LE40C755R2W

SAMSUNG
UE32C6715US

SAMSUNG
UE40C7705WS

SAMSUNG
UE40D6755XXE

ANNAÐ MERKI

SAMSUNG
UE40C6705US

SAMSUNG
LE32C535F1W

SAMSUNG
LE32D555K1W/XXE

ANNAÐ MERKI

SAMSUNG
LE37D555XXE

SAMSUNG
LE32D455G1/XXE

LOFORÐ ERU EITT – STAÐREYNDIR ANNAÐ

SAMSUNG SJÓNVÖRP hafa fengið mjög lofsamlega dóma um heim allan fyrir nýstárlega og fullkomna tækni og frábær myndgæði. Við hjá **SAMSUNG SETRINU** og **ORMSSON** höfum þess vegna leyft okkur að fara með all hástemmt lof um SAMSUNG sjónvörpin í auglýsingum okkar – enda full ástæða til.

Aðrir seljendur hafa auðvitað borið lof á þeirra merki í sínum auglýsingum en hér liggjur fyrir niðurstaða í gæðakönnun, sem unnin var af **ICRT** (International Consumer Research & Testing) og birt er í september hefti **Neytendablaðsins** á þeim 32–43 tommu sjónvörpum sem í boði eru hérlendis.

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON

VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

KVIKA

skoðun

greinar@frettabladid.is

Tillögur stjórnarandstöðu eru ekki trúverðugar.

Ósjálfbært plan

Stærstu stjórnarandstöðuflokkarnir lögðu í vikunni fram tillögur í efnahagsmálum. Bæði Framsókn og Sjálfstæðisflokkurinn halda því fram að tillögurnar eigi á trúverðugan hátt að tryggja sjálfbærni í ríkisrekstri. Af lestri þeirra er vandséð að svo verði.

Framsókn setur fram loðnar tillögur til lausnar á skuldavanda heimila. Flokkurinn vill að fjármálastofnanir nýti svigrúm til almennra leiðréttinga skulda, sem þær eru þegar að mestu búnar að gera. Hann vill líka að verðtrygging verði afnumin án þess að taka neina afstöðu til þess hvaða gjaldmiðli þjóðin eigi að lifa með. Þess í stað eigi að „kanna framtíðarkosti í gjaldmiðlamálum“.

Afnám verðtryggingar án aflagningar íslensku krónunnar myndi éta upp eignir lífeyrissjóða. Þá þyrfti annaðhvort að hækka iðgjöld eða skerða lífeyrisgreiðslur. Sá kostnaður myndi lenda á almenningi.

SKOÐUN
Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Sjálfstæðisflokkurinn vill að „sett verði fram trúverðug efnahagsstefna sem miðar að sjálfbærum ríkisrekstri“. Til að ná þessari sjálfbærni leggur flokkurinn meðal annars til að láta 110%-leiðina miðast við fasteignamat í stað markaðsvirðis. Ef sú leið dugar ekki vill Sjálfstæðisflokkurinn að skuldurum verði „heimilt að afsala fasteign sinni til viðkomandi fjármálastofnunar. Falli þá niður allar kröfur á skuldara vegna húsnæðis“.

Ef stærstu lánveitendur húsnæðislána væru einkaaðilar í áhætturekstri væru tillögurnar góðar og gildar. Þá myndu bankarnir og eigendur þeirra taka höggið. Vandamálið við þær er að langstærsti lánveitandinn er Íbúðalánasjóður, í eigu og á ábyrgð íslenska ríkisins. Ríkissjóður hefur þegar lagt 33 milljarða króna inn í sjóðinn til að mæta afskriftum. Til viðbótar þarf hann 12-16 milljarða króna á þessu ári. Seðlabankinn hefur mótmælt harðlega báðum þessum leiðum þar sem þeir tugir milljarða króna sem greiða niður „leiðréttingarnar“ myndu nánast allir koma úr ríkissjóði skattgreiðenda.

Samhliða þessum gríðarlega kostnaðarauka ætlar Framsókn líka að lækka almenna skatta og veita annars konar skattaafslætti, en tilgreinir ekki nákvæmlega hvernig. Flokkurinn vill líka stórefla opinberar framkvæmdir en segir ekki hvaðan peningarnir í þær eiga að koma. Sjálfstæðisflokkurinn gengur enn lengra og vill draga allar skattahækkanir ríkisstjórnarinnar til baka. Hann ætlar að veita fyrirtækjum alls konar hvataívilnanir og eyða 22,6 milljörðum króna í opinberar framkvæmdir á næstu tveimur árum. Þær á að fjármagna með 17,6 milljarða króna lækkun á ríkisútgjöldum. Rúmlega 90% af þeirri lækkun eiga að koma til vegna þess að fólk „fer af atvinnuleysisbótum og í vinnu“. Ein þeirra leiða sem eiga að eyða atvinnuleysinu er að „aðilar vinnumarkaðarins taki yfir málefni Vinnumálastofnunar“.

Tillögurnar eru ekki alvondar. Báðir flokkar vilja efla aðhald með ríkisbúskapnum og skera niður útgjöld. Framsókn vill meira að segja banna það með lögum að reka ríki og sveitarfélög með halla. Þarna er líka að finna ágætis leiðir til að koma efnahagslífinu aftur af stað og mynda hagvöxt. En þorri tillagna flokkanna er hraðsoðinn og lyktar af lýðskrumi. Í þeim er tekið tillit til væntinga nánast allra háværra sérhagsmunahópa en algjörlega litið framhjá heildarmyndinni. Þær skortir skynsemi og jarðtengingu. Þær eru ósjálfbærar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

RICOH
Aficio MP C300 með skáp.
A4 litaljósritunarvél, prentari & skanni. Skannar og sendir beint í tölvupóst. 30 síður/mínútu í lit og svart/hvítt. Matari og duplex.
Sértilboð Takmarkað magn
kr. 499.900.- með vsk.
eða
borgaðu pr. eintak: Svart 4 kr og litur 12 kr
m.v. 4.000 eintök í 60 mánuði (75% svart / 25% litur)
STOFNAÐ 1953
OPTIMA
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000
www.optima.is
Aukabúnaður á mynd: 3 skúffueiningar

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekki endilega ál

Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hóf utandagskrárumræðu á Alþingi 11. október. Þar var til umræðu skýrsla um efnahagsleg áhrif af rekstri Landsvirkjunar fram til ársins 2035. Jón fagnaði skýrslunni mjög og þeirri vinnu sem farið hefði fram hjá Landsvirkjun undanfarin ár. „Ástæðan fyrir því að hægt er að horfa núna víðar í sölu á raforkunni er sá infrastrúktúr og þeir innviðir sem hafa verið byggðir upp og sú stefna sem fylgt hefur verið.“ Sem sagt, hægt er að horfa víðar en bara til álvera og það er hið besta mál.

En samt helst álið

Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hóf utandagskrárumræðu á Alþingi í gær. Þar var til umræðu ákvörðun Alcoa að reisa ekki álver á Bakka. Þar fann hann Landsvirkjun allt til foráttu fyrir að opna viðræður um orkusölu í Þingeyjarsýslum fyrir öðrum aðilum en álframleiðandanum. Ljóst væri að þar réði pólitískur þrýstingur. Álið er sem sagt þrátt fyrir allt málið hjá Jóni Gunnarssyni.

Vinsæl hjá Vinstri grænum

Viðskiptablaðið gerir könnun á stuðningi við Jóhönnu Sigurðardóttur sem formann Samfylkingarinnar. Athygli vekur að Jóhanna er vinsælli formaður Samfylkingarinnar hjá Vinstri grænum en eigin flokksmönnum. Alls treysta 43,4 prósent þeirra Vinstri grænu sem spurð voru henni best til formennskunnar, en aðeins 36,1 prósent hennar eigin flokksmanna. Kannski Jóhanna sé í vitlausum flokki? Erfðaprinsinn hlýtur hins vegar að vera fundinn; af þeim sem svara óháð stjórnmálaskoðunum nýtur Guðbjartur Hannesson 38,6 prósenta stuðnings en Jóhanna aðeins 14,9 prósenta.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR

Plan B: Amma borgar

Fjármál

Kristinn H. Gunnarsson
fv. alþingismaður

Ritari Framsóknarflokksins heldur því fram í aðsendri grein í Fréttablaðinu að verðtryggingu hafi verið komið á til þess að steypa fólki í skuldir með hjálp verðtryggingarinnar. Þarna er staðreyndum snúið á haus. Verðtryggingu var komið á til þess að koma í veg fyrir að skuldarar, meðal annars þeir sem reistu sér hurðarás um öxl, gætu fyrir tilstilli verðbólgunnar komið sér undan því að greiða skuldina.

Fyrir daga verðtryggingarinnar var reikningurinn sendur til gamla fólksins, til ömmu, sem þá eins og nú, átti peningana sem bankarnir voru að lána. Undir forystu formanns Framsóknarflokksins, Ólafs Jóhannessonar, var verðtrygging lögfest árið 1979, enda var allur sparnaður, undirstaða lánsviðskipta, að hrynja í landinu. Verðtryggingin býr ekki til neinar skuldir, en tryggir að lántakandinn endurgreiði þau verðmæti sem hann fékk að láni. Það er hægt að lána fé án verðtryggingar, en skuldararnir greiða alltaf svipaða upphæð að lokum, vextirnir heita bara öðrum nöfnum. Þess vegna munu óverðtryggð kjör ekki lækka skuld eða vaxtakostnað. Það er blekking sem haldið er að fólki um þessar mundir að óverðtryggð kjör þýði kjarabót fyrir skuldara. Hið gagnstæða er líklegra, vextir hafa hingað til verið hærri af óverðtryggðum lánum.

> Það er blekking sem haldið er að fólki um þessar mundir að óverðtryggð kjör þýði kjarabót fyrir skuldara.

Frá janúar 2000 til 2008 hækkaði fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu um 169%, en verðtrygging skulda var á sama tíma aðeins 45%, aðeins fjórðungur af eignahækkuninni. Frá janúar 2008 hefur dæmið snúist við, fasteignir hafa lækkað um 10% en verðbólgan hefur verið 35%. Engu að síður er hækkun eigna yfir allt tímabilið 142% og verðbólgan 96%. Skuldirnar þyrftu að hækka til þess að haldast í hendur við verðhækkun eignanna. Hver er vandinn við verðtryggingu lánsfjár?

Það fer hins vegar ekki á milli mála að Eygló Harðardóttir boðar að afnám verðtryggingar eigi að lækka skuldir. Það verður þá einhver að borga reikninginn. Þar horfir ritari Framsóknarflokksins til sparifjáreigenda og eigenda lífeyrisréttinda. Reikningurinn verður ekki sendur þeim sem högnuðust á gífurlegri verðhækkun fasteigna heldur til ömmu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Augað í tölvunni

Í DAG

Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur

Um miðbik seinustu aldar voru margir rithöfundar og leikstjórar uppteknir af hættu á fasistastjórnum. Bækur á borð við 1984, Brave New World og Fahrenheit 451 sýndu alumlykjandi ríkisstjórnir sem fylgdust með öllu og stjórnuðu flestu. Þær réðu hver mætti sofa hjá hverjum. Þær settu myndavélar og hljóðnema heim til allra. „Stóri bróðir fylgist með þér," var sagt.

Til allrar lifandi lukku hafa þessar sýnir listamannanna ekki ræst, alla vega ekki í okkar heimshluta. En það er kannski eilítið skoplegt hve langt í átt til eftirlitssamfélagsins við sem neytendur höfum teygst, algjörlega af fúsum og frjálsum vilja. Við komum fyrir nettengdum njósnamyndavélum heima hjá okkur. Við göngum með hljóðnema og staðsetningartæki á okkur. Svo látum við alla vita hvar við erum og hvað við erum að gera og hugsa, bara til öryggis.

Langflestar fartölvur eru með innbyggðum myndavélum og hljóðnemum. Það er hægt að láta þessi tæki senda myndir og hljóð þótt við vitum ekki af því og það hefur verið gert. Óprúttnir aðilar hafa tekið myndir á vefmyndavélar fólks að því forspurðu. Það hafa ríki líka gert. Nú síðast fréttist af því að lögreglan í Þýskalandi hefði notað slíkar aðferðir við gagnaöflun í sakamáli.

Samsæriskenningar?

Nú er ég almennt lítið fyrir hvers kyns samsæriskenningar, sérstaklega þær sem krefjast samstarfs fjölmargra manna í ólíkum ríkjum, fyrirtækjum eða stofnunum. En það er auðvitað verulega mikill munur á fullyrðingum á borð við „Bandaríkjastjórn lagði á ráðin með Al-Kaída til að ráðast á Pentagonið" eða „það eru til pervertar sem kunna að forrita". Sú fyrri finnst mér fremur hæpin, sú síðari mjög sennileg.

Einhverjir ótíndir tölvuþrjótar eru ekki eina hugsanlega vandamálið. Fyrirtæki á borð við Google, Facebook og Microsoft eru í dag voldugri en margar ríkisstjórnir. Þau hafa aðgang að tölvupósti stórs hluta mannkyns og búa yfir upplýsingum um hvar hver og einn er, hver áhugamál hans eru og hvað hann er að gera. Hættan á misnotkun þessara upplýsinga er ekki minni þótt um sé að ræða fyrirtæki en ekki ríkisstjórnir.

Þá er sterk markaðsstaða þeirra auðvitað gríðarlegt vopn. Hugsum okkur að Google færi á hliðina. Allur tölvupóstur, allar ljósmyndir og allt annað sem það fyrirtæki geymir ætti á hættu á að glatast. Kæmi ekki fram krafa um að bjarga þessu? Er Google kannski orðið „of stórt til að falla"?

Hafi maður einhverjar kröfur á ríkisvaldið í þessum efnum þá er það auðvitað að sjá til að almennar leikreglur séu til, og að þær séu virtar. En smæð ríkja er auðvitað ekki kostur þegar kemur að því að setja stórum alþjóðlegum fyrirtækjum stólinn fyrir dyrnar. Ef lög myndu til dæmis banna Google að lesa tölvupóstinn manns myndi það sennilega ekki hafa önnur áhrif en þau að lokað yrði fyrir Gmail hérlendis.

Annað dæmi: Það er brýnt að skera upp herör gegn hvers kyns svæðislæsingum á tónlist og afþreyingu sem í reynd hafa skapað kerfi einkarekinna tollsvæða. En hér dygðu lög eins ríkis skammt. Það þyrfti samstarf fleiri ríkja, t.d. allra ríkja Evrópusambandsins, til að slíkt bann við svæðislæsingum og annarri vitleysu hefði einhverja vigt.

Með njósnum gegn frelsi

Fá ef nokkur dæmi má nefna af því að íslenska ríkið hafi með löggjöf reynt að tryggja frelsi borgaranna á netinu. Almennt finnast fá dæmi um áhuga stjórnvalda á netmálum almennt, ef frá er talin gagnrýnislaus innleiðing flestra stefnumála höfundarréttarlobbýista inn í íslenska löggjöf og svo auðvitað skipulögð óbeit löggjafans á nafnlausum kommentum. Sú síðarnefnda stefnir í raun að því að skylda síðueigendur til að njósna um notendur sína, í stað þess að banna að slíkt sé gert. Þetta nafnleyndarhatur er annars hættulegt. Nafnlaus skrif eru oft eina leiðin til að ýta óvinsælum, illa þóknanlegum málum af stað. Sagan geymir mörg dæmi.

Netið skapar gríðarlegt frelsi. En netið getur hæglega breyst í kúgunartól í höndum stjórnvalda eða annarra ef við förum ekki að með gát. Þar sem ég sit tel ég þrjá hljóðnema, tvær myndavélar, þrjá útvarpssenda og eitt staðsetningartæki. Hvað með ykkur?

Viljum við þetta?

Heilbrigðismál

Svava K. Egilson
aðstandandi

Ég tel mig vera jákvæða og lífsglaða manneskju og reyni eftir fremsta megni að líta jákvætt á þær aðstæður sem á vegi mínum verða. Ég hef ekki viljað vera með stór orð í garð ráðamanna því ég tel mig ekki hafa betri ráð og forðast að gagnrýna þær ákvarðanir sem teknar hafa verið í þessu þjóðfélagi.

En þegar málin snerta mann beint og maður kemst í þær aðstæður að einu svörin sem maður fær eru niðurskurður og því miður…

Við að heyra þær fréttir að loka ætti líknardeildinni á Landakoti varð mér allri lokið. Hvað er í gangi?

Fárveikt fólk er sent heim, þar sem makinn (oftast kominn yfir sjötugt eða jafnvel áttrætt) á að vera á 24 tíma vakt – jú, hann fær símanúmer til að hringja í þegar eitthvað kemur upp á og öryggishnapp ef hann ræður ekki við aðstæður. Börnin sem eru í fullri vinnu við að reyna að halda sínum heimilum gangandi eiga að taka vaktina annað slagið og versla inn.

En þetta gengur bara ekki upp, makinn sem er kannski nokkuð hress endist ekki til lengdar ósofinn og félagslega vannærður, hann gefst hreinlega upp. Og þetta endar með því að sjúklingarnir verða tveir sem þurfa umönnun í stað eins.

Og viljum við hafa þetta svona? Að það sé ekki pláss fyrir okkur þegar við höfum klárað lífsstarfið og erum að bíða eftir lokaferðalaginu sem er það eina örugga í lífinu. Er það ekki eitt af því mikilvægasta að við fáum að kveðja með reisn og finna að við eigum stað sem tekur á móti okkur þegar lífskraftinn þrýtur?

Ég held að við séum öll sammála því að þessi þáttur í þjóðfélaginu verður að vera í lagi, þ.e. að heilbrigðiskerfið okkar sé traust og að vel sé tekið á móti okkur þegar við þurfum á því að halda.

Það er mín tilfinning að það sé verið að gera breytingar til þess eins að það sé verið að gera eitthvað, burtséð frá því hvort það sé hagkvæmt eða skynsamlegt. Að loka einni stofnun og ætla að sameina hana annarri sem er nú þegar full er ég ekki að skilja. Ef við erum raunsæ í þessu þá hættum við ekki að veikjast og deyja. Við gætum jú tekið upp þann hátt eins og t.d. á bílaverkstæðum, að þegar það borgar sig ekki að gera við, þá erum við send í Vöku.

> Við að heyra þær fréttir að loka ætti líknardeildinni á Landakoti varð mér allri lokið.

Ég tek ofan fyrir þeim sem velja sér það ævistarf að hlúa að öðrum og vona að þeir haldi það út að vinna hér áfram, því að með hverri uppsögn bætist sú vinna á þá sem eftir eru.

Hugum að því sem skiptir máli og hættum að eltast við sýndarmennsku.

Bólusetning gegn leghálskrabbameini

Heilbrigðismál

Jakob Jóhannsson
krabbameinslæknir

Á hverju ári greinast um það bil 14 konur með leghálskrabbamein hér á landi samkvæmt krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands. Til að krabbamein myndist í leghálsi verður slímhimnan þar að hafa sýkst af svo kölluðum vörtuveirum (á ensku Human Papilloma Viruses, HPV), að öðrum kosti myndast ekkert krabbamein.

Þekktar eru yfir 120 mismunandi gerðir af vörtuveirum en langflestar þeirra valda venjulegum vörtum í húð sem eru hættulausar. Nokkrar þessara gerða vörtuveira geta valdið krabbameini í leghálsi. Af þeim eru tvær gerðir sem orsaka 60% til 70% allra krabbameina þar og kallast þær vörtuveirur 16 og 18. Í dag eru til tvö bóluefni sem virka gegn vörtuveirum 16 og 18. Ef allar stúlkur væru bólusettar hér á landi með öðru hvoru þessara bóluefna mætti fækka tilfellum af leghálskrabbameinum úr 14 á ári allt niður í fjögur tilfelli á ári. Á þessum grunni hefur velferðarráðuneytið ákveðið að bjóða öllum stúlkum sem eru 12 og 13 ára á þessu ári bólusetningu gegn þessum veirum, þeim að kostnaðarlausu. Í framhaldi af því verður síðan árlega öllum 12 ára stúlkum boðið upp á þessa bólusetningu.

Ef þátttakan í bólusetningunum verður almenn er möguleiki á að fækka dauðsföllum vegna leghálskrabbameins. Á hverju ári deyja tvær konur úr leghálskrabbameini. Konurnar eru ungar en meðalaldur þeirra við greiningu er 44 ár. Til samanburðar er meðalaldur þeirra kvenna sem greinast með brjóstakrabbamein 61 ár.

Almenn bólusetning hefur því getu til að forða þeim konum sem annars mundu greinast með leghálskrabbamein frá þeirri erfiðu lífsreynslu sem því fylgir ásamt því að draga úr dánartíðni af völdum þessa sjúkdóms. Bólusetning fækkar einnig tilfellum af forstigsbreytingum leghálskrabbameins en vörtuveirur 16 og 18 eru orsakavaldar hluta þeirra. Margar konur sem greinast með forstigsbreytingar þurfa á meðferð að halda við þeim en almenn bólusetning mundi koma í veg fyrir það. Þessar tvær gerðir vörtuveira valda einnig öðrum sjaldgæfari krabbameinum eins og krabbameinum í koki, leggöngum og endaþarmsopi.

Heilbrigðisyfirvöld geta ekki farið af stað með útdeilingu á ókeypis bóluefnum til stúlkna nema að minnsta kosti þremur spurningum er svarað játandi. Er hagkvæmt fyrir þjóðfélagið að 12 ára stúlkur hér á landi verði bólusettar þeim að kostnaðarlausu? Virka bóluefnin? Eru þau örugg? Hagkvæmni athugun hefur þegar farið fram á vegum Landlæknisembættisins þar sem sýnt var fram á að það að bólusetja allar 12 ára stúlkur á hverju ári á kostnað hins opinbera er hagkvæmt fyrir þjóðfélagið. Var þá bæði tekið tillit til sparnaðar í beinhörðum peningum og til þeirra lífsgæða sem vinnast með því að forða konum frá því að greinast með leghálskrabbamein.

Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á bóluefnunum hafa sýnt fram á að þau virka nánast 100% þegar um forstigsbreytingar að leghálskrabbameini með sýkingu af vörtuveirum 16 og 18 er að ræða en forstigsbreytingar eru nauðsynlegur undanfari myndunar á krabbameini. Bóluefnin eru því mjög virk gegn leghálskrabbameini og enn sem komið er bendir allt til að sú virkni haldist.

Aukaverkanir eru fyrst og fremst tengdar stungustað eins og hjá öðrum bóluefnum en fram getur komið m.a. roði og bólga í húðinni á stungustaðnum. Ekki er vitað um alvarlegar aukaverkanir né dauðsföll tengd bólusetningum gegn leghálskrabbameini. Bóluefnin eru því örugg.

Þróunin heldur áfram. Á alþjóðlegri ráðstefnu krabbameinslækna sem haldin var í Stokkhólmi í september á þessu ári kom fram að rannsóknir eru í gangi á bóluefni sem ekki eingöngu virkar gegn vörtuveirum 16 og 18 heldur einnig til fleiri gerða vörtuveira sem valda leghálskrabbameini. Fram kom að vonir eru um að með því verði jafnvel hægt að útrýma leghálskrabbameini með fyrirbyggjandi aðgerðum bólusetningar í nánustu framtíð.

Um leið og mælt er með að foreldrar og forráðamenn láti bólusetja stúlkur hér á landi er hvatt til árvekni hvað varðar leghálskrabbamein með því meðal annars að halda áfram leit að leghálskrabbameini á vegum leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands. Enn sem komið er nær bólusetningin ekki til þeirra gerða vörtuveira sem valda 30% til 40% leghálskrabbameina hér á landi þó þróunin bendi til að þess verði ekki langt að bíða.

> Ef þátttakan í bólusetningunum verður almenn er möguleiki á að fækka dauðsföllum vegna leghálskrabbameins. Á hverju ári deyja tvær konur úr leghálskrabbameini.

Sátt um kvótakerfi

Sjávarútvegsmál

Magnús Orri Schram
alþingismaður

Grunnatriði við endurskoðun kvótakerfis er að breyta „eignarrétti“ útgerðarmanna í nýtingarsamninga. Þá er mikilvægt að tryggja að hér sé áfram rekinn öflugur iðnaður á viðskiptalegum forsendum sem skilar miklum verðmætum í þjóðarbúið. Um leið þarf þjóðin að fá verulega hlutdeild í arðinum sem nýtingin skapar. Við endurskoðun er ekki hægt að horfa framhjá því að núverandi kvótahafar hafa að einhverju leyti keypt kvóta á markaði og þar með lagt út fyrir væntum ávinningi af nýtingu auðlindar. Að sama skapi verða útvegsmenn að skilja kröfu almennings að fá til sín verulega stóran hluta af arði auðlindarinnar.

Tvær leiðir eru í boði. Annars vegar er hægt að leggja verulega háan skatt á þann arð sem myndast við nýtinguna. Fyrirtæki í sjávarútvegi skila hagnaði og af honum greiða þau tekjuskatt eins og önnur fyrirtæki í landinu. Þjóðin á hins vegar tilkall til þess umfram hagnaðar sem myndast og er umfram eðlilega ávöxtun fjármagns. Þjóðin á sem sagt með réttu að fá til sína stærsta partinn af þessum „auðlindahagnaði“ – og væri eðlilegt að það væri allt að 70%. Hinn valkosturinn er að setja kvótann á markað smátt og smátt og útvegsmenn settu inn tilboð í kvóta á markaði og tekjurnar myndu renna til þjóðarinnar.

Ef kvótinn yrði fyrndur um t.d. 3% á ári hverju, væri komið til móts við rekstraröryggi fyrirtækjanna og rétt verðmat myndi fást á kvótann. Slík afskrift væri í línu við afskriftir annarra fastafjármuna fyrirtækja. Opinn tilboðsmarkaður myndi kalla fram sanngjarnt afgjald og þjóðin myndi fá arð auðlindar til sín. Lág afskriftarprósenta tryggir rekstraröryggi fyrirtækjanna.

Breytingar á kvótakerfinu mega ekki draga úr verðmætasköpun en pólitísk handstýring vinnur gegn markmiðum um arðsemi. Báðar hugmyndirnar hér að framan gefa útgerðinni möguleika til að hámarka afrakstur auðlindarinnar en veita almenningi verulega mikla hlutdeild í þeirri arðsemi. Tekjurnar sem myndast eiga svo að nýtast til að styðja nýsköpun og samkeppnishæft atvinnulíf út um land.

> Breytingar á kvótakerfinu mega ekki draga úr verðmætasköpun en pólitísk handstýring vinnur gegn markmiðum um arðsemi.

A og B, guðfræði, hagfræði og ABBA

Stöðuveitingar

Hákon Þór Sindrason
viðskipafræðingur og rekstrarhagfræðingur

Góð vísa er sjaldan of oft kveðin eins og amma var vön að segja og hér er eitthvað úr fyrri skrifum höfundar sett í nýjan búning. Tilefnið er meðal annars að þrjú ár eru liðin frá hruni, fyrirheit stjórnvalda í kjölfar þess voru meðal annars um upplýstara og gegnsærra þjóðfélag. Mjög miklu er ennþá ábótavant og svokölluð B vinnubrögð og spilling er algeng. Hægt er að skoða tvö þjóðfélög A og B og spyrja sig hvoru muni vegna betur og borgurum þess.

Í þjóðfélagi A er ráðið í stöður eftir hæfni viðkomandi þar sem menntun og reynsla er talin nauðsynleg til ákveðinna starfa. Ákveðið jafnræði er milli kynja og skoðana og skilningur á að eftir höfðinu dansa limirnir. Hér er átt við að stjórnendur og hæfni þeirra hafa áhrif á allt fyrirtækið eða stofnunina, og þar með framleiðni. Slíkt þjóðfélag ræður til að mynda guðfræðing til starfa í kirkju til að messa yfir hjörðinni, og myndi því ekki velja hagfræðing eða sálfræðing með djáknapróf þrátt fyrir trúarhita og ræðuleikni.

Í þjóðfélagi B er minni áhersla á að sá hæfasti sé ráðinn í hverja stöðu. Stöðuveitingar ráðast oft af tengslum ættar, einhverskonar hagsmunum eða jafnvel pólitískum skoðunum viðkomandi. Stöður eru jafnvel athvarf fyrir fyrrverandi stjórnmálamenn eða leiðitama ungliða. Það er mjög oft á kostnað fagmenntunar tilheyrandi starfa og getur átt við allt frá stöðuveitingum í opinberum fyrirtækjum til dómskerfis. Slíkt þjóðfélag myndi jafnvel ráða guðfræðing til að hafa yfirumsjón með hinum verðmæta eignarhlut ríkisins, og þar með fólksins, í bönkunum. Það væri meira að segja þrátt fyrir að viðkomandi hefði áður komið að einkavæðingu og sölu þessara sömu banka, þar sem mjög vafasamri aðferðafræði við sölu var beitt. Þessir sömu bankar urðu báðir gjaldþrota!

Það á að vera skýlaus krafa í upplýstu lýðræðisþjóðfélagi að hæfasta fólkið með tilheyrandi fagmenntun og reynslu sé jafnan ráðið til starfa hverju sinni. B ráðningarnar og vinnubrögð hafa í tímans rás kostað þjóðfélagið hundruð eða jafnvel þúsundir milljarða. Ég geng reyndar reyndar svo langt að telja að þetta hafi verið ein af orsökum hrunsins. Vanhæfir stjórnendur eru ein af ástæðum þess að Íslendingar þurfa að vinna meira og lengur en aðrar þjóðir til að halda uppi góðum lífskjörum.

> Vanhæfir stjórnendur eru ein af ástæðum þess að Íslendingar þurfa að vinna meira og lengur en aðrar þjóðir ...

Það að afleggja B vinnubrögð er hagur fólksins og framtíðarhagur þjóðfélagsins og krafa framtíðarinnar, það er komi tími til að segja stopp. Vilt þú tilheyra A eða B? Af hvorri tegundinni verður hið nýja Ísland?

Svo slegið sé á léttari strengi þá er það stundum ágætt meðal frá ruglinu í þjóðfélaginu að setja ABBA á fóninn í bílnum þegar lagt er af stað í daginn, í stað þess að hlusta á umfjallanir á öldum ljósvakans af nýjum spillingarmálum, gjaldþrotum og slíku. Þetta ráð fékk höfundur í ágætu erindi hjá Margréti Kristmundsdóttur á fundi Samtaka atvinnulífsins nýverið. Greinin var einnig send hæstvirtum fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra, ásamt tengli á ABBA-lagið „Money, Money, Money“. Þeir fara jú ásamt öðrum með ráðstöfun peninga okkar, þar með talið til mannaráðninga!

Hvað varð um símapeningana í stækkun Landspítalans?

Nýr Landspítali

Gunnar Svavarsson
verkfræðingur í byggingarnefnd Landspítala

Ein af fjölmörgum spurningum sem berast vegna fyrirhugaðrar stækkunar á Landspítala er um símapeningana eða í raun fullnustu laga nr. 133/2005. Lögin snérust um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., en í 3. gr. laganna segir að verja skuli samtals 18.000 milljónum kr. til uppbyggingar Landspítala – háskólasjúkrahúss á lóð stofnunarinnar við Hringbraut í Reykjavík.

Þá þegar á árinu 2005 var í fjáraukalögum heimild á fjárlagalið 08-376, Bygging sjúkrahúss á lóð Landspítalans. Þar til lög nr. 64/2010, um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík voru samþykkt samhljóða á Alþingi, voru fjárheimildir ætíð samþykktar af Alþingi í fjárlögum hvers árs á fjárlagalið 08-376, enda er það í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997.

En hvað um símapeningana? Söluandvirðið, 66,7 milljarðar króna, miðaðist við gengisskráningu Seðlabanka Íslands 27. júlí 2005. Skyldi greiðslan fara fram innan 5 virkra daga frá því að niðurstaða Samkeppniseftirlitsins lægi fyrir og að því gefnu að stofnunin samþykkti söluna fyrir sitt leyti.

Samkeppniseftirlitið tilkynnti með bréfi, dags. 30. ágúst 2005, að stofnunin gerði ekki athugasemdir við söluna. Þann 6. september 2005 greiddu Skipti ehf. ríkissjóði kaupverð hlutafjár ríkisins í Símanum í samræmi við ákvæði kaupsamnings og fengu eignarhlutinn í Símanum afhentan.

Hin fyrrgreindu lög nr. 133/2005 um ráðstöfun fjárins gerðu ráð fyrir að 43 milljörðum yrði ráðstafað til verkefna í tengslum við söluna á Landsímanum, m.a. umræddar 18.000 milljónir í stækkun Landspítalans. Fjármagn á fjárlagaliðnum sem notað hefur verið, í hönnun og skipulag verkefnisins, frá árinu 2005 nemur um 945 milljónum (miðað við verðlag hvers árs). Það er því eðlilegt að spyrja hvað varð um mismuninn á 18.000 og 945.

Lögin um ráðstöfunin á símapeningunum voru afnumin

Við þann forsendubrest sem var staðfestur á haustmánuðum 2008, samþykkti Alþingi lög nr. 173/2008 um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þar eru einfaldlega hin fyrri sértæku lög um ráðstöfun símapeninganna felld úr gildi. Í 13. gr. segir „Lög um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., nr. 133/2005, eru felld úr gildi“.

Í almennum skýringum með lögunum segir m.a. að í frumvarpinu sé lagt til að lög um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., verði felld úr gildi, sé það vegna gjörbreyttra aðstæðna í efnahagslífi þjóðarinnar frá því að lögin voru sett. Þykir réttast að fella lögin hreinlega úr gildi og að ákvarðanir um fjármögnun framkvæmda og verkefna sem þar er fjallað um verði teknar árlega á vettvangi fjárlaga.

En hvað varð þá um símapeningana? Það sem eftir stóð af söluandvirðinu hefur orðið hluti af ráðstöfunarfé ríkissjóðs frá og með áramótum 2008/2009. Í raun voru símapeningarnir alltaf hluti af ríkissjóði og eftir að sérlögin voru felld úr gildi var þessum fjármunum ráðstafað í samræmi við fjárheimildir í fjárlögum hverju sinni. Birt er niðurstaða þess í ríkisreikningi ár hvert.

Núverandi heimildir um stækkun Landspítala byggja á lögum nr. 64/2010 en þar er gefin heimild til að standa að nauðsynlegum undirbúningi og láta bjóða út stækkun Landspítala við Hringbraut. Þá er það skýrt í lögunum að fyrir undirritun samninga að loknu útboði skal leita samþykkis Alþingis með almennum lögum.

KRÓNAN

Fullt af bökunarvörum í Krónublaðinu

FRÁBÆRT VERÐ

30% afsláttur

998 kr. kg
Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Grísakótilettur, magnpakkning

40% afsláttur

998 kr. kg
Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísagúllas eða snitsel

40% afsláttur

2298 kr. kg
Verð áður ~~3849~~ kr. kg
Ungnautapiparsteik, erlend

898 kr. kg
Krónu kjúklingaleggir, í appelsínu og engifer marineringu

498 kr. kg
Krónu kjúklingavængir, í appelsínu og engifer marineringu

498 kr. kg
Krónu kjúklinga Hot Wings

Nýtt!

598 kr. pk.
Krónu smurbrauð, 3 tegundir

849 kr. pk.
Krónu sushi, 8 bitar í pk.

396 kr. stk.
Lucky Charms, 326 g

198 kr. stk.
Egils Mix, 2 l

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Lindum | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi

Forsendur liggja fyrir – vilji er allt sem þarf

Sjávarútvegsmál

Ólína Þorvarðardóttir
alþingismaður

Fiskveiðifrumvarp Jóns Bjarnasonar bíður nú frekari átekta eftir að fjölmargar athugasemdir hafa komið fram við frumvarpið í meðförum sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar þingsins í sumar. Þó að margir umsagnaraðilar hafi lýst sig sammála markmiðum frumvarpsins gera allir verulegar athugasemdir við framsetningu þess og útfærslur. Á það jafnt við um þá sem eru á móti fyrirhuguðum breytingum sem og stuðningsmenn áformaðra breytinga á núverandi kvótakerfi.

Hörðustu andstæðingar frumvarpsins hafa gengið svo langt að segja að það eigi best heima í ruslakörfunni, það eigi að „rífa“, því skuli „fleygja“. Þeir sem þannig tala segjast vilja byrja alveg upp á nýtt „á forsendum samningsleiðarinnar“ eins og það er orðað af fulltrúum stjórnarandstöðu, LÍÚ og SAA. Er þar verið að vísa til niðurstöðu samráðsnefndarinnar sem stundum hefur verið kölluð „sáttanefndin“. Hún var skipuð hagsmunaaðilum í sjávarútvegi og fulltrúum allra flokka og átti margra mánaða samráð á síðasta og þarsíðasta ári, í aðdraganda þess að frumvarpið var skrifað.

Stöldrum nú aðeins við þessa kröfu að „byrja upp á nýtt“ á forsendum samráðsnefndarinnar. Nefndin varð sammála um eftirfarandi:

1.Að ekki yrði litið á aflaheimildir sem „eign“ útgerðarmanna heldur tímabundinn nýtingarrétt.

2. Að eignarréttur ríkisins á aflaheimildum væri skýr og ráðstöfun aflaheimilda skyldi því vera á ríkisins hendi.

3. Að gerðir skyldu tímabundnir nýtingarsamningar um afnot aflaheimilda gegn gjaldi og á forsendum skýrra skilmála um réttindi og skyldur beggja aðila.

> Grundvallaratriðin liggja fyrir – um þau hafa menn komið sér saman nú þegar.

4. Auk nýtingarsamninganna skyldi aflaheimildum skipt í svokallaða „potta“.

Nú vill svo til að þetta eru þau fjögur atriði sem frumvarp Jóns Bjarnasonar byggir á. Þar er gert ráð fyrir eignar- og ráðstöfunarrétti ríkisins yfir aflaheimildum. Gert er ráð fyrir tímabundnum nýtingarsamningum við útgerðina gegn gjaldi á grundvelli skilmála um réttindi og skyldur beggja aðila. Fiskveiðikerfinu er skipt í tvo hluta, annarsvegar nýtingarsamninga, hinsvegar svokallaða „potta“ þ.á.m. leigupott, línuívilnun, strandveiðipott og byggðapott.

Með öðrum orðum – frumvarpið er útfærsla á hinni svokölluðu samningsleið sem aðilar urðu ásáttir um að farin skyldi, eftir margra mánaða samráð við stjórnvöld.

Þeir sem krefjast þess að byggt verði á niðurstöðu sáttanefndarinnar – samningsleiðinni – geta ekki í sama orðinu krafist þess að „byrjað sé upp á nýtt“. Niðurstaða sáttanefndarinnar er afrakstur mikillar vinnu sem leiddi til ákveðinnar niðurstöðu, og þar hlýtur útgangspunkturinn að vera.

Grundvöllurinn liggur fyrir – annað er útfærsla. Eins og fram hefur komið höfum við Lilja Rafney Magnúsdóttir, sem formaður og varaformaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar á síðasta þingi, lagt fram ítarlegar tillögur að breytingum á útfærslu frumvarpsins. Í tillögum okkar felst mikil einföldun á kerfinu, m.a. frjálsar handfæraveiðar að uppfylltum skilyrðum, að pottunum verði fækkað að mun og leigupotturinn stækkaður verulega, að opnuð verði gátt milli nýtingarsamninga og leigupotts, að allur fiskur verði boðinn um innlendan markað og að skilið verði milli veiða og vinnslu. Við leggjum áherslu á að úthlutun aflaheimilda eigi sér stað á grundvelli jafnræðis og atvinnufrelsis, að verðmyndum aflaheimilda sé eðlileg og leikreglur skýrar.

Grundvallaratriðin liggja fyrir – um þau hafa menn komið sér saman nú þegar. Eftirleikurinn er handavinna, því vilji er allt sem þarf.

Gildi skólabókasafna

Menntamál

Siggerður Ólöf Sigurðardóttir
formaður Félags fagfólks á skólasöfnum

Á tímum framfara og þróunar á flestum sviðum er merkilegt að skoða stöðu bókasafna í grunnskólum landsins. Hraði samfélagsins kallar á að allir nemendur þurfi að öðlast færni til að vinna sjálfstætt og að meta þá gnótt upplýsinga sem okkur berast á degi hverjum.

Netið er flestum nútíma Íslendingum jafn nauðsynlegt og að eiga í sig og á. Þessi miðill er ekki hættulaus. Siðferði á netinu og hvernig umgangast skuli skrif á netinu lærist sumum of seint. Sjaldan verður okkur hugsað til þess hver sinnir menntun barnanna okkar í að vega og meta þessa kunnáttu sína og hver ber ábyrgð á að allir öðlist færni til að vinna með netið og netmiðla. Einnig gleymist oft að undirstaða alls náms er læsi.

Þó að allt nám sé mikilvægt er nauðsynlegt að skila nemendum út í lífið með kunnáttu og færni í upplýsingalæsi. Að þeirri kennslu kemur skólasafnið sem nú hefur víða verið skorið niður þannig að ekki eru keyptar bækur, hvorki skáldrit né fræðirit. Öll skólasöfn hafa mátt þola niðurskurð á starfsemi en þar sem ekki er starfsemi eru ekki líkur á að kennsla í upplýsingalæsi sé sem skyldi.

Gott skólasafn styður við allt annað nám. Það á að koma að eflingu upplýsingalæsis og styðja við aðra læsisþætti í samvinnu við hinar ýmsu námsgreinar og styðja þannig bæði kennara og nemendur til sambætts náms. Staðsetning skiptir vissulega máli. Það dugar þó ekki ef skólasafnið er ekki vel mannað. Það skiptir máli að starfsmaður hafi menntun við hæfi og sé virkur í síbreytilegu skólasamfélagi.

Þessi staða er sérstök þegar litið er til þess hversu mikið má bæta nám nemenda með bættri kennslu í upplýsinga- og tæknimennt. Gera má þeim námið mun léttara og áhugaverðara ef þeir ættu meira val um fjölbreyttar leiðir til náms. Einnig bætir það möguleika til framhaldsnáms og bættra starfskjara.

Sá sem lærir að nýta skólasafn til upplýsingaöflunar og stuðnings við sitt nám er mun líklegri til að verða færari til að afla sér þekkingar á eigin forsendum og jafnvel til að halda við sinni menntun.

Sú mötun á námsefni sem nú er algeng er vissulega oft fljótlegri leið og kannski ódýrari ef eingöngu er verið að hugsa um einn dag í einu. Mötunin verður þó til lengri tíma litið til þess að nemendur leita ekki lausna, þeir gefast auðveldlega upp, þá skortir færni til að efla þroska sinn sem virkir þjóðfélagsþegnar í síbreytilegu umhverfi.

Við höfum ekki efni á að nemendur heltist úr lestinni á unglingsaldri vegna þess að námsframboðið hefur ekki mætt þörfum þeirra. Eflum skólasöfnin. Til þess þarf einungis áherslubreytingu og vitundarvakningu sem við höfum ekki efni á að draga mikið lengur.

Innflutningur á jarðvegi

Skordýr

Sigurgeir Ólafsson
plöntusjúkdómafræðingur á Matvælastofnun

Erling Ólafsson, skordýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, hefur ítrekað gagnrýnt að heimilt sé að flytja inn jarðveg og telur hann hafa borið með sér skaðvalda eins og spánarsnigil og folaflugu. Eftir er að koma í ljós hversu alvarlegir skaðvaldar þeir eiga eftir að verða hér á landi. Þar sem ég átti þátt í að móta þær reglur sem um þetta gilda tel ég rétt að gera nánari grein fyrir þeim. Ísland hefur skuldbundið sig með aðild að alþjóðasáttmálum að nota ekki plöntuheilbrigðisreglur til að hefta viðskipti og að beita ekki slíkum reglum nema þær séu tæknilega réttlætanlegar og rökstuddar. Skilgreina á hvaða skaðvaldar það eru sem menn vilja verjast og setja þá á lista. Heilbrigðisvottorð með plöntum og plöntuafurðum hafa verið stöðluð á alþjóðavísu. Reglur Íslands eru sambærilegar og jafnvel strangari en reglur annarra Evrópuþjóða og hefur innflutningur á plöntum frá Evrópu verið samfelldur um aldaraðir.

Almennt er innflutningur á mold bannaður bæði samkvæmt dýra- og plöntusjúkdómalöggjöfinni en undanþegin er þó tvenns konar mold. Annars vegar er leyfður innflutningur á svokallaðri mómosamold (sphagnum) til ræktunar en það er mold sem tekin er úr mógröfum þar sem aldrei hefur verið ræktað og oft blönduð ólífrænum áburði. Hún má ekki innihalda búfjáráburð eða ferskan trjábörk. Hættan á að með þessari mold berist skaðvaldar er óveruleg.

Hins vegar er leyfð sú mold sem fylgir plöntum. Ég lít svo á að gagnrýni Erlings lúti að þessum innflutningi. Litið er svo á að heilbrigðisvottorð sem gefið er út fyrir plöntuna nái einnig yfir þá mold sem umlykur ræturnar og á að votta að þeir skaðvaldar sem innflutningslandið vill verjast og hefur gefið upp á listum fylgi ekki plöntunum. Vissulega er vottorð engin gulltrygging þegar plöntur eru fluttar inn í þúsundatali.

> Ýmis skordýr berast hingað reglulega með suðlægum vindum og eru aðmíralsfiðrildin skrautlegu gott dæmi um það.

Vandamálið eins og ég sé það eru ekki síst skaðvaldar sem enn hafa ekki borist hingað en eru almennt útbreiddir í ræktunarlandinu, lúta þar engu sérstöku eftirliti eða takmörkunum og eru þar jafnvel ekki taldir hættulegir. Slíkir skaðvaldar gætu reynst hættulegri hér á landi. Erfitt er að setja allar þessar lífverur á bannlista sem ber að gera samkvæmt alþjóðlegum vinnureglum og að loknu áhættumati.

Þegar reglugerð um innflutning á plöntum var samin árið 1990 var farin sú leið að banna innflutning ættkvísla okkar helstu skógartrjáa og tegunda grænmetisplantna í gróðurhúsum. Rökin voru einmitt þau að það væru það margar tegundir skaðvalda sem enn hefðu ekki borist hingað en sem hefðu almenna útbreiðslu á þessum plöntum í nágrannalöndum okkar. Ylræktarbændur hafa sjálfir alið upp sínar grænmetisplöntur af fræi. Þeir sem framleiða pottaplöntur og afskorin blóm eru mjög háðir því að geta flutt inn smáplöntur og græðlinga og gætu ekki byggt ræktun sína eingöngu á fræsáningum.

Ísland hefur ekki enn innleitt reglur ESB um plöntuheilbrigði og hefur því enn svigrúm til að setja hvaða reglur sem er séu þær tæknilega réttlætanlegar og rökstuddar. Fari menn þá leið að útvíkka það bann sem gildir um skógar- og grænmetisplöntur og láta það ná yfir allar garð- og stofuplöntur mun það hafa veruleg áhrif á það úrval plantna sem garðáhugamenn hafa til ræktunar. Lokað yrði þar með m.a. á innflutning ávaxta- og berjaplantna sem mikill áhugi er fyrir nú. Krafa um rótarþvott hefði svipuð áhrif. Það er mikil einföldun að segja að hér sé hægt að rækta þessar plöntur allar upp af fræi.

Menn verða líka að hafa í huga að þótt slíkt bann yrði sett þá værum við ekki þar með laus við að fá til landsins nýja skaðvalda. Þrátt fyrir bann við innflutningi á víði og ösp fengum við hingað ryðsveppi á gljávíði og alaskaösp, annaðhvort með farfuglum eða með loftstraumum. Asparglyttan barst nýlega til landsins þrátt fyrir að innflutningur helstu hýsla hennar sé bannaður. Ýmis skordýr berast hingað reglulega með suðlægum vindum og eru aðmíralsfiðrildin skrautlegu gott dæmi um það. Loks megum við ekki gleyma hinum umfangsmiklu gámaflutningum þar sem ýmis dýr geta gerst laumufarþegar.

Ósanngjarn skattur

Skattar

Lýður Þorgeirsson
bifreiðaeigandi

Við Íslendingar finnum á eigin skinni hversu háir bifreiðaskattar eru. Sá sem flytur inn bifreið þarf að standa skil á aragrúa síhækkandi gjalda. Ein birtingarmynd þeirrar skattastefnu er að endurnýjun bílaflota landsmanna hefur nánast verið stöðvuð og má því segja að meðalaldur bílflotans aukist nánast um eitt ár á ári. Er svo nú komið að bílafloti landsins er einn sá elsti í allri Evrópu.

Önnur afleiðing þessarar opinberu neyslustýringar er að þær fáu bifreiðar sem fluttar eru til landsins virðast frekar hannaðar til aksturs á vel snyrtum golfvöllum erlendis en á íslenskum þjóðvegum.

Af bifreiðasköttunum eru svokölluð vörugjöld langhæst og munu halda áfram að hækka í þrepum til ársins 2013. Þá munu hæstu gjaldflokkarnir teygja sig upp í 65% af kostnaði við bifreiðina á hafnarbakka. Við tollinn bætist svo hæsti virðisaukaskattur á byggðu bóli 25,5% og reytingur af öðrum gjöldum svo sem umferðaröryggisgjald og nýskráningargjald. Niðurstaðan er sú að hér kostar nýr og öruggur fjölskyldujeppi rúmlega tvöfalt það sem hann kostar fjölskyldur t.a.m. í Bandaríkjunum. Þar að auki þrefalda stjórnvöld verð á eldsneytinu með flóru af tollum, gjöldum og öðrum sköttum. Bensínlítrinn kostar því hér á landi nú um 230 krónur í sjálfsafgreiðslu en til samanburðar blöskrar íbúum Massachusetts-ríkis 110 króna verðmiði á bensínlítranum sín megin Atlantsála.

Til viðbótar ofangreindu rukka stjórnvöld svo sérstakt árlegt bifreiðagjald.

Tómt mál er að rökstyðja þessa háu skatta með því að þeir séu nauðsynlegir til að standa undir kostnaði við vegagerð. Þeim sem fylgst hafa með þjóðmálum er það ljóst að skattfénu hefur hingað til að stórum hluta verið varið í dýrar framkvæmdir á landsbyggðinni. Eins og allir þekkja ráða önnur sjónarmið en hagsmunir almennra bifreiðaeigenda þar för og því torsótt að ætlast til að bifreiðaeigendur greiði fyrir þær framkvæmdir frekar en aðrir.

Núverandi skattastefna bitnar helst á því fjölskyldufólki sem minnst hefur á milli handanna og neyðist til að búa langt frá vinnu; venjulegum íbúum þessa lands sem skutla börnum sínum á íþróttaæfingar, drýgja tekjurnar með akstri í lágvöruverðsverslanir, sem kjósa öruggt farartæki fyrir fjölskyldu sína, landsbyggðarfólki og þeim sem verða að komast leiðar sinnar í öllum veðrum. Sá ágæti hópur virðist ekki eiga sér neinn málsvara nú um stundir.

tímamót

timamot@frettabladid.is

INGIBJÖRG HARALDSDÓTTIR skáld er 69 ára.
„Allt sem við eigum er í okkur sjálfum.“

Merkisatburðir:

- **1819** Jón Þorláksson, skáld og prestur, fellur frá.
- **1916** Pétur Ottesen er kjörinn á þing 28 ára og situr í 43 ár.
- **1917** Tryggvi Gunnarsson, kaupstjóri Gránufélagsins og bankastjóri, fellur frá.
- **1933** Þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram um afnám bannlaganna.
- **1944** Ríkisstjórn Ólafs Thors tekur við völdum.
- **1961** Bjarni Jónsson vígslubiskup verður fyrsti heiðursborgari Reykjavíkur.
- **1967** Tólf þúsund flöskum af áfengi er smyglað með bátnum Ásmundi.
- **1988** Listasafn Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara er opnað í Laugarnesi.

AFMÆLISBÖRN

VÖRÐUR LEVÍ TRAUSTASON, forstöðumaður Hvítasunnukirkjunnar, er 59 ára.

GUÐLAUG ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR leikkona er 42 ára.

ÞORSTEINN GUNNARSSON rektor er 58 ára.

ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR útvarpsmaður er 58 ára.

BRAUTRYÐJANDINN: BÓK UM ÞÓRHALL BJARNARSON KEMUR ÚT Á SUNNUDAG

Sagan á erindi við okkur í dag

Brautryðjandinn er heiti bókar sem kemur út á sunnudaginn. Þar rekur Óskar Guðmundsson rithöfundur sögu Þórhalls Bjarnarsonar, ritstjóra, kennara, búnaðarfrömuðar og biskups svo fátt eitt sé nefnt af því sem Þórhallur fékkst við á æviferlinum. Þórhallur fæddist árið 1855 og dó árið 1916.

„Þórhallur var landskunnur á seinni hluta 19. aldar og byrjun þeirrar 20. Allir vissu hver hann var, þekktu sögur af honum og tilsvörum hans en svo gleymdist hann. Nú er kominn tími á að endurvekja minninguna um hann,“ útskýrir Óskar og segir sögu Þórhalls eiga erindi við samfélagið í dag. Þórhallur hafi verið maður málamiðlana og hafi meðal annars tekið við biskupsembætti á átakatímum innan kirkjunnar, ekki ólíkum þeim sem samfélagið sé að upplifa í dag.

„Hann var forstöðumaður Prestaskólans og biskup síðustu átta ár ævinnar. Sem biskup tók hann við klofinni kirkju sem logaði í innbyrðis deilum. En Þórhalli tókst með umburðarlyndi og mannkærleika að halda þjóðkirkjunni saman. Hann var mikill framfaramaður í allri þjóðfélagsbaráttu, bæjarfulltrúi í Reykjavík, alþingismaður og einn þeirra sem pældu svörðinn fyrir jafnréttisbaráttu kvenna. Hann var með fingurgómana á framförum á öllum sviðum,“ segir Óskar og lýsir Þórhalli sem ólíkindamanni sem hélst ekki innan flokka. Hann hafi verið borgaralegur embættismaður sem bjó í hjarta Reykjavíkur en einnig bændahöfðingi sem ræktaði jörðina og var formaður Búnaðarfélags Íslands um langa hríð.

FJÖLHÆFUR FRAMFARAMAÐUR Óskar Guðmundsson rithöfundur hefur skrifað ævisögu Þórhalls Bjarnarsonar og verður útgáfunni fagnað á sunnudaginn í safnaðarheimili Grensáskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þórhallur kom með frjálslynda borgaralega strauma hingað til lands en hann var lærlingur hjá Jóni Sigurðssyni í Kaupmannahöfn. Sjálfur varð hann lærifaðir manna sem seinna settu svip á stjórnmál og menningarlíf fyrri hluta tuttugustu aldar, svo sem Jónasar frá Hriflu og Ásgeirs Ásgeirssonar, tengdasonar síns sem seinna varð forseti. Hann var þó laus við allan yfirstéttarhroka og gaf meðal annars út Kirkjublað fyrir íslenska alþýðu sem hafði mikil áhrif á sínum tíma.“

En hvernig stóð þá á því að svo fjölhæfur maður gleymdist um árabil?

„Þeir sem skila árangri eru oft ekki fyrirferðarmiklir. Ég held að Þórhallur gæti hafa gleymst vegna þess að við höfum lifað tíma hinna árásargjörnu sigurvegara ef svo má segja. Hanarnir sem höfðu hæst hafa verið mest áberandi,“ segir Óskar. Útgáfu Brautryðjandans verður fagnað í Safnaðarheimili Grensáskirkju klukkan 16.00 á sunnudaginn þar sem Óskar mun kynna bókina.

Í GÓÐRA MANNA HÓPI á hestbaki. Þórhallur Bjarnarson er fyrir miðri mynd með hatt á höfði. MYND/SKÁLHOLTSÚTGÁFA

heida@frettabladid.is

---

†

Þökkum auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, tengdasonar, afa og langafa,

Arnfinns Ingvars Sigurðssonar.

Sjöfn Arnfinnsdóttir
Snorri Arnfinnson — **Ósk Gunnarsdóttir**
Skúli Arnfinnsson — **Sólrún Ingimundardóttir**
María Kristjándóttir
barnabörn og barnabarnabörn

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

María Steingrímsdóttir

lést á heimili sínu, Hjúkrunarheimilinu Sóltúni, þriðjudaginn 18. október.

Hjördís Guðrún Svavarsdóttir — **Gísli Steinar Jónsson**
Hörður Svavarsson — **Díana Sigurðardóttir**
Gunnar Svavarsson — **Hrönn Ásgeirsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Ólafur Helgi Baldvinsson
frá Gilsbakka,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð mánudaginn 17. október. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 24. október kl. 10.30.

Hjálmar Randversson — **Gréta Friðleifsdóttir**
Guðrún Ólafsdóttir
Gunnlaugur B. Ólafsson
Sigurhanna Ólafsdóttir
Helga E. Ólafsdóttir — **Haraldur H. Guðmundsson**
Lára Ólafsdóttir
Jóhann Ólafsson — **Berta Kjartansdóttir**
Kristján S. Ólafsson — **Áslaug Hallbjörnsdóttir**
og afabörn

---

†

Herluf Clausen
fyrrverandi formaður Vörubílstjórafélagsins Þróttar og Landssambands vörubifreiðastjóra,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi laugardaginn 8. október sl. Útförin fer fram fram frá Grafarvogskirkju, föstudaginn 21. október kl. 15.00.

Aðstandendur.

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Torfhildur Ingibjörg Jónsdóttir

lést á Grund mánudaginn 17. október. Sérstakar þakkir til starfsfólks Grundar V-2 fyrir góða umönnun, hlýju og vinsemd. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 27. október kl. 15.00.

Ólafur Aðalsteinsson
Jónína M. Aðalsteinsdóttir — **Jón Otti Ólafsson**
Einfríður Þ. Aðalsteinsdóttir — **Stefán Finnsson**
ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubarn.

---

90 ára afmælí

Sigríður Guðmundsdóttir
verður 90 ára sunnudaginn 23. október. Hún tekur fagnandi á móti frændum og vinum í Gjábakka, Fannborg 8, Kópavogi, milli kl. 15 og 18 þann dag.

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Svanborg Rósamunda Kjartansdóttir
frá Vindási, Eyrarsveit,

andaðist á dvalarheimilinu Fellaskjóli, Grundarfirði, 18. október. Útförin fer fram frá Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 22. október kl. 14.00. Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á Dvalarheimilinu Fellaskjóli.

Jóhanna Jóhannesdóttir — **Svanur H. Halldórsson**
Kristín Lilja Nóadóttir — **Tryggvi Gunnarsson**
Jón Jóhann Nóason — **Sóley Sigursveinsdóttir**
Jónína Guðrún Nóadóttir
Salbjörg Sigríður Nóadóttir — **Friðgeir V. Hjaltalín**
Þráinn Nóason
Kjartan Nóason — **Halldóra Guðmundsdóttir**
Trausti Nóason — **Vilborg Sigurðardóttir**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Hring eftir hring fagnar tveggja ára afmæli og nýafstöðnum sýningum í Frankfurt með því að opna vinnustofuna að Skipholti 33 milli klukkan 14 og 18 á laugardag. Nýjustu haust- og vetrarvörurnar verða á 20% afslætti.

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

EXPO · www.expo.is

LEIKHÚS-MATSEÐILL

Forréttur

Laxatvenna – reyktur og grafinn lax

Aðalréttir

Bleikja & humar með hollandaise sósu
Brasserað fennell, kartöflustappa og ostrusveppir

eða...

Grillað Lambafille
Með rófutvennu, sveppakartöflum og bláberja anís kjötsósu

Eftirréttur

Jack Daniel's súkkulaðikaka
Djúpsteiktur ís og súkkulaðihjúpuð jarðarber

Þriggja rétta máltíð á 4.900 kr.

GEYSIR Bistro

Aðalstræti 2 / 101 Reykjavík / Sími: 517 4300 / www.geysirbistro.is

Ársæll Markússon er á lokaári við virtan matreiðsluskóla, Le Cordon Bleu, í Los Angeles.

Ævintýri líkast

Þetta hefur verið eitt stórt ævintýri síðan ég kom hingað. Svo gjörólíkt umhverfi og fólk að á hverjum degi upplifir maður eitthvað nýtt og spennandi.“ Þannig lýsir Ársæll Markússon lífinu í borg englanna, Los Angeles, þar sem hann lærir matargerð í hinum virta skóla Le Cordon Bleu.

Ársæll segist lengi hafa haft ástríðu fyrir matargerð. Framan af hafi hann þó fremur litið á hana sem áhugamál en alvöru og það var í raun ekki fyrr en unnustan, Hildur Ársælsdóttir, vildi flytja út til Bandaríkjanna að hann ákvað að freista gæfunnar og sækja um inngöngu í skólann. „Já, þetta kom eiginlega líka til af nauð þar sem hún kann ekkert að elda,“ upplýsir hann og hlær.

FRAMHALD | 2

Afmælistilboð Nings

og kroppurinn blómstrar

Nings í 20 ár

NINGS

1991 -2011 20 ára

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899 • www.nings.is

Haustlaukarnir þurfa að fara niður áður en frystir til að þeir spretti upp með litríku blómaskrúði í vor. Þumalfingursreglan er sú að setja laukana þrisvar sinnum hæð sína niður í jörðu. Heimild: www.blomaval.is

„Fyrirlesturinn er mjög myndrænn," segir Ásdís Jóelsdóttir, sem hér sést við kennslu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Áhrifavaldar og þróun

Ásdís Jóelsdóttir flytur fyrirlestur um sögu fatagerðar og fatahönnunar á Íslandi í Gerðarsafni á morgun. Þar fer hún yfir aðdraganda og þróun fatahönnunar hérlendis í máli og myndum.

„Það er ekki hægt að nefna neina eina dagsetningu sem upphaf fatahönnunar á Íslandi, en eftir að Ísland fer í EFTA fer ýmislegt í gang," segir Ásdís Jóelsdóttir, sem flytur fyrirlestur um sögu fatagerðar og fatahönnunar hérlendis í Listasafni Kópavogs-Gerðarsafni á morgun klukkan 14.00.

„Þá fer þessi mikla fjöldaframleiðsla í gang og það fer að verða þörf fyrir hönnuði sem hafa lært að útfæra hugmyndir varðandi litasamsetningar, munstur og fleira. En auðvitað hefur þetta aðdraganda. Það hefur ýmislegt gerst á undan sem er ástæða þess að Íslendingar hafa virkilega hæfileika til að framkvæma þetta. Listiðnaðurinn hjálpaði mikið til og einnig hafði verið hér framleiðsla á ofnum flíkum."

Ásdís segist leggja áherslu á að sýna fram á þróunina og áhrifavaldana sem hafi orðið til þess að Íslendingar voru í stakk búnir til að takast á við fataframleiðslu og hönnun. „Eftir hnignun fjöldaframleiðslunnar koma svo fram þessir sjálfstæðu hönnuðir sem ekki eru háðir framleiðendum og geta sjálfir séð um framleiðsluferlið. Fyrirlesturinn er mjög myndrænn, ég sýni mikið af myndum frá þróuninni allt frá lokum 19. aldar til okkar daga."

Ásdís hefur kennt og þróað nám í fata- og textílhönnun og hönnunarsögu í fjöldamörg ár, meðal annars við Fjölbrautaskólann í Garðabæ. Einnig hefur hún samið bækurnar Tísku aldanna frá Egyptum til loka 20. aldar og Sögu fatagerðar og fatahönnunar á Íslandi sem byggð er á meistararitgerð hennar í mennta- og menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst.

Nú fyrir jólin kemur út kennslubók sem ber titilinn Fatasaumur – saumtækni í máli og myndum. Bókin er frumsamin af Ásdísi auk þess sem hún handteiknar allar leiðbeiningamyndir. „Í bókinni fer ég í gegnum það vinnuferli sem á sér stað við fatasaum," segir hún. „Ég útbý þarna leiðbeiningar um ferlið allt frá því þér dettur í hug að sauma eitthvað og þar til flíkin er tilbúin."

fridrikab@frettabladid.is

Framhald af forsíðu

Le Cordon Bleu starfrækir 35 skóla um víða veröld og útskrifar um tvö þúsund manns á ári hverju. Margir af fremstu matreiðslumönnum heims hafa lokið námi frá skólanum og má þar nefna Mario Batali og Homaro Cantu úr sjónvarpsþáttunum Iron Man, Dave Martin einn lokakeppenda í þættinum Top Chef og Juliu Child sem öðlaðist heimsfrægð eftir að leikkonan Meryl Streep túlkaði hana eftirminnilega í kvikmyndinni Julie and Julia.

Ársæll segist una hag sínum vel í matreiðsluskólanum þar sem hann er nú á lokaári. Undanfarið hefur hann verið í starfsþjálfun á ítalska veitingastaðnum Drago Centro, sem þykir einn sá besti í Los Angeles. „Kennarinn minn mælti með mér við yfirkokkinn á staðnum sem hún hafði starfað með fyrir nokkrum árum. Vegna lítillar þekkingar á veitingahúsabransanum var ég tekinn til reynslu og hlýt að hafa staðið mig ágætlega því ég var ráðinn með það sama um kvöldið."

Starfið segir Ársæll hafa opnað sér dyr inn í spennandi heim þar sem Hollywood-stjörnur og valdamiklir stjórnmálamenn eru á hverju strái „Eitt eftirminnilegasta atvikið er sjálfsagt þegar ég bjó til pitsu að hætti móður minnar handa yfirkokkinum á Wolfgang Puck. Það er ekki að spyrja að því að hann varð yfir sig hrifinn enda móðir mín annáluð pitsugerðarkona."

Ársæll stillti sér upp fyrir myndatökuna eins og Anthony Bourdain, sem er í uppáhaldi.

Ársæll viðurkennir þó að lífið í Los Angeles sé ekki eintómur dans á rósum. Matreiðslumenn þurfi að standast mikið álag til að tolla í vinnunni. „Það er alltaf brjálað að gera. Til dæmis er eldað ofan í að meðaltali 300-400 manns á föstudags- og laugardagskvöldum. Maður er undir stöðugt smásjá viðskiptavina sem geta fylgst með eldamennskunni og yfirmanna sem slaka aldrei á kröfunum. Eitt feilspor getur haft afdrífaríkar afleiðingar í för með sér meðan góð frammistaða er ávísun á frekari frama."

Spurður hvort þau Hildur sjái framtíðina fyrir sér í Los Angeles segir Ársæll drauminn vera að flytja til Frakklands. „París er staður sem hefur lengi heillað okkur og þar sem eldamennskan á sér djúpar rætur í franskri matarmenningu er borgin kjörinn staður fyrir kokk eins og mig. En svo veit maður aldrei. Ég er lítið fyrir að gera plön og spila úr þeim spilum sem ég hef á hendi."

roald@frettabladid.is

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 21. október 2011

KRISTÍN ÞÓRA HARALDSDÓTTIR

Dregur lærdóm af gagnrýni

- SIGRÚN LILJA FÆR BÓKMENNTAVERÐLAUN
- INNLITIÐ
- TÍSKA

RAZER
MÝS OG LYKLABORÐ
SKOTHELD Í LEIKINA
DeathAdder
Razer Death Adder
Mögnuð leikjamús með 3.5G innrauðum skynjara, Optical 3500 punkta Razer Precision upplausn og Hyperesponse flýtitökkum.

VERÐ
Kr. 8.950
LEIKJA MÚS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði
SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 850 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

núna

Vertu meistari

FLOTTAR BUXUR Verslunin Geysir heldur kynningu á gallabuxnamerkinu Lee 101 í dag frá klukkan 17. Í tilefni þess verður boðið upp á léttar veitingar og góða músík auk afsláttar af öllum Lee-vörum.

meðmælin

Rokkað á Gauknum

Rokksveitin og eftirhermubandið Stóns heldur tónleika á Gauknum annað kvöld. Stóns sérhæfir sig í að leika tónlist hinnar mögnuðu sveitar Rolling Stones og gerir það listavel. Hljómsveitina skipa valinkunnir menn úr íslensku tónlistarlífi og eru því engir nýgræðingar við stjórnvölinn. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 og kostar 2.000 krónur inn.

Íslenskt, já takk

Kvikmyndin Borgríki er nútíma glæpasaga í anda Stiegs Larsson. Myndin er í leikstjórn Ólafs de Fleur og segir frá serbneskum bifvélavirkja sem missir ófætt barn sitt í árás. Hann hefnir sín og í leiðinni tvinnast örlög hans saman við lögreglukonu sem ýtt er út á ystu nöf, spilltan yfirmann hennar í fíkniefnadeild lögreglunnar og glæpakóng sem er að missa tökin á veldi sínu. Borgríki er sögð vera besta íslenska spennumyndin til þessa og fer leikarahópurinn á kostum.

Tekur við verðlaunum í Hollywood

VERÐUR Í RAUÐI FRÁ TOPPI TIL TÁAR

Ég er með örlítinn fiðring og hef ákveðið að njóta augnabliksins, sýna auðmýkt og gera mitt allra besta við að vera landi og þjóð til sóma á þessu kvöldi," segir Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, hönnuður og framkvæmdastjóri Gyðju Collection, en hún fær veitt verðlaun frá The National Academy of Best Selling Authors í kvöld.

Sigrún Lilja er einn af höfundum bókarinnar The Next Big Thing sem seldist á methraða á Amazon. Þess vegna heldur Sigrún Lilja til Hollywood þar sem hún tekur á móti sérstökum Golden Quill-verðlaunum fyrir framlag sitt til bókarinnar á The Annual Best Selling Summit and Awards Gala sem haldin eru á hinu einstaka Roosevelt-hóteli í hjarta Hollywood.

„Undirbúningur hófst fyrir um einum og hálfum mánuði þegar byrjað var að huga að klæðnaði og skartinu sem ég klæðist í kvöld," segir Sigrún Lilja sem verður í sérhönnuðum kjól frá íslenska merkinu Arfleifð frá hönnuðinum Ágústu Margrét Arnardóttur.

„Ágústa vinnur mikið úr íslenska roðinu sem ég er rosalega hrifin af, enda nota ég þetta fallega og alíslenska efni mjög mikið í skóna og fylgihlutina frá Gyðju. Það ríkti ákveðin leynd yfir kjólnum á meðan Ágústa saumaði hann og gerði hún nokkrar útfærslur og liti á mig áður en við ákváðum að kjóllinn sem ég klæðist í kvöld yrði hvítur og gylltur."

Sigrún Lilja fékk Jóhannes Ottósson gullsmið sem er með skartgripahönnunina Nox til liðs við sig en hann hefur sérhannað skartgripi fyrir viðburðinn. Jóhannes hefur áður unnið með Sigrúnu og þykir henni mikið til hans koma. Sigrún er stödd í Los Angeles ásamt vinkonu sem hún bauð með sér á verðlaunin og verður henni til halds og trausts í kvöld.

„Dagarnir hérna úti eru mjög vel nýttir og er dagskráin þéttbókuð, því ásamt því að taka við þessum verðlaunum er ég að funda nánast alla daga frá morgni til kvölds vegna Gyðju Collection, með teyminu mínu hérna úti," segir Sigrún Lilja spennt fyrir kvöldinu.

alfrun@frettabladid.is

Verðlaun metsöluhöfunda Sigrún Lilja Guðjónsdóttir tekur við verðlaununum í kvöld klædd íslensku fiskiroði frá toppi til táar. Sigrún hannar skó og fylgihluti undir nafninu Gyðja.

Justin Bieber notar Proactiv® Solution

Burt með bólurnar!

Í **Proactiv® Solution** eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkum koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!

Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution: REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LYFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARÐSAPÓTEK, Sogavegi 108 // URÐARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Grafarvogi // APÓTEK HAFNARFJARÐAR, Tjarnarvöllum 11 // ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115 // LYFJAVER, Suðurlandsbraut 22 // APÓTEK GARÐABÆJAR, Litlatúni 3

60 DAGA 60 SKILARÉTTUR

Heilsubudin.is
- bætt útlit, betri líðan

Bröns með öllu að hætti Jóa Fel

Þarf að panta með dags fyrirvara - pantanir í síma 588 8998

Jói Fel

BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær

Jean Paul Gaultier er illa við Önnu Wintour:

Segir Wintour vera skrímsli

Franski fatahönnuðurinn Jean Paul Gaultier viðurkenndi nýverið að honum væri illa við Önnu Wintour, ritstjóra bandaríska Vogue.

„Ég var ekki hrifinn af myndinni The Devil Wears Prada því Anna Wintour er meira skrímsli en myndin gefur í skyn. Hún er ekki jákvæður karakter, hún er bara karakter," sagði hönnuðurinn. The Devil Wears Prada skartar þeim Meryl Streep og Anne Hathaway í aðalhlutverkum og er persóna Streep byggð að miklu leyti á Wintour, sem var mjög ósátt við gerð myndarinnar á sínum tíma.

Þó að myndin eigi að gerast í tískuheiminum þorðu fatahönnuðir ekki að koma fram sem þeir sjálfir af ótta við reiði Wintour, en hún þykir ein sú valdamesta innan tískuheimsins í dag.

- sm

Óttast Wintour Jean Paul Gaultier er ekki aðdáandi Önnu Wintour, ritstjóra bandaríska Vogue. NORDICPHOTOS/GETTY

augnablikið

TÖFF Hönnuðurinn Vivienne Westwood var flott á opnun nýrrar verslunar sinnar í Shjanghæ í Kína. Westwood hefur verið á meðal fremstu hönnuða heims allt frá upphafi áttunda áratugarins. NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Anton Brink **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** *Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

the PIER

FOR YOUR HOME

SMÁRATORGI OG AKUREYRI EIGA AFMÆLI!

30% AFMÆLIS-AFSLÁTTUR

MAINE SÓFI 3JA
VAR: 119.900.-
NÚ: 89.930.-

AF ÖLLUM 2JA OG 3JA SÆTA SÓFUM OG STÓLUM

3 FYRIR 2

NÝJIR PÚÐAR

AF PÚÐUM

40%

VAR 9990.-
NÚ 5994.-
AÐEINS ÞESSA HELGI

AF NÝJUM KOLLUM

3 FYRIR 2

MARGIR NÝJIR LITIR

PAPASANSTÓLL

TIL Í ÝMSUM LITUM

AÐEINS ÞESSA HELGI

TILBOÐSVERÐ 15.900.-

GLÖS, MATARSTELL OG KÖKU-DISKAR O.FL. Á TILBOÐI

Í ELDHÚSDEILD

AFMÆLISHÁTÍÐ OG TILBOÐ

ÖLL TILBOÐIN GILDA FRÁ FÖS. 21/10-SUN. 23/10 2011

VIÐ BJÓÐUM UPP Á TE OG GÓÐGÆTI ALLA HELGINA Í TILEFNI AFMÆLISINS

TILBOÐ

GLÖS, MATARSTELL, KÖKUDISKAR O.FL. Í ELDHÚSDEILD

3 F 2

AF ÖLLUM PÚÐUM

NÝJIR PÚÐAR

TILBOÐ Á VÖLDUM PÚÐUM NÚ 1290.-

VORU 2490-2990.-

3 F 2

AF SNYRTIVÖRUM

3 F 2

AF KERTUM NÝJIR LITIR!

HNETUBRJÓTARNIR KOMNIR!

MÖRG FLEIRI TILBOÐ

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

the PIER

SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

BLÆR

Uppáhaldsstaðurinn: Mér líður best uppi í rúmi hjá syni mínum, þar eyðum við löngum stundum við lestur.

Uppáhaldsskartið: Þetta hálsmen fékk ég í morgungjöf frá eiginmanni mínum. Það er bæði fallegt og táknrænt og svo kom það líka að góðum notum á meðgöngunni, þar sem það passaði vel upp á giftingarhringinn þegar bjúgurinn náði yfirhöndinni.

Uppáhaldshluturinn: Síminn minn. Ég grípí hann til að mynda gullkorn barnanna minna, hann geymir tölvupóstinn minn, spilar uppáhaldstónlistina mína, vekur mig á morgnana ef börnin eru ekki fyrri til og er bara alveg ótrúlega traustur félagi.

Einfalt og stílhreint

Innlit

Guðrúnu Heimisdóttur líður vel í Hafnarfirði með fjölskyldunni.

Guðrún Heimisdóttir rekur fyrirtækið Puzzled by Iceland sem hannar og framleiðir púsluspil undir vörumerkinu „Puzzled by“. Hún er einnig að endurútgefa barnabækurnar um Mola litla flugustrák eftir Ragnar Lár, ásamt eiginmanni sínum. Fyrstu bækurnar eru nýkomnar í verslanir og fleiri eru væntanlegar stuttu fyrir jól. Guðrún er búsett í Hafnarfirðinum ásamt manni sínum og tveimur börnum og kann fjölskyldan vel við sig þar. Föstudagur fékk að líta inn til Guðrúnar.

Aldur: 30 ára.

Í hvaða hverfi býrðu og hver er helsti kostur hverfisins? Ég bý í Hafnarfirði, sem er einn notalegasti bær sem hægt er að finna og með yndislegan miðbæ. Ég er þannig staðsett að það er stutt fyrir mig að komast út úr bænum og svo er ég ekki nema mínútu að ganga upp á hæðina við Flensborg þaðan sem ég get horft yfir allan bæinn. Það er góður staður til að setjast niður og hugsa málin.

Hvar líður þér best í íbúðinni? Uppi í rúmi hjá syni mínum. Þar eyðum við löngum stundum við lestur ýmissa ævintýra. Hann er farinn að þylja upp heilu bækurnar með mér og við mæðginin erum saman að kenna litlu systur hans að sitja prúð og hlusta. Hún er mikill orkubolti og skottast yfirleitt í kring á meðan ég les.

Hvað einkennir heimili þitt? Það mætti segja að það væri nokkurs konar IKEA-bragur á því en ég er mjög hrifin af öllu einföldu og stílhreinu. Ég vil hafa notalegt heima hjá mér og það má brotna glas á mínu heimili. Húsið mitt er í stuttu máli sagt fullt af dauðum hlutum og svo mínum dýrmætustu „hlutum“ sem er fjölskyldan mín. Á meðan fjölskyldan mín er í lagi þá er í lagi með heimilið mitt, öllu öðru má skipta út.

Hvernig er dæmigerður laugardagsmorgunn hjá þér? Við förum vanalega fram úr um klukkan sjö. Litlu molarnir mínir fá „kodda“ og lýsi í morgunmat og svo er hundurinn handmataður af syni mínum. Við förum stundum í sund og reynum þá að drífa okkur út sem fyrst því sundlaugarnar eru fljótar að fyllast. Annars finnst okkur líka voðalega notalegt að dóla bara heima, fara út í garð að leika eða út að labba með hundinn.

Uppáhaldshúsgagnið: Blái sófinn frá afa mínum. Hann var inni á skrifstofunni hans og hann var vanur að leggja sig á honum. Það sést enn á áklæðinu hvorum megin fæturnir voru.

Uppáhaldsflíkin: Það eru annars vegar svört stígvél sem ég keypti í Sviss. Ég var alveg handviss um að ég myndi nota þau óspart og ég hef varla farið úr þeim síðustu vikurnar. Hins vegar er það grænn kjóll sem ég er með í láni frá systur minni og ég veit ekki hvort ég mun geta skilað honum. Þetta er ein klæðilegasta flík sem ég hef gengið í.



Uppáhaldslistaverkið: Þetta er Guðrún, eftir Sæmund Valdimarsson. Ég fékk hana í þrítugsafmælisgjöf frá foreldrum mínum og þykir ótrúlega vænt um hana. Sæmundur nefndi hana í höfuðið á mér eftir að hafa spurt þau hverjum hún væri ætluð þegar þau keyptu hana.

www.lyfja.is

ESTĒE LAUDER

Kaupaukinn þinn

Ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 5.900 krónur eða meira, dagana 21. - 26. október í Lyfju Lágmúla og Lyfju Smáratorgi.

Kaupaukinn inniheldur:
Advanced Night Repair – viðgerðardropa, 7ml
TimeZone Crème – fyrirbyggjandi krem við línum og hrukkum, 7ml
TimZone Night Creme – næturkrem, 7ml
Pure Color Gloss – varagloss, orchid passion
Sumptuous Mascara – Svartan maskara
Fallega snyrtibuddu

*Verðgildi kaupaukans ca. 16.173 .-
*meðan birgðir endast

Nýtt: Cooling Eye Illuminator
Sérstök lögun keramikstútsins og svöl snertingin við hann er óvenjuleg og eykur áhrif af þessu nýja kremi sem hjálpar til við að minnka dökka bauga og þrota á augnsvæðinu. Augun verða bjartari á augabragði.

LYFJA
- Lifið heil

KÝS HREINSKILNI FRAM YFIR SKJALL

Sátt í starfi Kristín Þóra Haraldsdóttir leikkona segist sátt í starfi. Hún hefur starfað hjá Borgarleikhúsinu undanfarin þrjú ár og tekur meðal annars þátt í jólasýningu leikhússins. Hún er einnig á meðal leikenda í gamanþáttunum Kexvexmiðjunni.

Kristín Þóra Haraldsdóttir **leikkona þreytti frumraun sína á sjónvarpsskjánum í Kexvexmiðjunni. Í vetur mun hún meðal annars stíga á stokk í uppsetningu Borgarleikhússins á Fanný og Alexander.**

Viðtal: **Sara McMahon**
Myndir: **Anton Brink**

Kristín Þóra tekur á móti blaðamanni í anddyri Borgarleikhússins. Hér hefur hún starfað síðustu þrjú ár og tekið þátt í ófáum verkum leikhússins.

„Þegar ég var mjög ung setti ég oft upp sýningu í matarboðum eða veislum heima hjá okkur. Í minningunni gerði ég þetta ekki til að fá athygli heldur af því mér þótti svo eðlilegt að gera eitthvað skemmtilegt á mannamótum en svo rjátlaðist þetta hægt og rólega af manni. Sjálfri datt mér ekki í hug að ég mundi enda í leiklist enda fannst mér ég ekki nógu leikkonuleg.“

Kristín Þóra er beðin um nánari skýringu þar á. „Af því að ég er svo lágvaxin,“ segir hún hlæjandi en bætir svo við: „Ætli mér hafi ekki bara fundist það vera hlutverk annarra á þessum tíma.“

Hefði leiklistin ekki orðið fyrir valinu segist Kristín Þóra vel hafa getað hugsað sér að verða hjúkrunarfræðingur eða prestur enda njóti hún þess að vinna með fólki. „Ég vissi að ég vildi vinna starf þar sem fólk er í forgrunni. Ég var á leiðinni í hjúkrunarfræði eftir stúdentspróf en hafði áður sótt um í leiklistina og ekki komist inn. Á þessum tíma vann ég í Hlíðaskóla, gamla grunnskólanum mínum, og gamla leiklistarkennaranum mínum fannst út í hött að ég færi í hjúkrun og sagði mér að sækja aftur um í leiklistina. Hún gaf mér svo frí í vinnunni til að ég gæti valið mér einræðu að fara með í inntökuprófinu. Og ég komst inn.“

TALAÐI ÍSLENSKU MEÐ HREIM

Fyrstu ár ævinnar bjó Kristín Þóra ásamt foreldrum sínum og systkinum í Bretlandi, en þar stunduðu foreldrar hennar nám í hjúkrun og læknisfræði. Fjölskyldan flutti aftur heim til Íslands þegar Kristín var sjö ára gömul. „Enski hreimurinn er enn mjög sterkur og greinilegur þegar ég tala ensku. Fyrstu mánuðina eftir að við fluttum heim talaði ég meira að segja íslensku með enskum hreim, ég veit þetta því ég sá nýlega myndband sem tekið var í sjö ára afmælinu mínu og heyrði hreiminn greinilega.“

UNDIRBÚNINGURINN MIKILVÆGASTUR

Kristín Þóra stundaði nám við leiklistardeild Listaháskóla Íslands og segir námið hafa verið mjög krefjandi en einstaklega skemmtilegt. „Námið var rosalega skemmtilegt en því fylgdi mikil viðvera og mikil nánd, ég þurfti að velta mér upp úr gólfinu með bekkjarfélögum mínum og var jafnvel með nefið í handakrikanum á þeim. Við lærðum að vinna mjög náið með hvert öðru og það gat vissulega tekið á að vera með sömu níu einstaklingunum í marga klukkutíma dag eftir dag,“ segir hún og brosir.

Kristín Þóra útskrifaðist sem leikkona árið 2007 og fékk nánast strax fastráðningu hjá Leikfélagi Akureyrar. Þar dvaldi hún í ár og kom meðal annars fram í verkunum Óvitanum og Ökutímum. „Ég kunni ofsalega vel við mig á Akureyri og þar fékk ég, nýútskrifuð, einstakt tækifæri til að koma fram og leika.“

Kristín hóf næst störf hjá Borgarleikhúsinu og hefur unnið þar síðustu þrjú ár. Hún segist kunna vel við sig í Borgarleikhúsinu og að það sé að miklu leyti samstarfsfólki hennar að þakka. „Það er góður andi í húsinu og hér leggjast allir á eitt við að gera góðar sýningar. Ég gæti því ekki verið heppnari með bæði vinnustað og vinnufélaga.“

Kristín hefur komið fram í fjölda leikrita undanfarin ár og kveðst eiga erfitt með að gera upp á milli hlutverkanna sem hún hefur leikið, öll hafi þau verið krefjandi á sinn hátt. „Hlutverkið í Ökutímum var erfitt vegna þess að verkið fjallaði um kynferðisofbeldi. Það tók mjög á mig að vita að þetta væri saga einhvers og að svona hræðilegt ofbeldi skyldi í raun vera til. Mér þótti einnig mjög krefjandi að leika hlutverk Ástu í Gauragangi. Ásta er þroskaskert og ég lagðist í mikla undirbúningsvinnu fyrir það hlutverk og í leiðinni kynntist ég fullt af yndislegu fólki. Ég get verið svolítið óörugg á sviði og þess vegna finnst mér mikilvægt að vinna góða undirbúningsvinnu fyrir hvert hlutverk. Þá næ ég að slaka á og einbeita mér alfarið að því að skemmta áhorfendum.“

> *Það breyttist allt við það að verða mamma. Ég nota tímann minn betur og hef að auki meira gaman af öllu sem ég geri.*

KÝS HREINSKILNI

Kristín Þóra er á meðal leikenda í gamanþáttunum Kexvexmiðjan sem sýndir eru í Sjónvarpinu og er þetta í fyrsta sinn sem hún kemur fram í sjónvarpsþætti. Kexvexmiðjan er í leikstjórn Gísla Rúnars Jónssonar og hefur fengið misjafna dóma meðal áhorfenda. Gagnrýni er óhjákvæmilegur hluti leikarastarfsins en Kristín segist helst reyna að draga lærdóm af henni. „Ég kýs heldur að fólk sé hreinskilið við mig en að það hrósi mér fyrir eitthvað sem því þykir ekki gott. Ef gagnrýnin er slæm reyni ég að læra af henni og laga það sem betur mætti fara. Þannig hef ég í það minnsta reynt að tækla þetta hingað til.“

Aðspurð segir Kristín að það hafi verið mikil viðbrigði að stíga af leiksviðinu og færa sig yfir í sjón-

ÁLFABORG

FÖSTUDAGUR **21. OKTÓBER 2011**

Kynningarblað
Gæði, fagmennska, ráðgjöf, þjónusta, gólfefni, flísar, velgengni.

ÁLFABORG

Fagmennska lykill að farsæld

Byggingavöruverslunin Álfaborg hefur í 25 ár séð Íslendingum fyrir vönduðum gólfefnum og hreinlætistækjum. Fyrirtækið leggur áherslu á að sinna jafnt arkitektum, iðnaðarmönnum, verktökum og einstaklingum með fagmennsku og persónulega þjónustu að leiðarljósi. Á landsbyggðinni er unnið með heimamönnum á hverjum stað.

Álfaborg er ein elsta byggingavöruverslun landsins en hún hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá upphafi síðan árið 1986 og á því aldarfjórðungsafmæli. Össur Stefánsson, framkvæmdastjóri Álfaborgar, segir marga hreinlega hvá þegar þeir komist að því að fyrirtækið skuli enn vera rekið á sömu kennitölu eftir öll þessi ár. „Sígandi lukka er best, við höfum ekki farið í offjárfestingar sem ná þarf inn í vöruverði eða bankarnir afskrifa yfir á almenning," upplýsir hann.

Þá segist Össur hafa uppgötvað í gegnum NaxB, innkaupasamband sem Álfaborg myndaði með flísainnflytjendum á Norðurlöndunum og eru með á þriðja hundrað verslanir, að Íslendingar gera meiri gæðakröfur en almennt tíðkast, jafnvel meðal Norðurlandaþjóða.

„Við höfum einnig gætt þess að vera á tánum, sækjum sýningar úti til að fylgjast með nýjungum og leggjum áherslu á fulla breidd og verðflokka við allra hæfi. Eitt sinn sagði Ítali við mig: „Þessar flísar eru að verða eins og föt, vor- og hausttíska"."

Össur segir aðlögunarhæfni Álfaborgar jafnframt vera lykilþátt í þessari velgengni. Hún hafi komið fyrirtækinu í gegnum þær sveiflur sem jafnan verða í byggingariðnaði.

„Við sérhæfðum okkur til dæmis í gólfflísum í upphafi en okkur hefur vaxið fiskur um hrygg og erum í dag alhliða gólfefna- og hreinlætistækjaverslun. Það má meðal annars rekja til þess þegar Álfaborg tók stórt skref árið 2007 og keypti rekstur Baðheima og Teppaland/Dúkaland. Tvöfaldaðist þá velta, húsnæði og starfsfólk sem taldi 25 manns í báðum húsunum, Skútuvogi 4 og 6. Í dag bjóðum við viðurkennd og virt merki á borð við Porcelanosa, Tarkett og Villeroy og Boch, nokkuð sem kröfuharðir íslenskir neytendur kunna að meta. Þegar hægðist á byggingaiðnaðinum á Íslandi brugðum við svo á það ráð að bjóða ódýrari vörur samhliða öðrum frá framleiðslulöndum eins og Brasilíu, Póllandi og Kína. Reyndar eru Þjóðverjar að koma aftur sterkir inn á markaðinn og geta keppt í verði við Kína og enginn þarf að efast um gæðin frá þeim. Dæmi er Nordceram, flísaframleiðandi í Bremerhaven, en frá honum hafa nýlega verið valdar flísar á bankaútibú og íbúðir í hæsta gæðaflokki," nefnir Össur og tekur fram að fyrirtækið setji ávallt lágmarksviðmið í gæðum.

Össur Stefánsson, framkvæmdastjóri Álfaborgar, segir aðlögunarhæfni vera lykilþátt í velgengni fyrirtækisins. Hún hafi komið fyrirtækinu í gegnum þær sveiflur sem jafnan verði í byggingariðnaði. Hér hann ásamt eiginkonu sinni, Ásdísi Samúelsdóttur, og syni þeirra, Kolbeini Össurarsyni, sem koma að rekstrinum. MYND/STEFÁN

Fjölskyldan tók við rekstrinum fyrir aldarfjórðungi.

Þótt breiddin sé mikil segir hann Álfaborg langt í frá að vera hilluverslun heldur sé töluvert lagt upp úr sérhæfingu. „Þannig erum við sérhæfð í fáum vöruflokkum, með þrautreynt starfsfólk sem veitir faglegar upplýsingar og ráðgjöf, " upplýsir Össur og nefnir baðherbergi í því sambandi. „Þar höfum við heildarlausn."

Össur stýrði áður byggingavörudeild Nýborgar í fimm ár. „Þangað til að við keyptum reksturinn og létum heita Álfaborg," segir hann og getur þess að þrátt fyrir langan starfsaldur sé enn verk að vinna. „Ég hef stundum orðað það þannig að ef mér leiddist að mæta í vinnuna að morgni þá hætti ég. Það hefur ekki gerst ennþá," segir hann og brosir.

En stendur til að gera eitthvað í tilefni af afmælinu? „Já, hér verða afmælistilboð á öllum vörum, 25% afsláttur dagana 21. október til 5. nóvember og allir í afmælisskapi."

25% AFSLÁTTUR Í TILEFNI 25 ÁRA AFMÆLISINS!

Í tilefni afmælisins bjóðum við viðskiptavinum okkar 25 prósenta afslátt af öllum vörum til 5. nóvember. Afslátturinn gildir einnig fyrir sérpantanir sem staðfestar eru á sama tímabili. Álfaborg hefur tekist að halda verðhækkunum í algjöru lágmarki frá falli íslensku krónunnar. Þetta hefur okkur tekist með aðstoð erlendu birgjanna okkar sem við höfum átt farsæl viðskipti við til margra ára auk þess sem gætt hefur verið aðhalds í kostnaði. Með þessum ríflega afslætti eru margar vörur á verði sem er nálægt því sem þau voru á fyrir 4 til 5 árum.

FAGLEG RÁÐGJÖF VIÐ VAL Á GÓLFEFNUM

Álfaborg hefur fengið til sín innanhúsarkitektinn Pétur Hafstein Birgisson til að aðstoða viðskiptavini við val á gólfefnum og heildarlausnum fyrir baðherbergi. Pétur verður í verslun okkar alla opnunardaga fram til 5. nóvember frá klukkan 13 til 18. Þetta er kjörið tækifæri fyrir viðskiptavini okkar að fá faglega ráðgjöf frá mjög reyndum innanhúsarkitekt. Það er von okkar að þessi nýja þjónusta nýtist viðskiptavinum okkar vel og opni fyrir þeim nýja möguleika.

„Porcelanosa hefur náð undraverðri tækni í að líkja eftir marmara og þessar keramikflísar eru eitt dæmið um það," segir Pétur, en þetta baðherbergi er í húsi sem hann hannaði á síðasta ári. Alls staðar inni í gluggunum og við baðker og klósettkassa var settur vinkillisti úr sama efni og flísarnar, sem er lausn sem ekki öll flísafyrirtæki bjóða upp á.

Tími hlýlegri mínimalisma

Pétur Hafsteinn Birgisson innanhússarkitekt hefur víða komið við og á fjölbreytt verk víða um land. Pétur veitir viðskiptavinum Álfaborgar ráðgjöf í tilefni 25 ára afmælisins. Sjálfur hefur hann fylgst vel með framleiðslu á Porcelanosa-flísum, þar á meðal farið fimm sinnum á sýningar á Spáni.

Pétur Hafsteinn útskrifaðist sem innanhússarkitekt frá Danmörku, frá Skolen for boligindretning, árið 1987 og hefur starfað sem slíkur síðan. Álfaborg hefur hann kynnst í gegnum vinnu sína, fyrst þegar hann vann fyrir Finn P. Fróðason en hann starfaði á teiknistofu hans fyrstu fjögur árin eftir útskrift. Síðan þá hefur hann notað Porcelanosa-flísar í fjölmörg verk sem hann hefur unnið fyrir aðra og einnig í eigið húsnæði.

„Ég fór að starfa sjálfstætt árið 1996 en þá hafði ég frá því ég hætti hjá Finni unnið á Arkitektastofunni OÖ í ein fimm ár. Ég hef unnið að margs konar verkefnum sem er of langt mál að telja upp hér en þetta eru skrifstofur, verslanir, hótel og svo það sem ég hef ákaflega gaman af að fást við, en það eru heimilin," segir Pétur.

Svo náin vinna sem það getur verið að innrétta heimili fólks hefur oft getið af sér góðan kunningsskap en Pétur segir að hann segi stundum að sjálfur hafi hann engan ákveðinn stíl. Hann hlusti á óskir fólks og reyni að uppfylla þær. „Stundum hefur fólk mjög ákveðnar skoðanir, sem getur verið skemmtilegt meðan aðrir eru í vandræðum með hvað þeir vilja og þau verkefni eru líka spennandi áskorun. En þetta er mjög gefandi ferli að fylgja fólki eftir í því að koma sér fyrir og aðstoða það við að fara sínar leiðir. Eða ef svo ber undir, að aðstoða það við að finna hvaða leið það vill fara."

Hluti af starfi Péturs er aðstoð við val á gólfefnum en þar þarf að líta til margra þátta, svo sem út frá því um hvernig húsnæði er að ræða, slitþoli og umhirðu. „Ef um skrifstofur eða verslanir er að ræða þarf að huga vel að þeim þáttum. Þá fer það eftir starfsemi fyrirtækja, hvernig gólfefni eru valin þar sem mismunandi gólfefni henta mismunandi starfsemi."

Pétur bendir á að þar sem hiti er í gólfum, eins og er í flestum nýbyggingum í dag, sé gott að velja flísar þar sem þær leiði betur hita en til að mynda parkett, sem einangrar hitann. Sem er þá orkusparnaður um leið.

Pétur hefur fylgst afar vel með framleiðslu og vöruþróun Porcelanosa og eftir margar heimsóknir til þeirra veit hann um hvað fyrirtækið snýst. „Þetta eru lúxusvörur og langframsæknasta fyrirtæki í flísaheiminum að mínu mati. Það selur mikið til efnaðs fólks í Mið-Austurlöndum og Bandaríkjunum og það hefur vægast sagt verið mikil upplifun að koma í heimsókn í fyrirtækið, skoða rannsóknarstofurnar og vinnuaðstæður. Það hefur eiginlega gengið þannig fyrir sig að þær vörur sem Porcelanosa hefur sýnt á sýningum með öðrum framleiðendum, eru alltaf skrefi á undan og á næstu sýningu má sjá að aðrir framleiðendur eru undir greinilegum áhrifum frá síðustu vörulínu Porcelanosa."

Pétur segist hafa verið ákaflega heillaður af framleiðslu Porcelanosa, ekki síst vegna þess að vörulínan sé svo fjölbreytt. Ég finn nánast alltaf svör við mínum hugmyndum hjá þeim og get útfært þær. Hvort sem það eru flísar á gólf, baðherbergisveggi og gólf, á eldhúsveggi, nú eða á tröppurnar og svalirnar. Þá hef ég einnig notað flísar frá þeim í utanhússklæðningu með góðum árangri en þar eru þeir mjög sterkir eins og í öllu sem þeir gera."

Varðandi liti og áferð segir Pétur það fara mikið eftir hvaða stíl er verið að vinna með hvað sé valið. Undanfarin ár hafi hann séð mikið af brúnum og dröppuðum litum, núna séu gráir tónar áberandi og með þeim oft sterkir skærir litir notaðir, í stökum húsgögnum eða fylgihlutum. „Straumar og stefnur í gólfefnum undanfarin ár eru helst að varðandi parket hefur verið mikið um svokallað plankaparket, eikin hefur verið áberandi, bæði ólituð og svo hvíttuð. Þá hefur mikið verið um stórar flísar, 60x60 cm, 80x80 eða til dæmis 120x60 cm. Náttúrusteinn er alltaf með en kannski er minna um þennan grófa, frekar meir af slípuðu efni."

Margir telja að tími minímalisma sé liðinn en það telur Pétur ekki rétt. „Sá stíll er kannski ekki eins svartur og hvítur og hann hefur verið hjá okkur Íslendingum undanfarin ár, hann er gerður hlýlegri með því að nota meiri við í innréttingar og nota meiri liti. Mínimalismi er löngu orðinn klassískur og hverfur ekkert. Annar stíll sem hefur verið áberandi undanfarið er meira rómantískur og sækir kannski innblástur í frönsk sveitaheimili, útskorin húsgögn, köflótt áklæði, höráklæði og mikið af fallegum fylgihlutum."

> **Það er mjög gefandi ferli að fylgja fólki eftir í því að koma sér fyrir og aðstoða það við að fara sínar leiðir. Eða að aðstoða það við að finna hvaða leið það vill fara.**

Pétur Hafsteinn Birgisson innanhússarkitekt.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmenn auglýsinga:** Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5429. | **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

Pétur Hafsteinn innanhússarkitekt segir Porcelanosa standa feti framar á alþjóðlegum flísasýningum. Gráir tónar eru áberandi um þessar mundir að sögn hans.

25% afmælisafsláttur
21/10-5/11
25 ára
ÁLFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

Skafti Stefánsson, innkaupastjóri og sölumaður hjá Álfaborg, segir hljóðeinangrun skipta miklu þegar teppi á stigaganga eru valin, en einnig litur og áferð sem fela óhjákvæmileg óhreinindi. MYND/STEFÁN

Hljótt í stigahúsinu

Það er bæði auðvelt og gaman að skipta um teppi á stigaganginum í samvinnu við Álfaborg. Þar fást slitsterk og fögur stigahúsateppi í úrvali og allt unnið af metnaðarfullum fagmönnum með áratuga reynslu.

Það kostar ekki nema eitt símtal í Álfaborg að fá dúklagningameistara í heimsókn til að gera tilboð í teppalögn á stigahúsinu, þar sem allt frá A til Ö er innifalið," upplýsir Skafti Stefánsson, innkaupastjóri í teppadeild Álfaborgar, sem býður húsfélögum umrædda þjónustu endurgjalds- og skuldbindingarlaust.

„Ásamt því að mæla upp stigaganginn mætir meistarinn með sýnishorn teppa sem fást í úrvali lita og gæða, og reiknar út tilboð sem felur í sér að rífa og fjarlægja gömlu teppin, leggja ný teppi með öllum tilheyrandi kostnaði og útreiknaða endurgreiðslu á virðisaukaskatti svo húseigendur geri sér grein fyrir endanlegum kostnaði við teppaskiptin," útskýrir Skafti.

Í teppadeild Álfaborgar fæst ríkulegt úrval slitsterkra stigahúsa- og skrifstofuteppa, sem öll eiga sammerkt að vera dugandi á fjölfarin gólf.

„Fyrsti kostur ætti ávallt að vera teppi með góðri endingu, því með teppalögn í stigahúsum er ekki tjaldað til einnar nætur. Ending teppanna okkar er frá einum upp í þrjá áratugi, og mikið um teppi sem við lögðum fyrir aldarfjórðungi sem eiga enn mikið eftir og sér varla á," segir Skafti og gefur upp 2.000 króna mun á fermetraverði eftir gæðum. „Val fólks á teppum fer líka eftir því hversu lengi það sættir sig við að hafa þau, því vissulega getur verið gaman að breyta til á tíu ára fresti."

Að sögn Skafta hefur teppatíska stigahúsa verið söm við sig á undanförnum árum og engar stórvægilegar breytingar í augsýn.

„Flestir kjósa gráleit, yrjótt teppi á stigahúsin, enda mikilvægt að velja praktísk teppi sem fela óhreinindi sem óhjákvæmilega verða eftir þegar gengið er inn á þau beint af götunni. Þá er líka áríðandi að setja góðar mottur í forstofur stigahúsa til að taka við mesta skítnum, bleytu og slabbi, því sandur og gróf óhreinindi slíta teppum fyrr en ella," segir Skafti og minnir á annað mikilvægt atriði við val á gólfteppum á stigahús, en það er hljóðeinangrun.

„Á öllum teppum okkar eru tækniupplýsingar sem gera grein fyrir einangrun þeirra í desibelum og mikill munur á milli teppa. Einangrun skiptir sköpum ef losna á við glymjanda og bergmál í stigahúsum, og er einmitt höfuðástæða þess að teppi eru oftast valin umfram gólfdúk á stigahús."

Auk fallegra teppa á stigahús býður Álfaborg einnig stórkostlegt úrval heimilisteppa úr ull og gerviefnum í öllum verðflokkum og ódýr filtteppi sem henta vel til bráðabirgða.

Porcelanosa – Flísar fyrir vandláta



Keneya pulpis. Flestar gólfflísar frá Álfaborg er hægt að leggja með grannri fúgu.

Álfaborg hefur selt flísar frá spænska flísaframleiðandanum Porcelanosa í yfir 20 ár, en Porcelanosa er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og sölu gólf- og veggflísa um allan heim, með útibú í yfir hundrað löndum. Fyrirtækið gerir strangar kröfur um gæði og langan líftíma vörunnar sem hefur tryggt Porcelanosa gott orðspor.

„Margir viðskiptavina okkar sem keyptu Porcelanosa-flísar í byrjun hafa keypt þær aftur og aftur og ekki viljað annað þegar farið hefur verið í framkvæmdir," segir Kolbeinn Össurarson, einn af eigendum Álfaborgar.

„Porcelanosa hafa einnig ávallt verið á undan með nýjungar í flísum, bæði í útliti og tækninýjungum við framleiðsluna," bætir hann við en Porcelonsa sérhæfir sig í framleiðslu á flísum með náttúrulegu útliti og málteknum gólf- og veggflísum sem hægt er að leggja með grannri fúgu. Þá koma flísarnar einnig í margvíslegri lögun og stærðum. Segja má að flísar frá Porcelanosa séu flísar fyrir vandláta en á viðráðanlegu verði.

„Við höfum náð mjög góðum samningum við Porcelanosa eftir fall krónunnar og getum boðið flísarnar þaðan á mjög samkeppnishæfu verði," segir Kolbeinn.

Heimasíða fyrirtækisins er www.porcelanosa.com.

Treviso. Porcelanosa býður upp á mikið úrval flísa með mosaík-útliti.

Tarkettgólfin auka lífsgæði

Tarkett hefur ráðandi markaðsstöðu í heiminum í sölu nýstárlegra og endingargóðra gólfefna og salan árið 2010 nam 1,9 milljörðum evra. Fyrirtækið vinnur með fremstu arkitektum og byggingaverktökum heims og gólfefnin frá Tarkett, hvort sem er fyrir heimahús, fyrirtæki eða íþróttamannvirki, njóta mikillar virðingar innan byggingariðnaðarins.

Tarkett býður upp á gólfefni sem henta bæði einstaklingum og fyrirtækjum og gólfefnin frá Tarkett auka bæði lífsgæði fólksins sem gengur á þeim og endursöluverð bygginganna. Hvert gólf er sérsniðið að óskum viðskiptavinarins og tekur mið af þörfum hans og óskum. Rýmið sjálft, notkun þess, byggingareglugerðir og fjárráð eru mismunandi í hverju tilviki fyrir sig og Tarkett mætir öllum kröfum með það að leiðarljósi að hver og einn viðskiptavinur sé einstakur.

Gólfefnin frá Tarkett njóta mikilla vinsælda í heimahúsum.

Hjá Tarkett trúa menn því að gólfefni hafi marktæk áhrif á það hvernig fólk upplifir hýbýli sín, vinnustaði og íþróttaaðstöðu og hafi mikið um það að segja hversu vel fólki líður. Á sinn hátt má segja að gólfefnin leggi sitt af mörkum til að auka lífsgæði fólksins sem býr, vinnur eða ræktar líkamann í því umhverfi sem Tarkett hjálpar til við að skapa.

Það skiptir engu hvort um er að ræða opinbera byggingu, verslunarhúsnæði, einkaíbúðir eða íþróttahús, nýbyggingu eða endurbyggingu þá sameinast sérfræðiþekking Tarkett og breitt úrval af viðargólfefnum, vínylgólfum, línóleumdúkum og gúmmíi um að gera Tarkett-gólfin einstök. Og þegar við bætist að Tarkett leggur ofuráherslu á að koma til móts við einstakar þarfir viðskiptavinarins getur útkoman ekki annað en orðið ánægjuleg.

Nýtt teppi á stigaganginn – nú er tækifærið !!!!

Eitt verð - niðurkomið kr. 6.390 m²

Verðdæmi:
70 fermetra stigahús með 8 íbúðum
Heildarverð kr. 447.300
Endurgr. VSK og meðal skattaafsl (70.995)
Raunverð kr. 376.305
pr. íbúð aðeins 47.038

ALLIR VINNA

Komum á staðinn með prufur og mælum, ykkur að kostnaðar lausu

25 ára

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

varpsleik. Hún viðurkennir að hún hafi þó aðeins náð að sjá tvo þætti af Kexvexmiðjunni sökum anna. „Ég er eiginlega alltaf að sýna á þeim tíma sem þátturinn er í sjónvarpinu. Mér fannst mjög spennandi að fá tækifæri til að vinna í sjónvarpi því það er mikill munur á því og að leika á sviði. Í leikhúsi þarf maður að leika hlutverk sitt jafnvel kvöld eftir kvöld og reyna að halda verkinu fersku, jafnvel eftir hundrað sýningar. Þótt sum atriðin í Kexvexmiðjunni hafi þurft nokkrar tökur urðu þær sem betur fer aldrei hundrað," segir Kristín.

Kristín á soninn Emil Björn og að hennar sögn breytti fæðing hans miklu bæði í einkalífinu hennar sem og í starfi. Hún segist nú skipuleggja tíma sinn betur og kunna betur að slappa af. „Það breyttist allt við það að verða mamma. Ég nota tímann minn betur og hef að auki meira gaman af öllu sem ég geri, mér fannst svo svekkjandi að fara frá Emil og eyða þeim tíma í stress og vitleysu. Ég lærði líka að slappa af og taka sjálfa mig ekki of alvarlega."

Kristín er gift Kára Allanssyni organista og gekk parið í það heilaga árið 2008. „Við giftum okkur í Hallgrímskirkju, Kári vildi hafa flott orgel og þau gerast ekki glæsilegri en í Hallgrímskirkju."

HLAKKAR TIL JÓLANNA

Jólasýning Borgarleikhússins í ár er verkið Fanný og Alexander eftir sænska leikstjórann Ingmar Bergman. Kristín fer með hlutverk Maj og segist mjög spennt fyrir því að hefja æfingar. „Ég er mjög spennt fyrir því að hefjast handa og byrja vinnuna með samleikurum mínum og leikstjóranum. Þar sem þetta er jólasýning er ég að vinna öll jólin, vonandi tekst mér að klára jólainnkaupin fyrir Þorláksmessu," segir hún að lokum brosandi.

* myndaalbúmið

Mynd af mér í hlutverki Ástu í Gauragangi.

Ég og bróðir minn á fyrsta skóladeginum mínum úti í Bretlandi.

Fjölskyldumynd sem tekin var fyrir tveimur árum af Aldísi Pálsdóttur, ljósmyndara og snillingi.

Þarna var ég nýbúin að stíga á stokk í sumarhúsabyggð í Hollandi, búningurinn er eigin hönnun.



Götutískan er nýjasta æðið innan tískuheimsins:

Nýjar fyrirmyndir EN GAMLAR staðalímyndir

Vinsældir götutískublogga á borð við The Sartorialist, The Street Peeper, Facehunter og Tommy Ton hafa orðið til þess að meiri áhugi er á því sem gerist fyrir utan sýningarnar en á tískupöllunum sjálfum.

Þegar tími tískuviknanna gengur í garð fara ljósmyndarar og bloggarar af stað til að mynda tískuna á götunni og finna nýjustu stúlkuna, sem er „með´etta“. Þeir sem sækja tískusýningarnar skarta sínu fínasta pússi til að fanga athygli ljósmyndara sem keppast um að ná bestu myndinni. „Sértu ekki hluti af tískuheiminum veistu líklega ekki að ritstjórar tískutímaritanna fá fötin sín lánuð frá hönnuðum til að klæðast við ákveðinn viðburð. Þú veist heldur ekki að flest hætta þeir að borða meðan á tískuvikunum stendur svo þeir passi í þessi föt,“ sagði Britt Aboutaleb, fréttastjóri Elle.com, eitt sinn.

Annar ritstjóri sagði sýnileika á tískubloggum auka vinsældir ritstjóra og þar með atvinnumöguleika hans í framtíðinni. „Það er gaman að skoða götutískuna á netinu en ég held að hún ýti enn meira undir þær staðalímyndir sem tískuheimurinn er að reyna að hrista af sér. Fólkið á myndunum er fallegt, grannt og klætt í nýjustu tísku frá toppi til táar,“ sagði Aboutaleb.

Plötusnúðurinn og félagsljónið Leigh Lezark hefur lengi þótt smekkleg í klæðaburði.

Fyrirsætan Natalia Vodianova er gjarnan mynduð í kringum tískuvikurnar.

Nýjar fyrirmyndir Fólk innan tískuiðnaðarins leggur mikinn metnað í klæðnað sinn þegar það sækir sýningar á tískuvikunum. Anna Dello Russo er meðal annars þekkt fyrir að klæða sig ólíkt öllum öðrum. NORDICPHOTOS/GETTY



TOPSHOP + OKTÓBER + NÁMSMENN =

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

fyrir framhalds- og háskólanema gegn framvísun skólaskírteinis.

DAGLEGA MUNUM VIÐ EINNIG GEFA HEPPNUM NÁMSMÖNNUM SEM VERSLA HJÁ OKKUR GLÆSILEGA VINNINGA FRÁ VEITINGASTAÐNUM **GLÓ** OG LÍKAMSRÆKTARSTÖÐINNI **HREYFINGU**.

Gildir ekki með öðrum afsláttum, tilboðum né kaupum á gjafakortum.

Ert þú vinur okkar á facebook.com/topshop.is

Á RÚMSTOKKNUM

Sigga Dögg kynfræðingur

Píkan sem varð útundan

Það vantar eitthvað. Píkan er ekki eins og hún á sér að vera. Hún undirbjó sig í níu mánuði undir átök sem aldrei komu. Eins og hlauparinn sem var settur á hliðarlínuna þegar hann var við það að klára maraþonið og fékk svo verðlaunapening sendan í pósti. Píkan undirbjó sig andlega undir útvíkkun, rembing, þrýsting og strekkingu. Hún lærði haföndun, styrkti grindarbotnsvöðvana og æfði stellingar sem opnuðu grindina. Allt kom fyrir ekki. Þessi nýja kunnátta píkunnar fékk ekki að njóta sín og hún er svekkt. Því það vantar eitthvað.

Það er undarleg upplifun að „missa“ af fæðingu. Allt ferlið sem verðandi móðir les um og hlakkar til með kvíðablandinni eftirvæntingu. Hugsanir um hvernig það verði að missa vatnið og hvort hríðirnar hefjist í fjölmennum stað. Svo ekki sé nú talað um tilfinninguna að finna hvenær allt fer af stað. Öll þessi dulúð sem einkennir góða sögu er klippt út, líkt og hlé í bíósýningu á hápunkti spennunnar. Píkunni var kippt úr hringiðunni. Þess vegna vantar eitthvað. Sagan er ekki heil, frásögnin er ekki lengur í fyrstu persónu og hluta atburðarásarinnar vantar.

Keisaraskurður er framkvæmdur tvisvar í viku svo þú getur valið dag. Þér er úthlutað númer og biðstofa. Teymi sérfræðinga kynnir sig og potar, stingur og nuddar. Engin heitur pottur, kertaljós eða jógatónlist. Skapabarmahárin eru rökuð, barnsfaðir boðinn velkominn og því næst ertu skorin. Píkan hefur verið kæld niður fyrir frostmark og treystir hún því á sögumanninn til að segja sér hvað sé að gerast hverju sinni. Engar myndavélar og enginn spegill. Bara lýsing sérfræðings við höfuðs þér. Einn fótur og svo annar. Tíu tær og tíu fingur. Píkan liggur þægilega hreyfingarlaus þegar fyrsta ópið kemur í heiminn og nýbökuð móðir fellir stolt nokkur tár. Barnið fæddist þá leið sem það kaus og viðstaddir fagna fallega rúnuðu höfuðlagi keisarayngjunnar.

Sumir segja píkuna heppna að losna við þessar kvalir. Segja skurð vera lúxus sem ekki sé hægt að kvarta yfir. Ekkert vesen, bara hreinn og beinn saumur og leggöngin haldast stinn. Vissulega kveið hún fyrir mögulegum breytingum og hvort og hvar og hvernig hún myndi rifna en þessu átti hún ekki von á, neitað um hlutverk sem hún var fædd í. Hún er óbreyttur borgari en ekki hluti af elítunni sem tárast yfir fegurð taktfasts rembings.

Leiðirnar að markmiðinu geta verið margar og leiðin sjálf skiptir kannski ekki höfuðmáli svo lengi sem markmiðið næst. Innganga fékkst í klúbb mæðra þrátt fyrir að hafa verið neitað um vígsluathöfnina. Píkan er nú aukapersóna sem jafnar sig með tíð og tíma, hennar andlegu sár gróa eflaust á svipuðum hraða og læknasaumarnir.

Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlif@frettabladid.is

20. október - 16. nóvember

Villibráð

Veislan hefst í kvöld

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni víðsvegar að
til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á.
Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.

Jólahlaðborð

17. nóvember - 30. desember

Eigðu einstaka og hátíðlega kvöldstund á hinu óviðjafnalega jólahlaðborði Perlunnar. Það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

Gjafabréf Perlunnar

Góð gjöf við öll tækifæri!

Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

Rýnt í götutískuna á Iceland Airwaves tónlistarhátíðinni:

Hress tónleikatíska

Tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves lauk síðasta sunnudag eftir fimm daga gleði og glaum. Föstudagur fór á stúfana ásamt ljósmyndaranum *Huldu Sif Ásmundsdóttur* og myndaði nokkra vel klædda gesti hátíðarinnar.

Nafn: Eva Dís Sigurðardóttir.
Aldur: 22 ára.
Starf: Námsmaður.
Nafn: Elísabet Ester Sævarsdóttir.
Aldur: 22 ára.
Starf: Nemur við HÍ og starfar á Hrafnistu.

Nafn: Fred Chabot.
Aldur: 29 ára.
Starf: Félagsráðgjafi.

Nafn: Hólmfríður S. Sigurlaugar-Guðmundsdóttir.
Aldur: 22 ára.
Starf: Stundar heimspekinám við HÍ.

Nafn: Thea-Maria.
Aldur: 26 ára.
Starf: Nemi.

Vertu viss um að D-vítamínið þitt skili sér fljótt út í líkamann og nýtist sem best!

DLUX1000 er byltingarkennt D-vítamín í munnúðaformi

Tryggir hámarksnýtingu !

3 mánaða skammtur

Af hverju DLux 1000?

- DLUX 1000 er olíublandað og tryggir því betri nýtingu.
- Vítamínið fer beint út í blóðrás í stað þess að fara í gegnum meltingarveginn sem tryggir hraðari upptöku.
- Skammtakerfi sem skammtar 1000IU í hverjum úða.
- Í hverju glasi eru 100 úðar um 3ja mánaða skammtur.
- Hentar grænmetisætum

D vítamín til daglegra nota
Hentar öllum aldri
Náttúrulegt piparmyntubragð

BetterYou™

DLux1000 var þróað í samvinnu við Jan de Vries, en hann er frumkvöðull á sviði náttúrulegra lækninga, rithöfundur, fyrirlesari og hefur yfir 40 ára reynslu af fæðubótarefnum og áhrifum þeirra á heilsuna.

BetterYou™ Eins og náttúran hafði í hyggju
DLUX 1000
magnaða sólarvítamínið

Fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fjarðarkaup, Krónunni, Nóatúni, Vöruvali Vestmanneyjum og Lifandi Markaður

Innflutningsaðili: Gengur vel ehf.

Svartur brúðarkjóll Hönnuðurinn Vera Wang sýndi nokkra svarta brúðarkjóla og aðra í gráum tónum.
NORDICPHOTOS/GETTY

Buxur á brúðkaupsdaginn THEIA Bridal sýndi meðal annars buxnadragt á sýningu sinni.

Nýir straumar í brúðartískunni:

Nú er það svart

Á eftir hefðbundnu tískuvikunum kemur brúðartískuvikan þar sem nýjustu straumarnir í brúðartískunni eru kynntir. Í ár mátti sjá nokkra óvenjulega strauma og sýndi hönnuðurinn Vera Wang meðal annars nokkra svarta kjóla.

Á meðal þess sem mátti sjá í brúðartískunni voru stuttir kjólar, kjólar með háum klaufum, buxnadragtir og síðast en ekki síst; kolsvarta kjóla. Hönnuðurinn Vera Wang brá út af vananum og frumsýndi nokkra svarta kjóla í bland við kjóla í gráum tónum. Augljóst er að hönnuðir eru óhræddari við að prófa nýja hluti í brúðarkjólatískunni og auka þar með úrvalið fyrir tilvonandi brúðir. - sm

Ray•Ban® dagar í Smáralind

20% afsláttur

af öllum sólgleraugum frá Ray•Ban í dag og fram á mánudag 24. okt.

Optical Studio
SMÁRALIND

Sjónmælingar: Tímapantanir í síma 528 8500

YFIRHEYRSLAN

Jóna Ottesen, annar eigandi tískuverslunarinnar Lakkalakk.com

Ertu A- eða B-manneskja?
Ég er sko algjör A-manneskja. Ég elska að vakna klukkan 7.30 og fara í sund, borða hollan morgunmat og er oftast sofnuð um klukkan 23. En um helgar fær B-manneskjan að blómstra.

Hvaða bók ertu að lesa um þessar mundir?
Einn dagur eftir David Nicholls.

Uppáhaldsliturinn:
Það er erfitt að velja einn uppáhaldslit, grænn og fjólublár eru báðir í uppáhaldi og svo allir hinir.

Hver eru nýjustu kaupin?
Ég keypti svaka flottar Oroblusokkabuxur í Lakkalakk.com sem ég dansaði í á Airwaves.

Hvað dreymir þig um að eignast?
Mig dreymir um að eignast ansi margt. En það sem mig bráðvantar núna er góðir vetrarskór, vetrarjakki, kósí íbúð og kort í jóga.

Hvaða lag kemur þér í gott skap?
Ég set oftast 80´s lag á fóninn og fer þá í gott skap.

Einn hlutur sem þú vissir ekki um mig:
Ég er örvhent.

Uppáhalds drykkurinn:
Íslenskt vatn.

Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa tæplega 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

18-49 ára	Höfuðbsv.	Landið allt	12-80 ára	Höfuðbsv.	Landið allt
Fréttablaðið	69,9%	57,7%	Fréttablaðið	73,1%	60,1%
Morgunblaðið	26,3%	24,4%	Morgunblaðið	33,4%	31,5%
DV	9,5%	9,4%	DV	11,4%	10,9%
Fréttatíminn	44,4%	32,3%	Fréttatíminn	50,7%	36,9%
Finnur.is	25,3%	19,6%	Finnur.is	33,8%	26,1%
Monitor	24,5%	22,4%	Monitor	24,4%	23,5%
Viðskiptablaðið	7,1%	6,8%	Viðskiptablaðið	9,8%	8,7%

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Júlí til september 2011, meðallestur á tölublað.

Allt sem þú þarft...

Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

föstudagur

Fylgstu með

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

TOYOTA
Notaðir bílar Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakopavogi.is

TOYOTA Avensis s/d sol. Árgerð 2007, ekinn 59 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.750.000. Rnr.180327.Toyota Kletthálsi Simi 570-5220.

TOYOTA Prius hybrid. Árgerð 2007, ekinn 92 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Ásett 2.590 Tilboð 2.290.000. Rnr.200550. skoða skipti ódýrari. Toyota Kletthálsi Simi 570-5220.

TOYOTA Land cruiser 100. Árgerð 2000, ekinn 153 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.490.000. Rnr.130578. Toyota Kletthálsi Simi 570-5220.

CITROEN C3 sx. Árgerð 2006, ekinn 42 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.090.000. Rnr.130952. Toyota Kletthálsi Simi 570-5220.

TOYOTA Rav4 gx. Árgerð 2007, ekinn 57 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.110465. Skoða skipti á Yaris/Auris 2008-2010 Toyota Kletthálsi simi 570-5220.

Notaðir bílar Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakopavogi.is

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.hjalp.is

Bílabankinn

Allt að 100 % lán Visa/Euro eða Bílalán frá Ergó TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2003, ekinn 143 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 850.000. Rnr.164457.Sjá Myndir Bílabankinn.is

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opið 12-16 laugardaga
www.bilabankinn.is

bilfang.is
S. 567 2000

Polaris ATV TRG 800 EFI Touring 4X4 800cc 06/2008 ek 6 þ.km flott græja flott verð 1780 þús.

M-Benz C 200 Kompressor '02/2005 ek. 67 þ.km sjálfskiptur, fallegur og vel hirtur bíll sem vert er að skoða verð 2950 möguleg skipti.

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

STÓRA BÍLASALAN

MM Pajero Sport Dísel Árgerð 2007, ekinn 136þ. km, bsk, leður, lúga. Flottur bíll sem er á staðnum! Verð 2.350.000kr. Raðnúmer 131807. Sjá nánar á www.stora.is

Hyundai IX35 GLS Árgerð '6/2011, ekinn 14þ.km, ssk. Mjög gott eintak sem er á staðnum! Verð 4.890.000kr. Raðnúmer 131828. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

HEIMSBÍLAR

VW Transporter pickup langur. Árgerð 2005, ekinn 110 Þ.KM, dísel, 5 gírar. GOTT VIÐHALD, ER Á STAÐNUM. Verð 1.990.000.

MMC Pajero GLS. Árgerð 2005, ekinn 107 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur leður,loftkæling, HRIKALEGA GOTT VERÐ. Verð 2.200.000.

TOYOTA Rav4 sport. Árgerð 2005, ekinn 105 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.750.000. BÍLLINN ER Á STAÐNUM.

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5674000
http://heimsbilar.is

bifreidar.is
bifreiða- & vinnuvélanetsalan

NEW HOLLAND Ts125a. Árg. 2006, ekinn 1400 VINNUST., dísel, 5 gírar. Verð 7.940. þús. Verð með VSK Rnr.103078.

bifreidar.is
Réttarháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 577 4777
Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.
http://www.bifreidar.is

SUZUKI

Sparneytnir, öruggir og áreiðanleigir fjórgengismótorar frá Suzuki. Eigum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

Suzuki Umboðið ehf
Skeifan 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
http://www.suzuki.is

P. KARLSSON ehf.

Sértilboð á húsbílum.

Hymer CC G644 árg 06
tilb. 4.990.000.

Hymer CC G684 árg 06
tilb. 5.200.000.

LMC Breezer V654G árg 09
tilb. 8.990.000.
www.pkarlsson.is/www.lmc.is

P. Karlsson ehf
Ögurhvarfi 2, 203 Kópavogi
Sími: 824 3900

B.STURLUSON

Tilboð á sóluðum vörubíla- og vagnadekkjum frá Boss

Sóluð Boss vetrardekk með N41 munstri, 315 80 R22.5, tilboðsverð 56.873,- með VSK Sóluð Boss vagnadekk með heilsársmunstri, 385 65 R22.5, tilboðsverð 59.735,- með VSK Dunlop vetrarframdekk til í 295, 315, 385 og 385 míkróskorið. Bjóðum upp á neglingu.

B. Sturluson ehf
Vagnhöfði 6, 110 Reykjavík
Sími: 577 1189
Eigum til stálfelgur undir vörubíla og vagna
http://www.trucks.is

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

M.BENZ Ml 350. Árg. 2006, ekinn 106 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.380. þús. Skifti ath. Rnr.154035. Óskum eftir bílum á á söluskrá og á staðinn. MIKIL SALA!

Höfðabílar
Fosshals 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn
www.hofdabilar.is

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777

MMC Pajero New Dísel 3.2. Árgerð 2008, ekinn 55 Þ.Km, Sjálfskiptur. Kúla, filmur ofl. Verð 5.990þ.

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is

100 bílar bílasala 100bilar.is

Nýr bíll, DODGE Ram 1500 Sport METAN, sjálfsk, 390hö, Allur hugsanlegur Lúxus búnaður, Stórglæsilegir bílar, Verð aðeins 7.490þús.kr, Rnr.115659, ATH aðeins 2 stk eftir, eru á staðnum,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Toyota Celica, árg. '00, ek. 120 þkm. Ásett verð 950 þ. Selst vegna sérstækra aðstæðna. Uppl. 821 3854.

Ódýrir, góðir, ný sk !!
Toyota Avensis '94. Ssk. Gott viðhald. Vel til keyrður. V. 185 þ. Ford Mondeo '98. Ssk. Ek. 148 þ. V. 175 þ. S. 821 9887.

Til sölu Mitchubissi Pajero Instyle, einn með öllu. Ek. 77 þkm. 32" dekk. Skipti mögulega á ódýrari. V. 6.490. Uppl. 893 6398.

Man dráttarbíll með vagi. Ásett V 4.5. Getur fengist á 2.9 mil saman. S. 840 7640.

Fullkomnara metan kerfi
Betra METAN
Breyttu þínum bíl
Sjá sparnað á islandus.is
islandusMetan
www.islandus.is - Sími 552 2000

50% ódýrara eldsneyti með metan breytingu. Engin útborgun. Greiðist með rekstrarsparnaði! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - S. 5522000.

Honda Shuttle IES. Árg. 2000. Ek. 191 þkm. sk. '12. Góður bíll. 7 manna. Verð 590 þ. Uppl. í 894 9529.

Jeppi á 395 Þús.
Korando Diesel traustur bíll árg. '98 beinsk, ek. 170þ nýskoðaður, ný kúpl. ofl. 395 stgr. s. 847 9862.

0-250 þús.

VW Caddy '98 til sölu ný skoðaður 200 þús. uppl. s. 849 4014.

250-499 þús.

Sparigrís á tilboði 290 þús!
RENAULT CLIO 1,2 árgerð '99 ek.150 þús. 5 dyra, skoðaður 2012, góður bíll sem eyðir mjög litlu! ásett verp 390 þús. Tilboð 290 þús. stgr! s. 841 8955.

Mitsubishi Pajero árg. '98. Bilað hedd en í toppstandi og vel með farinn. Upplýsingar í síma 899 1903.

500-999 þús.

TILBOÐ 620 ÞÚS!
JEEP GRAND CHEROKEE LIMITED 4,7 árgerð 99,glerlúga,dökkar rúður,cruize control,kastarar,leður, 6 diska cd magazine ofl. ásett verð 850 þús TILBOÐ 620 ÞÚS stgr! 841 8955.

1-2 milljónir

MMC PAJERO SPORT GLS3000 2002 ek 162.000km bensin, sjálfskiptur verð 950000 s6965291

Bílar óskast

Óska eftir góðum bíl á allt að 300þ. Hafið samband í síma 6976556. Skoða allt.

Óska eftir bíl 25-250þús á borðið !
Óska eftir bíl fyrir allt að 250þús. staðgreitt, fólksbíl eða smábíl. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. s. 691 9374.

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vinnuvélar

LEIGÐU LENGRI VINNUDAG! RAFSTÖÐVAR 4-160KW OG LJÓSAMÖSTUR MEÐ 220V ÚRTAKI. EINNIG DIESEL VATNSDÆLUR MEÐ 72m3/klst AFKSÖTUM. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

MultiOne, árg 08, notkun 70 tímar. Nýv. 6.5 m. Tilboðsv. 3.5 m. Uppl. 840 7640

Bátar

BÁTAR OG SKIPASALAN BÚNAÐUR

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

Bílaþjónusta

Frumherji

Söluskoðanir Frumherja

Ertu að kaupa bíl? Taktu ekki óþarfa áhættu. Láttu frekar greina ástand bílsins með ítarlegri söluskoðun hjá Frumherja. Skoðunin kostar 9.900. Ekki þarf mikið til að söluskoðun borgi sig margfalt.

Fáðu aukna vissu í bílakaupin með söluskoðun Frumherja.

Tímapantanir í sima 570 9090

Frumherji – örugg bifreiðaskoðun

Hjólbarðar

A.R FLUTNINGAR

Ný vörubíladekk til sölu

295/80R22.5
315/80R22.5
385/65R22.5

Gagnheiði 34 800 Selfoss
Sími:8933305

Góð nelgd snjódekk á sex gata stálfelgur. Stærð 265/70 R17 33" Wild Country. Verð 200 þús. Sími 892 4937.

Varahlutir

NET-PARTAR

486 4499
486 4477

www.netpartar.is

Bílapartasala

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

BILAPARTAR.IS

Notaðir TOYOTA varahlutir

Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

VW - Skoda - Varahlutir

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

ÞJÓNUSTA

Veitingastaðir

Salur, Take away og Heimsendingaþjónusta. S. 55 12345 / italiano.is

Pípulagnir

Faglærðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Vy-þrif ehf.

öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

Húsfélög, vönduð og ódýr þrif á stigagöngum og sameignum. S. 618 3469.

Pawel ræsting

Alþrif fyrir heimili - fyrirtækjaþrif - Steinteppu- og teppahreinsun - Bónvinna. S. 842 6522

A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald-ársreikningar-VSKuppgjör-launauppgjör-stofnun félaga-erfðarfjárskýrslur o.fl. S 517-3977 www.fob.is fob@fob.is

Garðyrkja

HreinirGarðar

Trjáfellingar og stubbatæting

www.hreinirgardar.is

S.571-2000

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf., Sigurður 896-5758, siggi@litidmal.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

VIÐHALD fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.

Topp Verktakar ehf

Flísar - parket - mála - múrarar - steinslípun - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 774 4449 topp.verktakar.ehf@gmail.com

Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Hefurðu heyrt um 123.is ? Hýsum vefsíður fyrir fyrirtæki, fjölskyldur og félög.

tölvuhjálp!

Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900.- kr.
Ókeypis vírusvörn.
Nánar á: www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Vesturvör 32a • Kópavogi

Spádómar

www.orlagalinan.is

Örlaga línan

Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Veisluþjónusta

Matur ehf.

Villibráðaveislur, fermingar og fleira. Gerum tilboð í allar veislur, stórar sem smáar. Erum með sal fyrir allt að 300 manns. Uppl. á matur@tskoli.is eða í s. 691 5976.

Rafvirkjun

RAFVIRKJUN S. 896 6025

Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Önnur þjónusta

Hrekkjavaka nálgast!

Stútfull búð af nýjum og flottum vörum fyrir Hrekkjavöku; Búningar, fylgihlutir og skraut! Yfir 400 nýjir vöruliðir. Opið virka daga 11-18, lau 11-17, sun 11-16. Verið velkomin, Partýbúðin, Faxafeni 11, (Hagkaupsplaninu), s. 534-0534

KEYPT & SELT

Til sölu



Kósýkvöld í rökkrinu

Saltkristalslampar, selenite lampar, náttúruleg ilmkerti. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata) Opið mán-fös 12-18, lau 12-15 Verið velkomin! ditto.is

Lok á heita potta og hitaveituskeljar.

Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. www.heitirpottar.isS. 777 2000 Áki / Kristján

Hrekkjavakan nálgast.

Ertu klár? Hjá okkur færðu allt sem þarf: Búninga, farða, vampírutennur, litalinsur, skraut ofl. Verslaðu á hokuspokus.is og fáðu sent. Eða komdu í Hókus Pókus Laugavegi 69. S-551-7955

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

KAUPUM GULL

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll),
Verið velkomin

Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur
Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.
Upplýsingar í s. 577 7740

Heimilistæki

Til sölu ýmsar gerðir af notuðum ísskápum-frystiskápur og þvottavélar. Upp. s. 693 7141.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Verslun

Flottir dömuskór úr leðri með korksólum Tilboðsverð: 3.500.-
Misty skór Laugavegi 178 s: 5512070
Opið: 10 - 18 virka daga, lau 10-14.

GLÆSILEGUR GJAFAVÖRUMARKAÐUR
Vorum að opna markað með vandaðar og fallegar vörur á stórlækkuðu verði. Vandaðar snyrtivörur í fallegum gjafapakkningum - mikið úrval af fallegri heimilisvöru - Rúmteppi - Gardínur - Skartgripir og m.flr. Sófalist www.sofalist.is Teigagerði 13 - 108 Rvk. S. 692 8022.

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Snyrting

NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX

Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreyfingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

Þjónusta

Reykstopp með árangri s:694 5494
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

SILFUR+GLER+TRÉ
Silfurleir námskeið lau-sun. Gler Tiffany's mán-þri. Tréútskurður 5.-6.11. Skráning s: 555 1212 Handverkshusid.is

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

Húsnæði í boði

Gistiheimili - Guesthouse

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ bði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl.

Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Til leigu snyrtileg 3.herb. íbúð í Mosfellsbæ. Sérinngangur nýuppgerð. Laus 1.nóv frekari uppl. í s:846 5374

Falleg 2ja herb. Íbúð í Hverafold til leigu í 1-3 mánuði. Fullbúin húsgögnum. Allt til alls. Kr. 149.000.- S.6989874

Herbergi til leigu fyrir kvk með eldhúsi og baði með þvottavél. Nálægt hlemmi. Sími 661 5219.

Þægileg skólaherbergi til leigu, strætóferðir í allar áttir, allt innifalið. Uppl. í síma 821 4848 eða 869 2618.

Íbúð til leigu. Fimm herbergja 140 fm, björt og falleg íbúð í Norðlingaholtinu. Laus 1. des. Leiga 220 þúsund. Sími 777 6409.

Húsnæði óskast

Óska eftir 2-3hrb íbúð frá 1nóv Reglusemi og skilvísar greiðslur S 6979345 og 5712708 eftir kl 17

Geymsluhúsnæði

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Tökum í geymslu tjaldv- felli- hjól- Pallhýsi- húsbíla- mótorhjól- fjórhjólkerrur. S 8671282

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

Geymsluhús.is
Innri Njarðvík, fellih, tjaldv., bílar ofl. ATH!gott verð!! Ennþá nokkur pláss laus. S. 698 8010.

Geymsluhús.is
Innri Njarðvík, fellih, tjaldv., bílar ofl. ATH!gott verð!! Ennþá nokkur pláss laus. S. 698 8010.

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Geymi tjaldvagna, fellihýsi og búslóðir.
Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 14 ára reynsla. Í símaskrá ja.is undir: geymsla asgeirs eirikssonar ehf. Uppl. 897 1731 klettar@heimsnet.is

Vetrargeymsla fyrir ferðavagna!
Bílar, húsbílar, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar og fl. Upphitað húsnæði, Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA

Atvinna í boði

NAUTHÓLL Bistro

Nauthóll óskar eftir að ráða í stöðu vaktstjóra á veitingastað.
Umsækjandi þarf að hafa mikla reynslu af þjónustustörfum, vera röskur, stundvís, heiðarlegur, metnaðarfullur og jákvæður.

Aldurstakmark: 25 ára
Um er að ræða 100% starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf fljótlega.
Umsókn og ferilskrá sendist á gudridur@nautholl.is fyrir 26.október nk.
Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál

Málið, veitingaþjónusta Háskólans í Reykjavík,
Óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu frá kl. 11 til 15 á daginn.
Áhugasamir vinsamlegast sendið inn umsókn á gudridur@nautholl.is

Óskað eftir starfmanni í umönnunarstarf í heimahúsi. Mikilvægt er að starfsmaður geti unnið vaktavinnu, sé stundvís, heiðarlegur, barngóður og talað góða íslensku. Umsögn berist á sgth@simnet.is

Leitum að öflugum einstaklingi til starfa í nýrri kjötvinnslu á Egilsstöðum. Fjölbreytt starf á ungum og vaxandi vinnustað. Upplýsingar gefur Aðalbjörn í síma 471 2042, einnig er hægt að senda tölvupóst á adalbjorn.sau@gmail.com

Lítil barnafataverslun óskar eftir starfskraft í afleysingar. (pnr 110) Dagvinna, seinnipartar & helgar. Umsóknir sendist á netfangið: obbosiborn@gmail.com

Vantar þig aukapening? Flott vinna þar sem þú ert þinn eigin yfirmaður. Uppl. í s. 841 1448.

X18 pizza óskar eftir fólki í hlutastörf. Umsóknir sendist á oskar@mammung.is eða s. 776 4618

Atvinna óskast

Óska eftir atvinnu sem fyrst, er vanur ýmsum iðnaði og sjómennsku S. 692 1927.

Viðskiptatækifæri

Aukavinna - Viðskipti ?
Atvinna - Viðskipti - Aukavinna. Eitt mest vaxandi fyrirtæki 3 ár í röð www.lw-global.com/is eða 564 5959.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Frá Lífspekifélaginu
Í kvöld, föstudaginn 21. október kl. 20:30 heldur **Birgir Bjarnson** erindi sem hann nefnir **Að bæta heiminn með litlu** í húsi félagsins Ingólfsstræti 22. **Laugardaginn 22. október kl. 14:00** er spjall og umræður um hugrækt í umsjá Birgis Bjarnasonar. **14:30** er **hugleiðing. 15:00 er opið hús og 15:30** heldur Halldór Haraldsson erindi með tóndæmum: **200 ár frá fæðingu Franz Liszt. Á fimmtudögum** kl. 16.30 - 18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
www.lifspekifelagid.is

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

Ýmislegt

Nýja Postulakirkjan
VERTU MEÐ ! Sunnudagur kl. 11:00 og 14:00. FRIÐRIKSKAPELLA, 101 Reykjavík. www.nac-iceland.org Fyrir persónulega fyrirbæn s. 845 3399.

Einkamál

MyPurpleRabbit.com
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

Spjalldömur 908 5500
Opið allan sólarhringin.

Konur í ævintýraleit. Það er enn sem fyrr töluvert af nýjum auglýsingum kvenna sem leita ævintýra á Rauða Torginu Stefnumót. Konur auglýsa frítt í s. 555-4321. Karlar hlusta á augl. kvenna í s. 905-2000 og 535-9920.

Rúmlega þrítug kona
leitar að heitu símaspjalli. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-200 og 535-9920, augl.nr. 8964.

Tilkynningar

Fjallabyggð

Auglýsing um snjóflóða- og skipulagsmál í Fjallabyggð

Tillaga að hættumati fyrir skíðasvæðið í Skarðsdal á Siglufirði

Tillaga að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Hóls- og Skarðsdal, Siglufirði

Tillaga að hættumati fyrir skíðasvæðið í Skarðsdal á Siglufirði auglýsist hér með skv. 5. gr. reglugerðar um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats nr. 505/2000.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Hóls- og Skarðsdal, Siglufirði, auglýsist hér með skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið er u.þ.b. 773 ha að stærð og tekur yfir dalbotn Hólsdals og hliðardalinn Skarðsdal. Þar er skipulagt útivistarsvæði með skíðasvæði, golfvelli, skógrækt, knattspyrnusvæði, tjaldsvæði, frístundahúsum, þjónustureit o.fl. Forsendur skipulagsins er m.a. tillaga að snjóflóðahættumati fyrir svæðið sem er í kynningu.

Tillaga að hættumati og deiliskipulagstillaga verða til sýnis á skrifstofum Fjallabyggðar að Gránugötu 24 á Siglufirði og Ólafsvegi 4 í Ólafsfirði frá og með föstudeginum 14. október til og með fimmtudeginum 24. október.

Gögnin verða einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.fjallabyggd.is

Skriflegar athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skipulags- og umhverfisnefnd eigi síðar en kl. 16.00 fimmtudaginn 24. október.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunum.

Bæjarstjóri Fjallabyggðar

Styrkir

safnaráð
the museum council of iceland

Styrkir til safna

skv. safnalögum nr. 106/2001

Safnaráð auglýsir eftir umsóknum frá menningarminjasöfnum, náttúruminjasöfnum og listasöfnum, um styrki úr safnasjóði á árinu 2010.

Hlutverk safnasjóðs er að styrkja starf þeirra safna sem falla undir safnalög nr. 106/2001. Safnaráð úthlutar úr sjóðnum samkvæmt safnalögum og úthlutunarreglum ráðsins. Upphæð og fjöldi veittra styrkja fer eftir fjárveitingu á fjárlögum og umsóknum. Söfn sem falla undir safnalög geta sótt um verkefnastyrki til sjóðsins. Til þess að geta sótt um rekstrarstyrk þarf safn að uppfylla skilyrði skv. ákvæðum 10. gr. safnalaga. Verkefnastyrkir munu fá aukið vægi á kostnað rekstrarstyrkja. Til að eiga kost á rekstrarstyrk úr safnasjóði skal safn hafa tryggðan fjárhagsgrundvöll. Litið verður til þess hvort safn hlýtur styrk frá fjárlaganefnd á árinu 2010.

Umsóknarfrestur er til 1. nóvember 2009. Umsóknum skal skila með því að fylla út rafrænt umsóknareyðublað á vefsíðu safnaráðs: www.safnarad.is. Öllum fylgigögnum með umsókn skal skila áður en umsóknarfrestur rennur út. Nánari upplýsingar á skrifstofu safnaráðs.

SAFNARÁÐ
Suðurgötu 41 101 Reykjavík
sími: 530 2216 bréfsími: 530 2231
safnarad@safnarad.is - www.safnarad.is

krossgáta



LÁRÉTT
2. hljóðfæri, **6.** skst., **8.** taumur, **9.** æxlunarkorn, **11.** guð, **12.** aðfall, **14.** rabb, **16.** ólæti, **17.** orlof, **18.** tugur, **20.** frá, **21.** handa.

LÓÐRÉTT
1. nýja, **3.** innan, **4.** þegn, **5.** siða, **7.** frægð, **10.** þrá, **13.** hluti verkfæris, **15.** blóm, **16.** óhreinka, **19.** kringum.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** tuba, **6.** no, **8.** tog, **9.** gró, **11.** ra, **12.** aðsog, **14.** skraf, **16.** at, **17.** frí, **18.** tíu, **20.** af, **21.** arma.
LÓÐRÉTT: **1.** unga, **3.** út, **4.** borgara, **5.** aga, **7.** orðstír, **10.** ósk, **13.** orf, **15.** fífa, **16.** ata, **19.** um.

„Mér líður næstum eins og ég hafi samið þessi ljóð sjálf“

Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, Lay Low, syngur eigin lög við ljóð íslenskra skáldkvenna á nýrri plötu sem hlotið hefur afbragðsgóða dóma.

Meðal annars efnis

Dæturnar ánægðastar með samstarfið
Hjónin fyrrverandi, Eva María Jónsdóttir og Óskar Jónasson, hafa í sameiningu gefið út bókina Dans vil ég heyra.

Allt sem þú þarft

Vændiskaup gerð lögleg

BAKÞANKAR
Brynhildar Björnsdóttur

Helstu rökin fyrir því að leyfa kaupendum vændis að stunda sín viðskipti óáreittir eru eftirspurn, vilji einhverra til að stunda vændi svo og réttur einstaklinga sem ekki lifa kynlífi til kynlífs. Ef eftirspurnin er svona mikil, viljinn til starfans svona sterkur og réttur þeirra kynsveltu slíkur er langbest og rökréttast að leyfa vændi, bæði kaup og sölu. En ef til þess á að koma þarf að sjálfsögðu að hafa eftirfarandi í huga:

EF vændi á að vera leyfilegt og löglegt þá þarf að gera orðið „vændiseinstaklingur“ eða „fullnægingartæknir“ að lögverndduðu starfsheiti. Verðandi vændiseinstaklingar skyldu leggja stund á iðneða háskólanám eða að minnsta kosti að sækja námskeið og fá vottorð upp á að þeir hafi náð tökum á þeirri tækni sem þarf til að stunda starfið og skilji hvað starfið felur í sér. Þetta námskeið væri að sjálfsögðu haldið á íslensku hérlendis svo þeir útlendingar sem vilja fá þessi réttindi yrðu að hafa grunn í tungumálinu og geta tjáð sig vel á því. Ekki þarf að taka fram að fullnægingartæknar þurfa að hafa náð að minnsta kosti tvítugsaldri.

SUMIR hafa lagt það að jöfnu að leggja stund á almenn þrif og að stunda vændi. Sá samanburður er mjög villandi. Þó að hvort tveggja feli í sér afnot af líkama annarrar manneskju (eins og fleiri starfsgreinar, t.d. smíðar, hárgreiðsla, sjúkraþjálfun og nudd) er mikill munur á því hvernig líkamanum er beitt í vændi annars vegar og öðrum greinum þar sem líkamar snertast hins vegar. Í vændi er unnið með þau líffæri viðskiptavinarins sem honum þykir hvað vænst um og því verður að ganga úr skugga um að sá eða sú sem meðhöndlar þessi líffæri kunni með þau að fara þannig að enginn skaði hljótist af.

TIL að hægt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með hagsmunum viðskiptavinar og vændistæknis skyldi vændisþjónusta vera á vegum ríkisins eins og önnur heilbrigðisþjónusta, og veitt af menntuðum, vottuðum og þjálfuðum einstaklingum í hreinu og heilbrigðu umhverfi.

Á meðan staðan er ekki svona, á meðan vændi er stundað í skúmaskotum af tilneyddum, á meðan vændiseinstaklingar eru beittir ofbeldi og þriðji aðili hefur milligöngu um að selja aðgang að líkama þeirra þá eru vændiskaup bönnuð með lögum af því að við samfélagið viljum ekki að fólk sé misnotað, svívirt og meitt. Og ef lögreglan getur ekki hjálparlaust komið höndum yfir þá sem brjóta þessi lög verður einhver að leggja henni lið.

myndasögur

Pondus
Eftir Frode Øverli

Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið
Eftir Tony Lopes

Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Einn af hverjum hundrað er sjálfboðaliði

Sjálfboðaliðar Rauða krossins

vinna óeigingjarnt hjálparstarf í þágu samfélagsins. Að vera sjálfboðaliði Rauða krossins er mjög gefandi og skemmtilegt og það er alltaf pláss fyrir gott fólk. Þú getur látið gott af þér leiða með því að:

- ✓ gerast sjálfboðaliði
- ✓ gerast félagi
- ✓ gerast MANNVINUR
- ✓ styrkja starfið með fjárstuðningi
- ✓ gefa föt

Meðal sjálfboðaliðaverkefna okkar eru:

- Athvörf Rauða krossins
- Félagsvinir
- Tombólubörn
- Hjálparsími Rauða krossins 1717
- Fata-söfnun Rauða krossins
- Heimsóknavinir
- Frú Ragnheiður
- Prjónahópar
- Göngum til góðs landssöfnun
- Neyðarvarnir

Skoðaðu nýja vefsíðu!
www.raudikrossinn.is

Stoltur styrktaraðili: Arion banki

Rauði kross Íslands

SIGURÐUR OG SHAKESPEARE Í SÍÐASTA SINN Síðustu sýningar á á einleiknum Hvílíkt snilldarverk er maðurinn! verða um helgina. Verkið semja Sigurður Skúlason leikari og Benedikt Árnason leikstjóri upp úr höfundarverki Williams Shakespeare. Verkið er sýnt í Þjóðleikhúskjallaranum. Síðustu sýningar verða á laugardag klukkan 16 og sunnudaginn klukkan 19.30.

Bækur ★★★

Upp á líf og dauða
Jónína Leósdóttir

Vaka-Helgafell

Að bjarga lífi

Upp á líf og dauða fjallar um unglinga í Reykjavík samtímans. Bókin er með spennuívafi, þar sem söguhetjurnar einsetja sér í upphafi sögunnar að leysa gátu og bjarga e.t.v. með því mannslífi.

Eftir hópvinnu heima hjá Hrönn finnur hún frumsamið ljóð á einu rissblaðanna sem krakkarnir skildu eftir. Ljóðið lýsir svo miklum sársauka og lífsangist að full ástæða er til þess að ætla að manneskjan sem það skrifaði hafi í hyggju að skaða sjálfa sig.

Með aðstoð bestu vinkonunnar, Líneyjar, og Hákons tvíburabróður síns ákveður Hrönn að rannsaka alla þá sem tóku þátt í hópvinnunni, finna þann sem líður svona illa og hvetja hann til að leita sér aðstoðar. Í leit sinni að þeim sem orti ljóðið læra krakkarnir svo að merkimiðarnir sem þau hafa áður sett á skólafélaga sína: „Skinka“, „hommi“, „feit“, „skítug“, „íþróttaiddjót“… eru harla ófullnægjandi. Til þess að reyna að skilja líðan annarra verða þau að kynnast aðstæðum þeirra.

Hrönn er miðpunktur sögunnar og höfundur takmarkar vitneskju sína við hennar hugsanir og tilfinningar. Hrönn er bæði skemmtileg og marghliða persóna. Hún er klár, sjálfstæð og úrræðagóð án þess að vera fullkomin. Henni þykir t.d. erfitt að hafa rangt fyrir sér, á bágt með að biðjast afsökunar og er illa við að opinbera fáfræði sína á því sem hún hefur enga þekkingu. Hún er líka fordómafull á „unglingslegan“ máta: hefur enga þolinmæði gagnvart bróður sínum, finnst strákar „einfaldir og yfirborðskenndir“, á erfitt með þá tilhugsun að foreldrar hennar stundi kynlíf („Ó, nei, kræst, ég dey, ég dey!“) og er sumsé mjög venjuleg sautján ára stelpa með bein í nefinu.

Það er fátt leiðinlegra en unglingabækur sem eiga að höfða til samtímans en segja frá unglingum sem drekka kókó á föstudagskvöldi, spila bingó við foreldra sína og tala eins og upp úr aldamótaljóði. Þannig skrifa þeir höfundar sem eru úr tengslum við lesendur sína, en þannig höfundur er Jónína Leósdóttir alls ekki. Feisbúkk, gúggl, SMS og iPodar eru gríðarstór hluti af tilveru krakkanna, umræðuefnin trúverðug og málfarið er mjög sannfærandi.

Bókin tekur á vandmeðförnu efni, geðsjúkdómum ungs fólks, og það er vel gert. Blandað er saman skemmtun og fræðslu; ráðgátan sem krakkarnir glíma við er í forgrunni en sagan er brotin upp með staðreyndum um þunglyndi. Hins vegar má e.t.v. velta því fyrir sér hvort höfundinum sé full mikið niðri fyrir. Tæpt er á ótal misalvarlegum fjölskylduvandamálum: Að eiga „of gamla“ foreldra, eða foreldra sem eru alltaf í vinnunni, alkóhólisma foreldris, skilnaði foreldra og andláti foreldris, þar sem inn í kemur m.a.s. fræðsla um líffæragjafir. Á köflum er sagan ansi ofhlaðin þeim boðskap að hver hafi sinn djöful að draga, allar manneskjur glími við vandamál og enginn sé fullkominn.

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

Niðurstaða: Bráðskemmtileg, sannfærandi og ágætlega spennandi unglingabók þar sem mikilvægt málefni er sett í brennidepil.

LÁRA SVEINSDÓTTIR Hefur lengi haft mætur á Judy Garland og ætlaði upphaflega að halda tónleika henni til heiðurs. Verkið vatt hins vegar upp á sig og endaði sem söguleikverk. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stundum þarf að láta vaða

Lára Sveinsdóttir gerir ævi Judy Garland skil í söng og leik í nýju verki sem sýnt er í Þjóðleikhúskjallaranum um þessar mundir.

Sýningin um Judy Garland, sem frumsýnd var á dögunum í Þjóðleikhúskjallaranum, er ekki beint söngleikur og ekki einleikur.

„Þetta er frekar blanda af söguleikhúsi og kabarett,“ segir Lára Sveinsdóttir, sem semur og leikur í verkinu, en þar er saga Judy Garland sögð með leik og söng. „Sýningin er byggð upp eins og tónleikar, þar sem við kynnumst Judy og stormasömu lífi hennar á milli laga.“

Lára hefur lengi haft mætur á Garland en fyrir tveimur árum fékk hún þá hugmynd að halda tónleika henni til heiðurs.

„Í kjölfarið fór ég að lesa mér til um hana og komst að því hvað hún var áhugaverð manneskja sem afrekaði margt á stuttri ævi. Í framhaldinu ákvað ég að gera eitthvað meira við hugmyndina og þá kviknaði hugmyndin að þessu söguleikhúsi.“

Lára segir Garland hafa túlkað lög sín af mikilli einlægni og dýpt en talað hispurslaust um sjálfa sig þess á milli. „Það varð okkar leið til þess að segja sögu hennar,“ segir Lára, en leikstjórn er í höndum Charlotte Böving. Tónlistin er sérstaklega útsett fyrir litla hljómsveit sem tekur virkan þátt á leiksviðinu en útsetningar eru að mestu í höndum Úlfs Eldjárn.

Flestir tengja nafn Garland sjálfsagt við hlutverk Dóróteu í Galdrakarlinum í Oz. Hún var hins vegar í sviðsljósinu nánast alla ævi.

„Hún þekkti í sjálfu sér ekkert annað,“ segir Lára. „Hún var í „bransanum“ frá því á þriðja ári þar til hún deyr aðeins 47 ára gömul. Í sýningunni blínum við meira á einkalíf hennar en ævistarfið .Hún lifði fyrir ferilinn og aðdáendur sína en þráði að eiga sér eðlilegt líf.“

Lára framleiðir sýninguna sjálf og segir það ekki hafa verið neinn hægðarleik. „Það er hvergi neina peninga að fá fyrir svona verkefni um þessar mundir. Ég hef komist áfram á heilmikilli vinnu og velvilja annarra, en þegar manni liggur eitthvað mikið á hjarta er stundum ekkert annað í stöðunni en að láta vaða.“

bergsteinn@frettabladid.is

TRÍÓ NORDICA Tríóið skipa Auður Hafsteinsdóttir, Bryndís Halla Gylfadóttir og Nora Kontra.

Trió Nordica með tónleika á sunnudag

Trió Nordica leikur á öðrum tónleikum Kammermúsíkklúbbsins í vetur í Bústaðakirkju á sunnudagskvöld. Á dagskrá eru þrjú píanótríó. Fyrst verður leikið píanótríó nr. 1, op 8. eftir Dmitri Sjostakovitsj. Í kjölfarið fylgir píanótríó í fís-moll eftir Armenann Arno Babadjanian, samið 1952. Þetta kvað vera í fyrsta sinn sem verk eftir Babadjanian er flutt fyrir íslenska tónleikagesti en hann sló í gegn með þessu verki á sínum tíma. Þriðja verkið sem tríóið leikur er hið kunna píanótríó nr. 1, op. 8, eftir Johannes Brahms.

Trió Nordica skipa Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari, Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari og Nora Kontra píanóleikari. Tríóið var stofnað 1993 og hefur verið mjög virkt á Íslandi, ekki síst á vettvangi Kammermúsíkklúbbsins, auk þess að hafa komið fram víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada.

Tónleikarnir í Bústaðakirkju hefjast klukkan 20 á sunnudagskvöld.

Disney

Disney DAGAR

DVD, BÆKUR FÖT, LEIKFÖNG OG MARGT FLEIRA ÚR SMIÐJU DISNEY!

©Disney/Pixar

Í VERSLUNUM HAGKAUPS 21.-30. OKTÓBER

TAKTU ÞÁTT Í DISNEY-LEIKNUM! AÐEINS Í VERSLUNUM HAGKAUPS

KOMDU Í HAGKAUP!

Komdu á Disney-daga 21-30. október í verslunum Hagkaups.Fullt af skemmtilegum og töfrandi Disney-vörum á góðu verði.

EKKI MISSA AF DISNEY-DÖGUM

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FÖSTUDAGUR OPNUM KLUKKAN TÍU FÖSTUDAGUR OPNUM

198 KR. 500 G

BÓNUS KJARNABRAUÐ

198 KR. 600G

GÆÐABAKSTUR **BÓNUS PRIGGJAKORNABRAUÐ**

300 KR. VERÐLÆKKUN

OS BRAUÐOSTUR
TILBOÐ
998 KR.KG
VERÐ ÁÐUR 1298 KR.KG

398 KR. 2 STK

BRAUÐGERÐ KRISTJÁNS
KRYDDBRAUÐ-DRAUMKAKA

298 KR. 420 G

MYLLU MÖNDLUKAKA
420 GRÖMM

298 KR. 250 G

BÓNUS FETAOSTUR 250 GR
FETI-OSTUR Í KRYDDOLÍU OG Í ÓLÍFUM OG KRYDDOLÍU

GERÐU ÞÍNA EFTIRLÆTIS PIZZU HEIMA (Þarft ekkert að sækja..)

198 KR. 400 G — 259 KR. 400 G

VENJULEGT & SPELTDEIG 400 GRÖMM
BÓNUS FERSKT PIZZADEIG

179 KR. 430 G

BÓNUS 430 GRÖMM
PIZZASÓSA

98 KR. 125 G

KJARNAFÆÐI
PIZZUSKINKA

359 KR. 153 G

BÓNUS 153 GRÖMM
PEPPERONI

298 KR. 200 G

OS 200 GRAMMA
PIZZAOSTUR

398 KR. 6 STK

EMMESS ÍSBLÓM
DAIM OG JARÐARBERJA

ALLTAF NÝBAKAÐ
BÓNUS BAGUETTE

129 KR. STK

298 KR. 2 LTR.

BÓNUS ÍS 2 LTR
SÚKKULAÐI- VANILLA- JARÐARBERJA

195 KR. 1 LTR.

129 KR. 1 LTR.

189 KR. 2 LTR.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KLUKKAN TÍU FÖSTUDAGUR OPNUM KLUKKAN TÍU

145 KR. KG

NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA & RAUÐAR

398 KR. KG

KJARNAFÆÐI **BLANDAÐ LAMBASALTKJÖT 2.FLOKKUR**

1195 KR. KG

NAUTAVEISLA **FERSKT 100% NAUTAHAKK**

198 KR. KG

NÝ UPPTEKNAR ÍSLENSKAR GULRÓFUR

1998 KR. KG

ÍSLANDSNAUT
UNGNAUTASNITSEL

998 KR. KG

Ali **MAGNKAUP GRÍSAKÓTILETTUR**

1395 KR. KG

KJARNAFÆÐI **FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB**

FULLELDUÐ ÍSLENSK KJÖTSÚPA

ÞARF AÐEINS AÐ HITA !

998 KR.
1. LTR.

698 KR. KG

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR

698 KR. KG

BÓNUS FERSK KJÚKLINGALÆRI

598 KR. KG

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR

298 KR. KG

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

Gott í leikhúsi: Níels Thibaud Girerd

Listaverkið er leikhúsveisla

„Ég fór á frumsýningu Listaverksins um daginn. Það var stórskemmtileg sýning. Hún er öðruvísi og fjallar um lítið viðfangsefni í sjálfu sér. Karakterarnir, sem eru allir góðir vinir, eru svo ólíkir. Svo er náttúrulega leikhúsveisla að sjá þessa stórleikara, Hilmi Snæ, Ingvar E. og Baltasar Kormák, koma saman í sömu sýningu. Svo fór ég á Galdrakarlinn í Oz með litlu stjúpsystur minni. Hún hefur fengið misjafna dóma, en ég verð að vera hreinskilinn: Þetta er stórskemmtileg upplifun. Mér fannst hún skemmtilega útfærð og karakterarnir lifandi, skemmtilegir og hressir eins og þeir eiga að vera í barnasýningum. Svo bíð ég spenntur eftir Hreinsun og Heimsljósi – samt meira eftir Heimsljósi, sem er jólasýning Þjóðleikhússins."



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 21. október 2011

Tónleikar

20.00 Hljómsveitin **Ham** heldur tvenna útgáfutónleika á Grænu hattinum. Þeir fyrri hefjast kl. 20 og þeir síðari kl. 23. Miðaverð er kr. 2.900.

20.00 Björn Thoroddsen býður til sinnar árlegu gítarveislu í Salnum í Kópavogi. Meðal þeirra sem koma fram eru Robin Nolan, Bjöggi Gísla, Gummi P., Hákon Möller, Þórður Árna, Dóri Braga, Siggi Ólafs, Jón Hilmar og Hjörtur Steph. Miðaverð er kr. 3.500.

20.00 Kelly Joe Phelps and Corinne West Duo með tónleika í félagsheimilinu á Laugarbakka. Hljómsveitin Ylja er sérstakur gestur. Miðaverð er kr. 2.000.

21.00 **Lay Low** heldur útgáfutónleika í Hofi á Akureyri. Miðaverð er kr. 2.500.

20.00 Stórtónleikar í Stykkishólmskirkju til styrktar orgelsjóð kirkjunnar. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

21.00 Tónleikar til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands verða haldnir á Obladí Oblada á Frakkastíg 8. Meðal þeirra sem koma fram eru Andrea Gylfadóttir, Eðvarð Lárusson, Helga Völundardóttir, Magnús Einarsson, Björgúlfur Egilsson og Lísa Pálsdóttir. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

21.00 Melodica heldur tónleika á Café Rosenberg.

22.00 Hljómsveitin Hjálmar heldur tónleika á Faktorý. Miðaverð er kr. 1.500. Dj Gísli Galdur þeytir skífum á neðri hæðinni og er aðgangur þangað ókeypis.

Leiklist

20.00 Sýningin Söngleikir með Margréti Eir er sýnd í Tjarnarbíói. Gestasöngvari er **Heiða Ólafsdóttir**. Miðaverð er kr. 3.200. Hægt er að panta borð og njóta kræsinga frá Friðriki V fyrir sýningu kl. 19. Miðaverð með máltíð innifaldri er kr. 5.400.

20.00 Leiksýningin Hjónabandssæla sýnd í Gamla bíói. Miðaverð er kr. 4.300.

20.00 Leikfélag Fljótsdalshéraðs frumsýnir Leikritið Finnski Hesturinn í Valaskjálf á Egilsstöðum. Miðaverð er kr. 2.500. Eldri borgarar og börn 14 ára og yngri greiða kr. 2.200.

22.00 Leiksýningin Judy Garland Kabarett í leikstjórn Charlotte Böving verður sýnd í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð er kr. 2.900.

Tónlist

23.30 Hipphopp quiz á Prikinu. Dj **Danni Deluxe** stjórnar tónlistinni.

Málstofur

15.00 Málstofa um ríkisfjármálaráð og ríkisfjármálamarkmið verður haldin í fundarsal Seðlabankans, Sölvhóli. Málshefjandi er Torben M. Andersen, prófessor í hagfræði við Árósaháskóla sem hefur framsögu um reynslu af mismunandi aðferðum við að stjórna þróun ríkisfjármála.

20.00 Vinklar – málstofa í Nýlistasafninu. Ragnhildur Jóhannsdóttir, Áslaug Einarsdóttir, Dr. Hlynur Helgason og Guðbjörg R. Jóhannesdóttir verða með erindi um kvenlæga aðkomu að listsköpun og menningu og kanna sögulega karllæga slagsíðu í menningu á víðum grundvelli. Allir velkomnir.

Sýningar

13.00 Endemi stendur fyrir hljóðverkasýningunni Endemis óhljóð á Háskólatorgi í samvinnu við Nýlistasafnið og Jafnréttisdaga. Verkið Ein vika eftir Sindra Má Sigfússon verður flutt í dag.

Kvikmyndahátíð

14.00 Kvikmyndahátíðin Berlín og Bláir englar hefst í kamesi aðalsafns Borgarbókasafns á Tryggvagötu 15. Þýskar kvikmyndir frá millistríðsárunum verða sýndar. Kvikmyndin Auge in Auge er sýnd í dag kl. 14 og kl. 16. Aðgangur er ókeypis.

Fyrirlestrar

12.00 **Sverrir Guðjónsson** heldur fyrirlesturinn Gengið í hljóði / Walking on Sound á vegum tónlistardeildar Listaháskóla Íslands. Fyrirlesturinn fer fram í Sölvhóli, Sölvhólsgötu 13 og eru allir velkomnir.

13.20 Ingjaldur Hannibalsson heldur fyrirlesturinn Viðskipti Íslands og Kína - fjárfestingar Kína erlendis í 102 Lögbergi í Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn er á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljós og Kínversk-Íslenska Menningarfélagsins. Aðgangur er ókeypis.

Samkoma

09.30 Korpúlfarnir, samtök eldri borgara í Grafarvogi, standa fyrir sundleikfimi í Grafarvogssundlaug kl. 9.30. Listasmiðjan á Korpúlfsstöðum er opin frá kl. 13 til 16.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

Af stað, af stað!

Myndlist ★★★★

Listasafn ASÍ

Inga Þórey Jóhannsdóttir, Þorbjörg Þorvaldsdóttir

Tvær sýningar standa nú yfir í Listasafni ASÍ við Freyjugötu. Þar hefur Þorbjörg Þorvaldsdóttir unnið innsetningu í Gryfju og Inga Þórey Jóhannsdóttir sýnir í Arinstofu og Ásmundarsal. Þorbjörg sýnir líkön af byggingum og ljósmyndir en segja má að þema hennar sé sköpun framandleika gagnvart nánasta umhverfi. Stærðarhlutföll leika stærsta hlutverkið, en á sýningunni er áhorfandinn líkt og vitni að atburðarás sem þó er hulin, gægist gegnum glugga inn í heim sem gefur meira í skyn en hann lætur uppi. Innsetning Þorbjargar er áhugaverð og vekur forvitni.

Inga Þórey Jóhannsdóttir hefur umbreytt Arinstofunni, skipt henni í tvennt og tengir þetta verk sýningarnar tvær í safninu fallega saman. Veggurinn er höggmynd og málverk í senn. Hann lokar af en birtir líka nýja sýn á hluta af Arinstofunni.

Í Ásmundarsal er síðan að finna innsetningu sem kemur á óvart og er kraftmesta innsetning sem ég hef séð á þessum stað. Verkið sprengir salinn utan af sér og tekur áhorfandann með sér af stað í nýjar slóðir. Þetta er glæsilegt verk hjá Ingu sem hefur á undanförnum árum getið sér æ sterkara orð í myndlistinni.

List Ingu Þóreyjar er ávallt fyrst og fremst malerísk og sjónræn, en felur líka í sér hið óvænta. Þannig verður verkið til í nokkrum þrepum, við fyrstu sýn minnir það á málverk, það tekur á sig einkenni höggmyndar þegar betur er að gáð og loks, þegar upp er komið, gerist eitthvað enn annað, salurinn tekur á sig ævintýralegan blæ, einnig birtist ný sýn á umhverfið úti fyrir.

Í verkum Ingu koma saman þættir sem eru ofarlega á baugi í samtímalistum. Hún vinnur á einfaldan máta með sjónræna þætti nánasta umhverfis, í fyrri verkum t.d. með bílaumferð, hér með siglingar og báta, en þess má geta að Inga er

búsett í Reykjanesbæ. Þessum þáttum umbreytir hún, dregur fram einhvern mjög persónulegan, sjónrænan kjarna sem alltaf kemur á óvart. Þáttur áhorfandans er jafnframt undirstrikaður með möguleikanum á að ganga inn í eða upp í verkin, hér upp í byggingareiningu sem minnir á brú á bát. Með þátttökunni umbreytist jafnframt sjónarhornið og nýjar hliðar á verkinu koma í ljós.

Inga Þórey er hér í feiknagóðu formi, henni virðast allir vegir færir og ætti að mínu mati að komast í útrás með verk sín. Það fer vel á því að sýna verk þeirra Ingu Þóreyjar og Þorbjargar saman, fallegir snertifletir magna hver aðra upp.

Ragna Sigurðardóttir

Niðurstaða: Þorbjörg Þorvaldsdóttir býður upp á sýn í forvitnilegan heim sem leynir á sér í Gryfju. Glæsileg innsetning Ingu Þóreyjar í Ásmundarsal hreinlega sprengir salinn utan af sér. Frábær upplifun, kraftmikil, litrík og spennandi.

HAUSTÚTSALA

Til sunnud. 23.okt!

50-80% afsl.

NÝTT KORTATÍMABIL

Regatta
GREAT OUTDOORS™

DARE 2b

CRAGHOPPERS

ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550.

OPIÐ
VIRKA DAGA 11 – 18.
LAU. 11 – 16.
SUN. 13 –16

62 DAGAR eru liðnir frá því að Kim Kardashian og Kris Humphries gengu í það heilaga. Fjölmiðlar vestanhafs eru strax byrjaðir að flytja fréttir af þreytu í hjónabandinu.

LÆRIR AÐ SAUMA Britney Spears er byrjuð að sauma föt, ef marka má nýjustu Twitter-færslu hennar.

Saumaði í Svíþjóð

Söngkonan Britney Spears virðist vera farin að læra að sauma föt. Nýlega birti hún mynd af sér á Twitter þar sem hún skrifaði: „Í saumakennslu í Svíþjóð hjá búningadeildinni.“ Hún hefur verið á tónleikaferð um Norðurlönd að undanförnu. Nýjasta smáskífulag Britneyjar, Criminal, kom út fyrir skömmu. Myndbandið við lagið var tekið upp í London á meðan hún var í kynningarferðalagi um Bretland í síðasta mánuði. Söngkonan byrjar tónleikaferð sína um Bretland og Írland 24. október þar sem hún kynnir sjöundu hljóðversplötu sína Femme Fatale.

Sambandið kom á óvart

Þáttastjórnandinn Rosie O'Donnell er komin með nýja konu upp á arminn og er yfir sig ástfangin. Foreldrar nýju kærustunnar segjast þó hafa verið grunlaus um að dóttir þeirra væri samkynhneigð fyrr en fjölmiðlar greindu frá sambandinu.

O'Donnell og Michelle Rounds eru svo ástfangnar að O'Donnell útilokar ekki hjónaband í nánustu framtíð. Þetta gæti verið í óþökk foreldra Rounds. „Fréttirnar komu okkur í opna skjöldu. Þetta hefur verið mjög erfiður tími fyrir fjölskylduna,“ sagði faðir Rounds.

HEILRÆÐI GILLZ Á ÞÝSKU

Væntanleg bók **Egils „Gillzeneggers“ Einarssonar** kallast Heilræði Gillz. Þýskir bókaútgefendur sýndu verkum hans áhuga á Bókamessunni í Frankfurt og í kjölfarið lét útgefandi hans útbúa þýska kápu bókarinnar, þeim til glöggvunar.

ÞJÓÐVERJAR SPENNTIR FYRIR HEILRÆÐUM GILLZENEGGERS

Bókamessan í Frankfurt er nýafstaðin. Þar var Ísland og íslenskar bókmenntir í öndvegi og vakti litla sögueyjan óhemju athygli. Einn rithöfundanna sem þýskir bókmenntapáfar sýndu áhuga var Egill „Gillzenegger“ Einarsson.

„Það ætti nú ekki að koma á óvart að hróður Gillz hafi borist út fyrir landsteinana, hvernig má annað vera um metsölurithöfund frá sjálfri sögueyjunni,“ segir Jónas Sigurgeirsson, útgefandi í Bókafélaginu.

Jónas var einn fjölmargra íslenskra bókaútgefenda á Bókamessunni í Frankfurt á dögunum. Þar kynnti hann þær bækur sem hann hefur gefið út undanfarin misseri sem og óútkomin verk. Jónas lætur vel af för sinni en einn af þeim höfundum sem þýskir útgefendur sýndu áhuga var Egill „Gillzenegger“ Einarsson. Útgefandinn leggur þó áherslu á að ekkert sé enn frágengið um útgáfu á verkum Egils: „Engir samningar hafa enn verið gerðir enda best að flýta sér hægt í þeim efnum,“ segir hann. „Hins vegar er búið að útbúa kápu þýskum aðilum til glöggvunar en næsta bók hans heitir Heilræði Gillz.“

Gillzenegger var hins vegar borubrattur þegar Fréttablaðið náði af honum tali í gær. „Þetta kom mér ekki á óvart enda hef ég rölt um götur í Þýskalandi. Þjóðverjinn er búinn til úr stáli og Stóri G-höfðinginn er búinn til úr stáli þannig að við þössum vel saman.“

Gillzenegger kveðst ekki hafa komist á Bókamessuna þar sem hann var við upptökur á sjónvarpsþætti á Benidorm. „Útgefandinn hringdi í mig þegar ég var á Bene og sagði mér af þessum áhuga. Mér þótti leitt að komast ekki en vil fá að lýsa yfir mikilli ánægju með þetta Frankfurtardæmi, fyrir hönd okkar rithöfunda. Halldór Guðmundsson hefur unnið þrekvirki við að koma verkum okkar á framfæri á erlendri grundu og við megum vera þakklát fyrir. Sjálfur er ég metsöluhöfundur og þarf ekki eins mikið á opinberum stuðningi að halda og til að mynda Hallgrímur Helgason. En ég er ánægður með þessa samvinnu sem sást á Bókamessunni.“

hdm@frettabladid.is

Shiloh Pitt sögð skotin

Ástalíf Angelinu Jolie hefur lengi verið fjölmiðlamatur en nú eru bandarískir fjölmiðlar farnir að beina sjónum sínum að Jolie-Pitt börnunum. In Touch heldur því fram að ástin blómstri milli Shiloh Jolie-Pitt og Kingstons Rossdale, sonar Gwen Stefani, en börnin eru bæði fimm ára gömul.

ANGELINA JOLIE

Tímaritið heldur því fram að mæðurnar séu sáttar við ráðahaginn og ýti jafnvel undir hann með því að skipuleggja leikdaga með börnum sínum. „Shiloh og Kingston finnst gaman að leika sér saman, þau horfa á sömu bíómyndirnar og finnst gaman að klæða sig upp í búninga. Þau eru það góðir vinir að þegar þau eru ekki í sömu borg heimta þau að fá að tala við hvort annað í gegnum Skype-forritið,“ hafði tímaritið eftir heimildarmanni sínum.

Leikstýrir í fyrsta sinn

Hollywood-stjarnan Matt Damon ætlar að setjast í leikstjórastólinn í fyrsta sinn. Hann hefur gengið í lið með leikaranum John Krasinski og saman ætla þeir að skrifa handrit að dramatískri mynd þar sem þeir fara báðir með stór hlutverk. Myndin fjallar um sölumann sem heimsækir lítinn bæ og á sú heimsókn eftir að breyta lífi hans. Damon sagðist nýlega hafa áhuga á að leika Jason Bourne í fjórða sinn þrátt fyrir að vera ekki með í nýjustu myndinni um njósnarann. Eina skilyrðið er að leikstjórinn Paul Greengrass verði við stjórnvölinn.

PRÓFAR LEIKSTJÓRN Matt Damon ætlar að setjast í leikstjórastólinn í fyrsta sinn.

Dæturnar og Willis reið út í Kutcher

Dætur leikkonunnar Demi Moore eru ævareiðar út í stjúpföður sinn, Ashton Kutcher, fyrir að hafa haldið framhjá móður sinni. Rumer, Scout og Tallulah óttast að auki að fleiri hjásvæfur gætu stigið fram í dagsljósið í nánustu framtíð.

Að sögn heimildarmanna eru stúlkurnar ekki þær einu sem eru reiðar út í Kutcher því faðir þeirra, hasarleikarinn Bruce Willis, er það líka. „Stelpurnar eru mjög reiðar Ashton og finnst enn verra að hann hafi sængað hjá stúlku á þeirra aldri. Þær eiga bágt með að trúa því að hann hafi gert fjölskyldunni þetta og enn verra að þær hafi þurft að frétta af þessu í gegnum slúðurmiðla. Bruce hefur ekki látið sitt eftir liggja og hefur veitt Demi og stúlkunum mikinn stuðning,“ sagði heimildarmaður í viðtali við OK! Magazine.

REIÐAR Rumer, Scout og Tallulah Willis eru reiðar Ashton Kutcher fyrir að hafa svikið Demi Moore. NORDICPHOTOS/GETTY

Úr 1.500 áhorfendum í fjörutíu

Víkingarokksveitin Skálmöld lýkur tónleikaferð sinni um Evrópu í Austurríki á sunnudaginn. Alls verða tónleikarnir 24 talsins á 24 dögum og í ellefu löndum, eins og Fréttablaðið hefur greint frá.

„Þetta hefur gengið virkilega vel. Þetta er búið að vera alveg magnað,“ segir söngvarinn Björgvin Sigurðsson, sem var staddur í Búdapest þegar blaðamaður náði sambandi við hann.

Tónleikaferðin kallast Heidenfest og er þetta þriðja árið í röð sem hún er farin. Skálmöld stígur fyrst á svið og iðulega hefur sveitin spilað fyrir nokkur hundruð manns upp í 1.500 eins og gerðist í HMV Forum í London. Tvisvar á síðustu dögum hafa þó einungis verið mættar um fjörutíu hræður á tónleika þeirra, eða í Þýskalandi og í Slóveníu. „Það er svolítið skrítið að fara úr því að spila fyrir allt að 1.500 manns og svo fyrir hálftómum stað. Ég skal viðurkenna að maður var orðinn of góðu vanur,“ segir Björgvin og hlær. „En við gefum aldrei eftir. Þessi ferð er fyrir okkur og er farin til að safna liði. Hver einasti haus telur.“

Skálmöld ferðast um í stórri, tveggja hæða rútu ásamt norsku sveitinni Trollfest og hinni rússnesku Arkona en alls eru þrjár rútur á sama ferðalagi. Björgvin og félagar eru með svefnaðstöðu á efri hæðinni. Spurður hvort ferðalagið hafi verið erfitt segir hann að keyrslan geti verið þreytandi. „Þetta er búinn að vera heilmikill þvælingur fram og til baka. Þetta er rosaleg keyrsla, yfirleitt á hverjum degi, en það er keyrt á nóttunni,“ segir söngvarinn.

Skosku sjóræningjarokkararnir í Alestorm hafa einnig ferðast með Skálmöld og hafa tekist góð kynni með þeim tveimur böndum, að sögn Björgvins. - fb

FERÐINNI AÐ LJÚKA Tónleikaferð Skálmaldar um Evrópu hefur gengið sérstaklega vel. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

25% afsláttur af verði vinsælla vörutegunda

dagana 20.-24. október

25% afsláttur

Dekurvörur með kókosolíu
Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter"-húðnæring (200ml) með kókosolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

Verð nú: 2975 kr.
Verð áður: 3970 kr.

25% afsláttur

Mangó-dekurvörur
Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter"-húðnæring (200ml) með mangókjarnaolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

Verð nú: 2975 kr.
Verð áður: 3970 kr.

25% afsláttur
af verði vörutegundanna fyrir andlitið, hvort sem um vörutegundir fyrir konur eða karla er að ræða.

Í Body Shop fæst mikið úrval vörutegunda fyrir andlitið, t.d. nokkrar línur sem ætlaðar eru ákveðinni húðgerð hver og innihalda allar helstu vörutegundir s.s. dagkrem, næturkrem, hreinsimjólk, andlitsvatn, augnkrem og margt fleira. Dæmi um slíkar línur eru t.d. E-vítamínlínan sem hentar öllum húðgerðum, „Aloe"-línan sem hentar best viðkvæmri húð, vörutegundir með tetrésolíu fyrir unglinginn, lífræna „Nutriganics"-vörulínan, „Natrulift"-línan fyrir þroskaða húð o.s.frv.

Að auki fást ennfremur margar spennandi húðvörur fyrir karlmanninn.

25% afsláttur

25% afsláttur

Allranauðsynlegasti farðinn
Tvær vörutegundir saman: Svartur "Super volume"-augnháralitur (litbrigði að eigin vali) og „All-in-one"-andlitsfarði (litbrigði að eigin vali)

Verð nú: 3485 kr.
Verð áður: 4650 kr.

25% afsláttur

25% afsláttur

THE BODY SHOP®

KRINGLUNNI • SMÁRALIND • GLERÁRTORGI

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

Hrifin af hvort öðru

Þrálátur orðrómur hefur verið uppi um að leikararnir Jennifer Lopez og Bradley Cooper séu að stinga saman nefjum. Nýverið sást til parsins þar sem þau óku á brott frá veitingastað í Kaliforníu.

Sjónarvottur segir Lopez og Cooper hafa verið afslöppuð í návist hvor annars og skemmt sér vel. „Þau settust inn í bílinn hans og þegar þau óku á brott heyrðust þau syngja hástöfum með útvarpinu og hlæja."

Tímaritið OK! heldur því fram að alvara sé að færast í sambandið. „Hann er mjög hrifinn af Jennifer og getur vart haft augun af henni. Henni finnst hann bæði myndarlegur og heillandi og nýtur þess að eyða tíma með honum," sagði heimildarmaðurinn.

HRIFIN Jennifer Lopez og Bradley Cooper eru sögð vera nýjasta Hollywood-parið.

Bon Jovi með veitingastað

Rokkarinn Jon Bon Jovi hefur opnað óvenjulegan veitingastað í heimabæ sínum Sayreville í New Jersey. Aðeins verður lífrænt ræktaður matur í boði og annaðhvort geta gestirnir borgað uppsett verð fyrir matinn eða þeir geta unnið fyrir honum á veitingastaðnum sjálfum. Bon Jovi vill með þessu hjálpa fólki sem á við fjárhagserfiðleika að stríða. Hann vill þó ekki að fólk fái á tilfinninguna að þarna sé á ferðinni súpueldhús fyrir heimilislaust fólk. „Þetta verður svalasti veitingastaðurinn í bænum," sagði Bon Jovi, sem heimsótti Ísland í sumar.

NÝR STAÐUR Rokkarinn Jon Bon Jovi hefur opnað veitingastað í heimabæ sínum.

Ótrúlegar vinsældir Gamlingjans

„Þetta er einsdæmi og þetta er met," segir Erla Björg Gunnarsdóttir, kynningarstýra Forlagsins.

Bókin Gamlinginn sem skreið út um gluggann og hvarf, eftir sænska rithöfundinn Jonas Jonasson, hefur slegið í gegn á Íslandi. Bókin hefur fengið góða umsögn gagnrýnenda og hjá Forlaginu muna menn ekki eftir annarri eins sölu. Þriðja prentun er komin í verslanir en ekki eru nema þrjár vikur liðnar síðan bókin kom út. Erla Björg segir að alls hafi sjö þúsund bækur selst út af lager Forlagsins og samtals hafa 8.500 eintök nú verið prentuð.

„Menn sem hafa verið í bransanum ansi lengi muna ekki eftir annarri eins sölu á nokkurri bók á slíkum mettíma," segir Erla Björg um bókina sem Páll Valsson þýddi. **- hdm**



HEFUR SLEGIÐ Í GEGN Sænska bókin Gamlinginn sem skreið út um gluggann og hvarf hefur selst í sjö þúsund eintökum á Íslandi. Páll Valsson þýddi bókina.

Draumatækifæri á Spáni

Elísabet Björgvinsdóttir fékk að fylgjast með eftirlætis skóhönnuðinum sínum að störfum. Chie Mihara heillaðist af skóhlífum Elísabetar.

„Þetta var algjör draumur í dós og gríðarleg upplifun fyrir mig," segir Elísabet Björgvinsdóttir, sem hannar skóhlífar undir merkinu Babette, um dvöl sína hjá skóhönnuðinum Chie Mihara.

Skór Chie Mihara eru íslenskum konum vel kunnir og frægir fyrir fagurt handbragð en hér á landi eru skórnir seldir í skóbúðunum Kron og IQ. Elísabet hefur lengi verið mikill aðdáandi og ákvað því einn daginn að senda hönnuðinum sjálfum tölvupóst. „Ég veit ekki alveg af hverju ég ákvað að senda henni línu en ég fékk svar frá henni um hæl. Í kjölfarið bauð hún mér að koma í heimsókn og fylgjast með," segir Elísabet en hún er sú fyrsta sem fær að fylgjast með Chie Mihara að störfum.

„Ég sendi henni myndir af skóhlífunum mínum og hún heillaðist af þeim. Ég var mjög ánægð með að vera sú fyrsta sem fékk að koma og gat ekki annað en stokkið á það tækifæri." segir Elísabet en hún dvaldi í heila viku í bænum Elda á Spáni.

„Bærinn er gjarnan kallaður skóbærinn því þar eru flest spænsk skómerki með höfuðstöðvar og framleiðslu. Ég fékk að fylgjast með framleiðslu á Chie Mihara-skónum frá upphafi til enda," segir Elísabet og bætir við að 15 manns komi að gerð eins skópars og allt er gert samkvæmt strönguslu reglum. „Það þarf allt að vera fullkomið og það fer svo sannarlega mikil ást og umhyggja í eitt skópar."

Elísabet segir að dvölin hjá skóhönnuðinum hafi gefið sér byr undir báða vængi með sitt eigið merki. „Chie Mihara var hrifin af því sem ég er að gera og ég gaf henni tvö pör af skóhlífum. Hún sagði mér að hún léti alltaf hjartað ráða för og það var eitthvað sagði henni að leyfa mér að koma til sín," segir Elísabet, sem fer núna á fullt að framleiða skóhlífar með ráðleggingar Chie Mihara bak við eyrað.

Á vefsíðu skóhönnuðarins, chiemihara.com, er hægt að sjá myndband þar sem hönnun Elísabetar, Babette, er kynnt, en þeim sem vilja skoða skóhlífarnar er bent á vefsíðuna babette.is.

„Þetta var yndisleg dvöl í alla staði og ég hef eignast góða vini fyrir lífstíð." **alfrun@frettabladid.is**

Í SKÝJUNUM Elísabet Björgvinsdóttir sendi draumahönnuðinum sínum, Chie Mihara, tölvupóst og fékk í kjölfarið boð út til Spánar í höfuðstöðvar skóframleiðandans.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

THOM YORKE Yorke og félagar í Radiohead hafa selt King of Limbs í tuttugu þúsund eintökum.

Bretar kaupa meiri vínyl

Sala á vínyl hefur aukist um 40 prósent á þessu ári í Bretlandi. Meira en 240 þúsund plötur hafa selst það sem af er árinu, miðað við 234 þúsund allt síðasta ár. Samkvæmt BBC hefur nýjasta afurð Radiohead, King of Limbs, selst mest, eða í um tuttugu þúsund eintökum. Í öðru sæti er plata Adele, 21. Af þeim tæpu 120 milljónum geisladiska, vínylplatna og stafrænna útgáfa, hafa geisladiskar selst langmest á meðan stafrænar útgáfur hafa selst í 21 milljón eintaka. Allt stefnir í að þetta ár verði það besta fyrir vínylinn síðan 2005 þegar 351 þúsund eintak seldist.

Rokktrefill frá Tyler

Steven Tyler, söngvari Aerosmith, hefur sett á fót sína eigin tískulínu. Það er Andy Hilfiger sem hefur umsjón með hönnuninni og kemur Tyler þar hvergi nærri. Hans hlutverk verður að kynna nýju línuna í fjölmiðlum. Fyrsta kynningin var í New York á dögunum þar sem dætur Tylers, Chelsea og Mia, voru með honum í för. Chelsea mun einnig sýna fötin sem fyrirsæta á komandi ári. Meðal þess sem tískulínan býður upp á er svokallaður rokktrefill sem verður í anda treflanna litríku sem Tyler er þekktur fyrir að nota við hin ýmsu tækifæri.

MEÐ TÍSKULÍNU Steve Tyler hefur sett á fót sína eigin tískulínu.

krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

Stundum virðist tunglið nálægt

Þegar Linda Gunnarsdóttir var lítil hélt hún að það væru bara strákar sem gætu orðið flugmenn. Það var misskilningur.

Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins

Danir líka með sjövíddarbíó

„Þeir hafa örugglega heyrt af því að Ísland yrði fyrsta landið í heiminum til að vera með sjövíddarbíó og ætlað að vera á undan til að ná sér niðri á gömlu nýlendunni," segir Eyþór Guðjónsson, framkvæmdastjóri Skemmtigarðsins sem rís nú í Vetrargarði Smáralindar.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni opnar sjövíddarbíó í Skemmtigarðinum, sem stendur til að opna í nóvember. Eyþór sagði bíóið það fyrsta sinnar tegundar í heiminum, en áhorfendur fá þrívíddargleraugu, byssu og þurfa að spenna á sig belti til að velta ekki úr sætinu sem hreyfist í allar áttir. Í verslunarmiðstöðinni Fields í Kaupmannahöfn hefur sjövíddarbíó þegar verið opnað, en Eyþór er hvergi banginn og stendur við fyrri yfirlýsingu.

„Okkar er ekki bara 7D heldur 7Di – sem þýðir 7D ásamt *interactive* (gagnvirkni), sem gerir það að verkum að bíógestir eru með byssur og hafa þar af leiðandi áhrif á framgang myndarinnar. Hún er því aldrei eins í tvö skipti í röð."

Eyþór segist hafa skoðað fjölvíddarbíó frá fimm fyrirtækjum, en að lokum valið fyrirtækið Triotech. „Enginn af hinum framleiðendunum komst nálægt Triotech í gæðum," segir hann. „Þeir eru Rollsinn í fjölvíddarbíóum og leiðandi aðili á heimsvísu í kvikmyndahúsum sem þessum." **- afb**

SJÖUNDA VÍDDIN Sjövíddarbíó verður í Skemmtigarðinum sem opnar í Smáralind í nóvember. Sjöunda víddin er þegar í boði í Danmörku, en þar ekki boðið upp á gagnvirkni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÍRISA ÚTSALA

RISAútsalan klárast á morgun laugardag

Enn meiri afsláttur

Langur laugardagur opið til kl. 18

(þó ekki risar sem slíkir)

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

Fótboltaskór - Íþróttafatnaður - Hlaupaskór - Hlaupafatnaður

Fótboltaskór með allt að 50% afslætti

Vindjakki, barna 2.796 kr.

Vindjakkar með 60% afslætti

Takkaskór, barna 2.995 kr.

Bómullaríþróttabuxur með 40% afslætti

Bómullarbuxur, barna 3.594 kr.

Sundbolir með 40% afslætti

Sundbolur, dömu 5.094 kr.

Hettupeysur með 50% afslætti

Hettupeysa, barna 3.995 kr.

Hlaupabolir með 50% afslætti

Hlaupaskór frá 13.993 kr.

Hlaupaskór með 30% afslætti

UMBRO GASP Kempa MIZUNO uhlsport BETTER BODIES

Afgreiðslutímar
virka daga 10-18 og
laugardaga 11-16

SPORTLAND

Grensásvegur 11 | 108 Reykjavík | Sími: 571-1000 | www.sportland.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELD SÉR	5%	
HEADHUNTERS	KL. 5.45 - 8 - 10.15		16
HEADHUNTERS LÚXUS	KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15		16
THE THING	KL. 8 - 10.20		16
ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL	KL. 3.40 - 5.50		L
ÞÓR 2D ÍSLENSKT TAL	KL. 3.40 - 5.50		L
BORGRÍKI	KL. 6 - 8 - 10		14
WHAT´S YOUR NUMBER	KL. 8 - 10.20		12
RAUÐHETTA 2 3D ÍSL.TAL	KL. 3.40		L
STRUMPARNIR 3D ÍSL.TAL	KL. 3.30		L

HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIDI.IS	5%	
HEADHUNTERS	KL. 5.45 - 8 - 10.15		16
ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL	KL. 5.50		L
BORGRÍKI	KL. 8 - 10		14
MIDNIHGT IN PARIS	KL. 5.50 - 8		L
WHAT´S YOUR NUMBER	KL. 10.10		12
ELDFJALL	KL. 5.45 - 8 - 10.15		L

BORGARBÍÓ	NÁNAR Á MIDI.IS	
HEADHUNTERS	KL. 8 - 10	16
THE THING	KL. 10	16
ÞÓR 2D	KL. 6	L
BORGRÍKI	KL. 6 - 8	14

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075



Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
THE THING	8 og 10.10
BORGRÍKI	6, 8 og 10.10
ÞÓR - 3D	4 og 6
ÞÓR - 2D	4
KILLER ELITE	8 og 10.10
JOHNNY ENGLISH	4 og 6

SAMBÍÓIN



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA			
THE THREE MUSKETEERS - 3D	kl. 5:50 - 8 - 10:20	3D	12
THE THREE MUSKETEERS VIP	kl. 3:40 - 8 - 10:20	2D	VIP
FOOTLOOSE	kl. 5:40 - 8 - 10:20	2D	10
BANGSÍMON m/íst.tal	kl. 4 - 6	2D	L
REAL STEEL	kl. 5:30 - 8	2D	12
CONTAGION	kl. 8	2D	12
CONTAGION Luxus VIP	kl. 5:50	2D	VIP
JOHNNY ENGLISH REBORN	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	2D	L
KONUNGUR LJÓNANNA - 3D m/íst.tal	kl. 4	3D	L
KONUNGUR LJÓNANNA m/íst.tal	kl. 3:30	2D	L
DRIVE	kl. 10:20	2D	16
ALGJÖR SVEPPI	kl. 4	2D	L
CRAZY, STUPID, LOVE	kl. 10:20	2D	7

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK			
THE THREE MUSKETEERS	kl. 10:20	3D	12
FOOTLOOSE	kl. 8	2D	10
HETJUR VALHALLAR : ÞÓR m/íst.tal	kl. 6	3D	L
BORGRÍKI m/íst.tal	kl. 10:20	2D	14
BANGSÍMON m/íst.tal	kl. 6	2D	L
KILLER ELITE	kl. 8	2D	16

SAMBÍÓIN SELFOSS		
JOHNNY ENGLISH REBORN	kl. 8 - 10:10	L
BORGRÍKI	kl. 8 - 10:10	14
BANGSÍMON m/íst.tal	kl. 6	L
KONUNGUR LJÓNANNA m/íst.tal	kl. 6	L

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL			
ÞÓR: HETJUR VALHALLAR m/íst.tal	kl. 3:40 - 5:50	3D	L
THE THREE MUSKETEERS	kl. 3:40 - 5:30 - 8 - 10:30	3D	L
THE LION KING m/íst.tal	kl. 5:50	3D	L
FOOTLOOSE	kl. 8 - 10:30	2D	L
BANGSÍMON m/íst.tal	kl. 3:40	2D	L
REAL STEEL	kl. 8 - 10:20	2D	12
DRIVE	kl. 8 - 10:40	2D	16
ALGJÖR SVEPPI m/íst.tal	kl. 3:40 - 5:50	2D	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI			
THE THREE MUSKETEERS - 3D	kl. 5:40 - 8 - 10:20	3D	12
FOOTLOOSE	kl. 8 - 10:20	2D	10
THE SKIN I LIVE IN	kl. 5:40 - 8	2D	16
BANGSÍMON m/íst.tal	kl. 4	2D	L
REAL STEEL	kl. 10:20	2D	12
KONUNGUR LJÓNANNA - 3D m/íst.tal	kl. 4 - 6	3D	L
ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN	kl. 3:40	2D	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI			
BANGSÍMON	kl. 6	2D	L
THE THREE MUSKETEERS	kl. 8 - 10:10	3D	12
ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN	kl. 6	2D	L
FOOTLOOSE	kl. 8	2D	10
REAL STEAL	kl. 10:10	2D	12

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

NÚ Fjórmenningarnir í Westlife, sem hafa malað gull í gegnum árin, hafa lýst því yfir að sveitin muni hætta eftir tónleikaferð sína á næsta ári. NORDICPHOTOS/GETTY

Westlife hættir á næsta ári

Ein ástsælasta strákasveit írlands, Westlife, mun hætta eftir veglega tónleikaferð á næsta ári. Írar syrgja sveitina, sem naut mikillar hylli.

... **OG ÞÁ** Westlife-menn þegar þeir voru að stíga sín fyrstu skref í poppbransanum, þá fimm með Brian McFadden innan sinna vébanda. Hann yfirgaf sveitina eftir sex ára samstarf.

Fjórtán ára samstarfi strákasveitarinnar Westlife lýkur á næsta ári þegar fjórmenningarnir leggja upp í sína síðustu tónleikaferð. Í yfirlýsingu sem sveitin sendi frá sér kemur fram að þetta hafi verið sameiginleg ákvörðun. „Við höfum eytt öllum okkar fullorðinsárum saman og erum sammála um að fara í gott og langþráð frí. Við viljum þakka aðdáendum okkar sem hafa ferðast með okkur á þessu ótrúlega ferðalagi."

Þeir Nicky Byrne, Kian Egan, Mark Feehily og Shane Filan eru nánast þjóðhetjur á Írlandi og Gordon Smart, ritstjóri afþreyingarhluta breska blaðsins The Sun, segir í litlum greinarstúf á vef blaðsins að það hafi fallið tár á írskum knæpum í gær þegar tíðindin bárust. Fjórmenningarnir hafa grætt á tá og fingri á samstarfinu, selt yfir 44 milljónir platna og komið fjórtán smáskífum á toppinn í Bretlandi. Samkvæmt The Sun er hver og einn metinn á rúmar tíu milljónir punda, eða 1,8 milljarða íslenskra króna. „Þetta er búið, það eru engin leiðindi og þeir eru ennþá miklir vinir en þeir vilja einbeita sér að sínum eigin hlutum," hefur The Sun eftir heimildarmanni sínum.

Westlife braust fyrst fram á sjónarsviðið 1998, þá sem kvintett en Brian McFadden yfirgaf sveitina eftir sex ára dvöl. Westlife var meðal annars á mála hjá útgáfufyrirtæki Simons Cowell og varð strax ákaflega vinsæl, sveitin var jafnvel sögð vera svar karla við Spice Girls. Þeir heimsóttu Ísland fyrir tveimur árum þegar þeir gerðu myndband við lagið What About Now sem var síðar frumsýnt í breska X-Factor. Talið er að fjórmenningarnir muni ekki þurfa að sitja með hendur í skauti en tilboðum um sjónvarpsþætti og sólóplötur er þegar farið að rigna yfir þá.

freyrgigja@frettabladid.is

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
700 KR Í 2D SÝND KL 4 1000 KR. Í 3D
FYRSTA ÍSLENSKA TEIKNIMYNDIN Í FULLRI LENGD OG 3-D
ÞÓR
ATH 700 KR.
JOHNNY ENGLISH REBORN SÝND KL 4
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

BÍÓ★PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is
FÖSTUDAGUR: MIDNIGHT IN PARIS 18:00, 20:00, 22:00 ■ ICELAND VOLCANO 20:00, 22:00 ■ JÓN OG SÉRA JÓN 18:00 ■ SVINALANGORNA 18:00, 22:00 ■ ALLIANCE FRANCAISE: LES PLAGES D'AGNÈS (KRISTÍN JÓHANNESDÓTTIR KYNNIR) 20:00 ■ Á ANNAN VEG 18:00, 22:10 ■ JODOROWSKY: THE HOLY MOUNTAIN (GUNNAR EGGERTSSON KYNNIR) 20:00 ÍSLENSKUR TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.
VERTU FASTAGESTUR!







BORGRÍKI

ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR

INGVAR E. SIGURÐSSON

SIGURÐUR SIGURJÓNSSON

ZLATKO KRICKIC

★★★★

„EKKI LÁTA ÞESSA FRAMHJÁ ÞÉR FARA“
A.K. - DV

★★★★

„MÖGNUÐ MYND“
Þ.Þ. - FRÉTTATÍMINN

★★★★

„FRÁBÆR MYND Á ALLAN HÁTT“
M.M. - BÍÓFILMAN.IS

★★★½

„KUNNUGLEGT VIÐFANGSEFNI, FERSK AFGREIÐSLA“
A.S. - FILMOPHILIA.COM

svt Canon

WWW.BORGRIKI.IS

sport

sport@frettabladid.is

JAMES BARTOLOTTA, leikmaður ÍR, var fluttur með sjúkrabíl frá Grindavík í gærkvöldi eftir skelfilegt samstuð við J´Nathan Bullock í leik Grindavíkur og ÍR í Iceland Express-deild karla í körfubolta í gær. Bartolotta fiskaði ruðning á Bullock en sá síðarnefndi virtist fara með olnbogann beint í nefið á ÍR-ingnum og hann lá óvígur eftir, rotaður og með illa brotið nef. J´Nathan Bullock reyndi fyrir sér í amerískum fótbolta á sínum tíma og er mikill skrokkur.

GUÐJÓN ÞÓRÐARSON Þarf að róa á önnur mið á nýjan leik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Guðjón hættur hjá BÍ:

Er orðaður við Grindavík

FÓTBOLTI Staðfest var í gær að BÍ/Bolungarvík og Guðjón Þórðarson hefðu komist að samkomulagi um starfslok Guðjóns hjá félaginu. Hann stýrði liðinu aðeins í eitt ár.

BÍ er í þjálfaraleit og Freyr Alexandersson, aðstoðarþjálfari Vals, hafnaði tilboði frá félaginu í gær.

Guðjón er nú orðaður við lið Grindavíkur en samkvæmt heimildum fréttastofu skiptast menn í tvær fylkingar í Grindavík um að ráða Guðjón.

Hann er þó ekki eini þjálfarinn sem er orðaður við Suðurnesjaliðið því Lárus Orri Sigurðsson, fyrrverandi þjálfari Þórs, er einnig orðaður við Grindavík, sem er eina lið Pepsi-deildar karla sem á eftir ráða þjálfara fyrir næsta tímabil. - hbg

HK valtaði yfir Fram í seinni hálfleik

Fram tapaði sínum fyrsta leik í N1-deild karla í gær er HK kom í heimsókn í Safamýrina. Arfaslakir Framarar fengu á baukinn. Baráttuglaðir Akureyringar nældu í jafntefli á heimavelli sínum gegn Val.

HANDBOLTI Baráttan í N1-deild karla jafnaðist enn meir í gær er topplið deildarinnar, Fram, fékk skell á heimavelli gegn HK. Eftir fjóra sigurleiki í röð þurfti Fram að sætta sig við tap.

„Við vorum bara lélegir allan leikinn að mínu mati," sagði heiðarlegur þjálfari Fram, Einar Jónsson. Þjálfarinn hafði lög að mæla enda var hans lið fjarri sínu besta í þessum leik og átti nákvæmlega ekkert skilið úr leiknum.

Jafnræði var með liðunum fyrstu 40 mínúturnar en þá tók HK öll völd á vellinum og skildi Fram eftir í rykinu. Það sem vekur mesta athygli er að HK tókst það án þess að markmenn liðsins væru að verja neitt af viti og að lykilmaður liðsins, Ólafur Bjarki Ragnarsson, væri nánast áhorfandi að leiknum. HK á aftur á móti einn efnilegasta leikmann landsins í Bjarka Má Elíssyni og sá strákur hreinlega blómstraði.

„Ég var stundum að spara hrósyrðin yfir hann í fyrra. Þessi strákur er að þroskast með hverjum degi. Hann var ekki bara góður í sókninni því hann lék einnig glimrandi varnarleik í 5/1 vörninni okkar. Það er ekki hægt að hafa það betra. Hann er alveg frábær," sagði Erlingur Richardsson, annar þjálfara HK, um Bjarka.

Einar hafði engan áhuga á að afsaka tap sinna manna.

„Við vorum bara andlausir og lélegir. Það er ekki hægt að afsaka þetta því við vorum lélegir og sýndum lélegan karakter er við lendum undir. Það kæmi ekki á óvart ef menn hefðu samt afsakanir inni í klefa," sagði Einar en hann segir að áhugavert verði að fylgjast með því hvernig liðið bregðist við tapinu.

„Nú reynir á menn og leikmenn verða að stíga upp og sýna úr hverju þeir séu gerðir. Þetta var samt bara eitt tap og við förum ekkert að örvænta."

STÓRKOSTLEGUR HK-ingurinn efnilegi Bjarki Már Elísson fór á kostum í liði HK sem varð fyrst allra liða til að vinna Fram. Bjarki skoraði ellefu glæsileg mörk í leiknum og lék fínan varnarleik. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Akureyri jafnaði í blálokin

Akureyri skoraði tvö mörk á lokamínútunni og tryggði sér jafntefli gegn Val á heimavelli í gær, 24-24. Mínútu fyrir leiksloks varði Stefán „Uxi" Guðnason víti þegar Valur var tveimur mörkum yfir og gat tryggt sér sigur. Varsla Stefáns kveikti í Akureyri, sem tryggði sér eitt stig.

„Ég er ekki enn búinn að ná þessu, þetta verður ömurleg rútuferð heim," sagði Hlynur Morthens, markmaður Vals. „Ég veit bara ekki hvernig við klúðruðum þessu. Kannski var þetta stress undir lokin, þessir frábæru áhorfendur tóku okkur kannski bara á taugum. Við vorum með unninn leik og hefðum átt að vinna," sagði Hlynur sem tók þó margt jákvætt út úr leiknum.

Valur var yfir allan fyrri hálfleikinn en þá spilaði Akureyri illa í 23 mínútur. Það breytti þó stöðunni úr 5-11 í 13-14 sem voru halfleikstölur. Seinni hálfleikur var síðan jafn allan tímann.

Atli Hilmarsson, þjálfari Akureyrar, var ánægður með endurkomu liðsins. „Við vorum svo gott sem búnir að tapa þegar Stefán varði vítið. En trúin lifði og þetta var erfitt en við erum ánægðir með eitt stig úr því sem komið var. Það eru allt erfiðir leikir núna og þetta dettur kannski ekki jafn mikið með okkur núna og í fyrra. Vonandi fáum við fleiri menn inn úr meiðslum fljótlega en ég er ánægður með að liðið gefst aldrei upp." - hbg, hþh

Stelpurnar byrjuðu undankeppni EM á 5 marka tapi:

Lengi að finna lausnir

HANDBOLTI Íslenska kvennalandsliðið í handbolta tapaði með fimm mörkum fyrir Spáni, 27-22 í fyrsta leik sínum í undankeppni EM 2012 en leikurinn fór fram í Madrid á Spáni í gær.

Íslenska liðið lenti mest níu mörkum undir en minnkaði muninn í lokin með góðum endaspretti. Spænska liðið labbaði hvað eftir annað í gegnum íslensku vörnina á sama tíma og íslenska liðinu gekk illa gegn framliggjandi vörn spænska liðsins.

Ágúst Jóhannsson fann ekki lausnir fyrr en í lokin en það var bara of seint. Liðið getur bætt fyrir þetta á móti Úkraínu í Höllinni á sunnudaginn kemur.

Hanna Guðrún Stefánsdóttir var markahæst með sex mörk og hin unga Birna Berg Haraldsdóttir var með fimm mörk en þær komu báðar inn af bekknum í þesum leik. Ólöf Kolbrún Ragnarsdóttir varði ágætlega eftir að hún kom inn á í lokin, þar á meðal víti Spánverja í leikslok. - óój

BIRNA BERG HARALDSDÓTTIR

FYLKIR

Aðalfundur Knattspyrnudeildar Fylkis 2011

Aðalfundur Knattspyrnudeildar Fylkis verður haldinn í Fylkishöll **fimmtudaginn 3. nóvember 2011 kl. 20.30.**

Dagskrá;
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Stjórn Knattspyrnudeildar Fylkis.

Fjölnir vann sinn fyrsta sigur í Iceland Express-deildinni en Valur steinlá aftur heima:

Grindavík áfram með fullt hús

KÖRFUBOLTI Grindvík, Keflavík og Fjölnir fögnuðu sigri þegar þriðja umferð Iceland Express-deildar karla fór af stað í gær en henni lýkur síðan í kvöld þar sem mætast meðal annars KR og Njarðvík í DHL-höllinni. Grindavík er búið að vinna alla leiki sína, Keflavík þá tvo síðustu en þetta var fyrsti sigur Fjölnismanna í vetur.

Grindvíkingar halda áfram sigurgöngu sinni í Iceland Express-deild karla en þeir unnu ÍR-inga, 87-70, í Röstinni í gærkvöld. Gestirnir sáu aldrei til sólar í gær auk þess sem þeir misstu tvo mikilvæga leikmenn af vellinum vegna meiðsla, en þeir James Bartolotta og Sveinbjörn Claessen þurftu að yfirgefa völlinn. Grindvíkingar hafa því unnið alla þrjá leiki sína í deildinni en ÍR-ingar eru með tvö stig eftir þrjár umferðir.

„Þetta var ágætur leikur hjá okkur í kvöld og við sýndum frábæran varnarleik," sagði Helgi Jónas Guðfinnsson, þjálfari Grindvíkinga, eftir leikinn í gær.

„Við erum með virkilega mikla breidd í ár og ef menn eru ekki að leggja sig fram í leikjum þá fara þeir bara beint út af".

„Þetta er frekar svekkjandi, en ég er samt ánægður með eitt og það er varnarleikur liðsins," sagði Gunnar Sverrisson, þjálfari ÍR, eftir tapið í gær.

„Við höfum verið að spila ágætan sóknarleik á tímabilinu en varnarleikurinn hefur verið skelfilegur. Í kvöld var það sóknarleikurinn sem felldi okkur," sagði Gunnar að lokum.

Keflvíkingar komu í Vodafonehöllina í gær og unnu 30 stiga stórsigur, 110-80. Bæði Reykjanesbæjarliðin hafa því unnið stóra sigri á Hlíðarenda í fyrstu tveimur heimaleikjum nýliða Vals í vetur.

Steven Gerard Dagustino skaut Valsmenn hreinlega í kaf í fyrri hálfleik en hann hitti úr 7 af 9 þriggja stiga skotum sínum í hálfleiknum og skoraði 29 stig á 17 mínútum. Keflavík var 60-39 yfir í hálfleik og úrslitin nánast ráðin.

Fjölnismenn fögnuðu sínum fyrsta sigri þegar þeir unnu átta stiga sigur á Tindastól á Sauðárkróki, 97-89. Tindastóll hefur þar með tapað þremur fyrstu leikjum sínum á tímabilinu þar af tveimur þeirra á heimavelli. Frábær byrjun vó þungt fyrir Fjölnismenn, sem komust í 30-15, en Tindastóll vann upp forskotið og leikurinn var jafn fram í lokaleikhlutann þegar gestirnir úr Grafarvogi voru sterkari. - sáp, óój

ÓSTÖÐVANDI Í FYRRI HÁLFLEIKNUM Steven Gerard Dagustino skoraði 29 af 34 stigum sínum í fyrri hálfleiknum á Hlíðarenda í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÚRSLIT Í GÆR

N1-deild karla í handbolta

Fram-HK 23-30 (12-12)
Mörk Fram (skot): Róbert Aron Hostert 7 (13), Einar Rafn Eiðsson 4 (9/1), Sigurður Eggertsson 3 (10), Matthías Bernhöj Daðason 3 (4), Ægir Hrafn Jónsson 2 (2), Halldór Jóhann Sigfússon 2/1 (3/1), Sigfús Páll Sigfússon 1 (3), Jóhann Karl Reynisson 1 (1).
Varin skot: Magnús Gunnar Erlendsson 12/1 (35/3) 34%, Sebastían Alexandersson 3 (10) 30%.
Hraðaupphlaup: 4 (Róbert, Matthías, Ægir, Einar). **Fiskuð víti:** 2 (Ingimundur, Ægir).
Utan vallar: 2 mín.
Mörk HK (skot): Bjarki Már Elísson 11/1 (15/1), Atli Ævar Ingólfsson 4 (10), Ólafur Víðir Ólafsson 3 (4), Hörður Másson 3 (4), Tandri Konráðsson 3 (9), Ólafur Bjarki Ragnarsson 3/1 (8/2), Leó Snær Pétursson 2 (3), Atli Karl Bachmann 1 (1).
Varin skot: Björn Ingi Friðþjófsson 9 (23/2) 39%, Arnór Freyr Stefánsson 3 (12) 25%.
Hraðaupphlaup: 10 (Bjarki 5, Leó 2, Atli, Ólafur V., Ólafur B.).
Fiskuð víti: 3 (Bjarki 3).
Utan vallar: 6 mín.

Akureyri - Valur 24 - 24 (13-14)
Mörk Akureyrar (skot): Bjarni Fritzson 8/3 (15), Guðmundur Hólmar Helgason 6 (8), Jón Heiðar Sigurðsson 2 (3), Geir Guðmundsson 2 (5), Oddur Gretarsson 2 (6/1), Hreinn Þór Hauksson 1 (1),Halldór Tryggvason 1 (1), Guðlaugur Arnarsson 1 (2), Bergvin Gíslason 1 (3).
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 17 (41) 41%, Stefán Guðnason 1 (1) 100%
Hraðaupphlaup: 4 (Bjarni 2, Hreinn, Oddur,)
Fiskuð víti: 3 (Guðlaugur, Guðmundur, Bergvin)
Utan vallar: 4 mínútur.
Mörk Vals (skot): Sturla Ásgeirsson 8/2 (9), Finnur Stefánsson 5 (6), Anton Rúnarsson 5 (15), Magnús Einarsson 2 (3), Sigfús Sigurðsson 2 (4), Orri Gíslason 2 (5), Atli Báruson 0 (1).
Varin skot: Hlynur Morthens 16/1 (40) 40%

Hraðaupphlaup: 4 (Sturla, Anton, Finnur, Sigfús)
Fiskuð víti: 3 (Orri, Atli, Sigfús)
Utan vallar: 4 mínútur.
Dómarar: Jón Karl Björnsson og Þorleifur Björnsson. Ágætir.

FH – Grótta 31 - 19 (16 - 6)
Mörk FH (Skot): Baldvin Þorsteinsson 7/1 (11/2), Örn Ingi Bjarkason 5 (7), Ólafur Gústafsson 5 (9), Andri Berg Haraldsson 5/3 (8/3), Ari Magnús Þorgeirsson 3 (4), Atli Hjörvar Stefánsson 2 (2), Halldór Guðjónsson 2 (6), Magnús Óli Magnússon 1 (2), Ísak Rafnsson 1 (2),
Varin skot: Daníel Freyr Andrésson 20/3 (34/4, 58,82%), Sigurður Örn Arnarsson 1(5, 16,67%)
Hraðaupphlaupsmörk: 5 (Baldvin Þorsteinsson 4 , Örn Ingi Bjarkason)
Fiskuð víti: 5 (Andri Berg Haraldsson, Sigurður Ágústsson, Atli Rúnar Steinþórsson, Örn Ingi Bjarkason, Halldór Guðjónsson)
Utan vallar: 6 mínútur.
Mörk Gróttu (skot): Þorgrímur Smári Ólafsson 6 (9), Árni Ben Árnason 3 (9/1), Jóhann Gísli Jóhannesson 3(9), Karl Magnús Grönvold 2 (4/1), Benedikt Reynir Kristinsson 1 (3), Ágúst Birgisson 1(3), Kristján Orri Jóhannsson 1(3), , Friðgeir Elí Jónasson 1/1 (4/2), Hjálmar Þór Arnarson 1(2)
Varin skot: Magnús Sigmundsson 8/0 (32/4, 25%), Lárus Helgi Ólafsson 8/0 (17/1, 47,06%)
Hraðaupphlaupsmörk: 0
Fiskuð víti: 4(Þorgrímur Smári Ólafsson 2, Davíð Hlöðversson, Jóhannes Gísli Jóhannesson
Utan vallar: 4 mínútur

Afturelding - Haukar 21- 22 (7-8)
Mörk Aftureldingar: Böðvar Páll Ágeirsson 5, Helgi Héðinsson 4, Jóhann Jóhannsson 4, Sverrir Hermannsson 3, Þrándur Gíslason 2, Hilmar Stefánsson 1, Jón Andri Helgason 1, Eyþór Vestmann 1.
Mörk Hauka: Freyr Brynjarsson 6, Stefán Rafn Sigurmannsson 6, Gylfi Gylfason 3, Tjörvi Þorgeirsson 2, Nemanja Malovich 2, Sveinn Þorgeirsson 2, Heimir Óli Heimisson 1.

Iceland Express karla í körfu

Tindastóll-Fjölnir 89-97 (44-48)
Stig Tindastóls: Trey Hampton 28 (8 fráköst), Maurice Miller 18 (14 frák./10 stoðs.), Svavar Atli Birgisson 13, Helgi Rafn Viggósson 10 (10 fráköst), Helgi Freyr Margeirsson 6, Friðrik Hreinsson 5, Hreinn Gunnar Birgisson 5, Þröstur Leó Jóhannsson 4/4 fráköst..
Stig Fjölnis: Nathan Walkup 24 (11 fráköst), Árni Ragnarsson 23, Ægir Þór Steinarsson 16, Calvin O'Neal 11, Arnþór Freyr Guðmundsson 10, Jón Sverrisson 7, Trausti Eiríksson 6.

Valur-Keflavík 80-110 (39-60)
Stig Vals: Darnell Hugee 26 (10 fráköst), Austin Magnus Bracey 19, Igor Tratnik 13, Kristinn Ólafsson 5, Curry Collins 5, Birgir Björn Pétursson 4, Benedikt Blöndal 3, Alexander Dungal 3, Bergur Ástráðsson 2.
Stig Keflavíkur: Steven Gerard Dagustino 34, Charles Michael Parker 22, Magnús Þór Gunnarsson 18, Arnar Freyr Jónsson 9, Jarryd Cole 7, Gunnar H. Stefánsson 6, Valur Orri Valsson 6, Ragnar Gerald Albertsson 4, Hafliði Már Brynjarsson 3, Almar Stefán Guðbrandss.1.

Grindavík-ÍR 87-73 (41-32)
Stig Grindavíkur: Ómar Örn Sævarsson 14, J'Nathan Bullock 13 (9 fráköst), Páll Axel Vilbergsson 10, Þorleifur Ólafsson 10, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 10 (10 fráköst), Giordan Watson 9 (6 fráköst/7 stoðsendingar), Jóhann Árni Ólafsson 7, Ólafur Ólafsson 6, Þorsteinn Finnbogason 5, Björn Steinar Brynjólfsson 3.
Stig ÍR: Nemanja Sovic 17 (11 fráköst), Hjalti Friðriksson 16, Eiríkur Önundarson 14, Kristinn Jónasson 14, Williard Johnson 5, Sveinbjörn Claessen 4, Ellert Arnarson 3.

BEST OG EFNILEGUST Þórarinn Ingi Valdimarsson, Hildur Antonsdóttir, Hannes Þór Halldórsson og Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kjör leikmanna á bestu leikmönnum ársins tilkynnt:

Hannes og Gunnhildur

FÓTBOLTI Hannes Þór Halldórsson, markvörður Íslands- og bikarmeistara KR, og Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, fyrirliði Íslandsmeistara Stjörnunnar, voru í gær valin bestu leikmenn Pepsi-deildanna í árlegu kjöri leikmanna deildarinnar.

Hannes gekk til liðs við KR fyrir tímabilið frá Fram og átti stóran þátt í góðu gengi liðsins í sumar. Gunnhildur Yrsa fór fyrir liði Stjörnunnar sem varð Íslandsmeistari í fyrsta sinn í sögu félagsins í sumar. Efnilegustu leikmenn ársins voru Þórarinn Ingi Valdimarsson, ÍBV, og Hildur Antonsdóttir, leikmaður Vals.

Rúnar Kristinsson, þjálfari karlaliðs KR, og Þorlákur Árnason, þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar, voru valdir þjálfarar ársins. Erlendur Eiríksson var valinn besti dómarinn hjá körlunum en Valdimar Pálsson var valinn bestur hjá konunum.

Íslandsmeistarar KR áttu meiri en helming af leikmönnum í úrsvalsliði karla en Valur átti fleiri leikmenn í kvennaliðinu en Íslandsmeistararnir úr Stjörnunni, fjóra á móti þremur. - óój

> Stöð 2 kl. 19.50

Spurningabomban

Nýr spurningaþáttur Loga Bergmanns hefur slegið í gegn og í kvöld mæta bráðhressir morgunhanar til leiks og spreyta sig á stórskemmtilegum spurningum. Kolbrún Björnsdóttir og Þráinn Steinsson eru fulltrúar Íslands í bítið á Bylgjunni en mótherjarnir eru Andri Freyr og Gunna Dís, sem stýra Virkum morgnum á Rás 2.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON FER AFTUR Í TÍMANN

Fall einræðisherra í beinni

Dagurinn í gær var ansi merkilegur í sögu Líbíu þegar sjálfur Gaddafi var skotinn í höfuðið af uppreisnarmönnum. Sjónvarpið og netið léku lykilhlutverk í að boða fréttina, upptökur af blóðugu líkinu voru á öllum heimasíðum og fréttastöðvar rufu dagskrána með fréttinni um fall einræðisherrans.

Sennilega varpa stjórnendur Vesturveldanna öndinni léttar. Það hefur eflaust verið erfitt fyrir samvisku þeirra að þjóra kampavín með þessum Gaddafi og sitja fyrir á myndum með honum í þeirri von að geta liðkað fyrir um olíuviðskipti. Og þeir vonast eflaust til þess að þróunin verði öðruvísi en í Egyptalandi. 60 Minutes varpaði nefnilega nýju ljósi á eftirköst byltingarinnar í þætti fyrir skömmu; í stað Mubaraks situr herforingjastjórn sem hikar ekki við að pynta fólk sem er henni ekki að skapi. Vestrænir stjórnmálamenn vilja varla falla í þá gryfju aftur að vingast við stjórnvöld sem láta mannréttindi sig litlu varða.

Og sem betur fer stendur sjónvarpið vaktina, einræðisherrarnir geta ekki látið sig hverfa til Argentínu, lifa þar góðu lífi eftir að hafa lagt heila heimsálfu í rúst eins og blaðamennirnir Gerrard Williams og Simon Dunstan halda fram að Hitler hafi gert, í bókinni Grey Wolf.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hraunfólkið **15.25** Ég er ekki að grínast **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Arabískar sönggyðjur **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

RÚV

16.00 Leiðarljós (Guiding Light) (e)
16.40 Leiðarljós (Guiding Light) (e)
17.25 Otrabörnin (29:41)
17.50 Galdrakrakkar (41:47)
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 Andri á flandri (5:6) (Vesturland) (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.10 Útsvar (Skagafjörður - Vestmannaeyjar)
21.20 Með á nótunum (In the Loop) Bandaríkjaforseta og forsætisráðherra Bretlands langar í stríð en ekki eru allir sammála þeim um að það sé ráðlegt. Leikstjóri er Armando Iannucci og meðal leikenda eru Tom Hollander, Peter Capaldi og James Gandolfini. Bresk gamanmynd frá 2009.
23.10 Wallander – Engill dauðans (Wallander: Dödsängeln) Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Leikstjóri er Agneta Fagerström-Olsson og meðal leikenda eru Krister Henriksson, Lena Endre, Sverrir Guðnason, Nina Zanjani og Stina Ekblad. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. Sænsk sakamálamynd frá 2009.
00.45 Jackie Brown (Jackie Brown) Bandarísk bíómynd frá 1997 um flugfreyju sem verður aðalmanneskjan í samskiptum lögreglu og vopnasala. Leikstjóri er Quentin Tarantino og meðal leikenda eru Pam Grier og Samuel L. Jackson. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. (e)
03.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Dirty Rotten Scoundrels
10.00 Paul Blart: Mall Cop
12.00 Dr. Dolittle: Million Dollar Mutts
14.00 Dirty Rotten Scoundrels
16.00 Paul Blart: Mall Cop
18.00 Dr. Dolittle: Million Dollar Mutts
20.00 The International
22.00 A Cool, Dry Place
00.00 The Hoax
02.00 Feast
04.00 A Cool, Dry Place
06.00 Con Air

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Doctors (6:175)
10.15 Fairly Legal (1:10)
11.50 The Amazing Race (9:12)
12.35 Nágrannar
13.00 What a Girl Wants
15.00 Sorry I've Got No Head
15.30 Ofuröndin
15.55 Nornfélagið
16.20 Ævintýri Tinna
16.45 Kalli kanína og félagar
17.05 Bold and the Beautiful
17.30 Nágrannar
17.55 The Simpsons (18:21)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Týnda kynslóðin (10:40)
19.50 Spurningabomban (4:9) Nýr og stórskemmtilegur spurningaþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Logi egnir saman tveimur liðum, skipuðum tveimur keppendum hvort, sem allir eiga það sameiginlegt að vera í senn orðheppnir, fyndnir og fjörugir og þurfa að svara laufléttum og skemmtilegum spurningum um allt milli himins og jarðar.
20.45 The X Factor (8:26) Stórglæsilegur skemmtiþáttur með Simon Cowell í fararbroddi. Rétt eins og í Idol verður sungið til sigurs, allt þar til einn söngvari eða söngflokkur stendur uppi sem sigurvegari, 5 milljón dollurum ríkari og með nýjan plötusamning. Auk Cowells eru í dómnefnd gamla vinkona hans úr Idol, Paula Abdul, upptökustjórinn, lagahöfundurinn og tónlistarmógúllinn L.A. Reid og Nicole Scherzinger sem kunnust er fyrir að vera aðalsöngkona The Pussycat Dolls.
22.15 The X Factor (9:26)
23.45 Twister Myndin fjallar um hjón sem eru vísindamenn á höttunum eftir sannleikanum um skýstrokka.
01.35 Saw III
03.20 American Crude
04.55 The Simpsons (18:21)
05.20 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Udinese - Atl. Madrid
16.30 Udinese - Atl. Madrid
18.15 Tottenham - Rubin Kazan
20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
20.30 La Liga Report Hitað upp fyrir næstu leiki í spænska boltanum og farið yfir nýjustu fréttir af stjörnunum á Spáni.
21.00 Evrópudeildarmörkin
21.50 UFC 123 Útsending frá UFC 123 en þangað eru mættir til leiks flestir af bestu bardagamönnum heims.

SPORT 2 *enski boltinn*

15.35 Sunnudagsmessan
16.50 Man. City - Aston Villa
18.40 WBA - Wolves
20.30 Football League Show
21.00 Premier League Preview Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Viðtöl við leikmenn og þjálfara.
21.30 Premier League World
22.00 PL Classic Matches: Manchester City - Tottenham, 1994
22.30 Premier League Preview
23.00 Norwich - Swansea

EXTRA

19.30 The Doctors (139:175)
20.15 Chuck (11:19)
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 The Closer (13:15)
22.35 The Good Guys (13:20) Nýir þættir sem bæði eru hlaðnir spennu og gríni um löggu af gamla skólanum, Jack, og nútímalega lögreglumanninn, Dan. Jack fer alltaf eftir bókinni og er af þeim sökum fastur í vonlausri stöðu hjá lögreglunni. Félagi hans, Dan, er bæði drykkfelldur og slóði en heldur starfi sínu hjá lögreglunni vegna hetjudáðar.
23.20 Sons of Anarchy (13:13)
00.20 Chuck (11:19)
01.05 Týnda kynslóðin (10:40)
01.35 The Doctors (139:175)
02.20 Fréttir Stöðvar 2
03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.30 Game Tíví (6:14) (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
12.00 Game Tíví (6:14) (e)
12.30 Pepsi MAX tónlist
16.50 Being Erica (9:12) (e)
17.35 Rachael Ray
18.20 Parenthood (9:22) (e)
19.10 America's Funniest Home Videos - OPIÐ (19:50) (e)
19.35 America's Funniest Home Videos - OPIÐ (45:50)
20.00 Will & Grace - OPIÐ (3:22) (e)
20.25 According to Jim (10:18) Bandarísk gamansería með Jim Belushi í aðalhlutverki.
20.50 Mr. Sunshine (10:13) Matthew Perry fer fyrir frábærum hópi leikara í þessum sprenghlægilegu þáttum sem fengið hafa afbragðs góða dóma.
21.15 HA? (5:12) Steindi Jr, Bent og Hafdís Huld eru gestir Jóa G. og Sóla í kvöld.
22.05 The Bachelorette (10:12) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem stúlka velur einn mann úr hópi 25 piparsveina. Þeir piparsveinar sem Ali hafnaði hittast nú á nýjan leik og spá í spilin fyrir lokaþáttinn.
23.35 Hæ Gosi (4:8) (e)
00.05 Tobba (5:12) (e)
00.35 30 Rock (8:23) (e)
01.00 Got to Dance (8:21) (e)
01.50 Smash Cuts (41:52)
02.10 Judging Amy (17:23) (e)
02.55 Jimmy Kimmel (e)
03.40 Jimmy Kimmel (e)
04.25 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **08.10** Children's Miracle Classic (1:4) **11.10** PGA Tour - Highlights (37:45) **12.05** PGA Championship 2011 (2:4) **17.35** Inside the PGA Tour (42:45) **18.00** Children's Miracle Classic (2:4) **21.00** Children's Miracle Classic (2:4) **00.00** ESPN America

N4

18.15 Föstudagsþátturinn

BBC entertainment

11.15 Keeping Up Appearances **11.50** Fawlty Towers **12.20** ,Allo ,Allo! **12.50** ,Allo ,Allo! **13.15** Jane Eyre **14.05** Jane Eyre **15.00** Keeping Up Appearances **15.30** Keeping Up Appearances **16.00** ,Allo ,Allo! **16.25** ,Allo ,Allo! **16.55** Fawlty Towers **17.30** QI **18.00** QI **18.30** QI **19.00** QI **19.30** Live at the Apollo **20.15** Live at the Apollo **21.00** The Graham Norton Show **21.45** Skavlan **22.40** The Graham Norton Show **23.25** QI **23.50** Live at the Apollo **00.35** Live at the Apollo **01.20** The Graham Norton Show

DR 1

11.05 Vores Liv: Kongerigets Kager **11.35** Aftenshowet **12.30** Gintberg på kanten **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Himmelblå **14.00** Kasper & Lise **14.15** Hubert **14.30** Rosa fra Rouladegade **15.00** Hercule Poirot **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Hammerslag **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Cirkusrevyen 2011 **19.00** TV Avisen **19.30** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **20.20** Den fjerde engel **21.50** Big Momma's House **04.00** Noddy **04.10** Gnotterne

NRK 1

11.05 Viten om **11.35** Urix **12.00** Nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Solgt! **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Matador **15.00** Nyheter **15.10** Fredag i hagen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Skavlan **20.25** Sporløst forsvunnet **21.05** Kveldsnytt **21.20** En velutstyrt mann **21.50** Tom Petty & the Heartbreakers - Damn the Torpedoes

svt1

09.00 Från Lark Rise till Candleford **10.00** Tennis: Stockholm Open **14.55** Flugor **15.00** Bröderna Reyes **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Doobidoo **19.00** Skavlan **20.00** Like Minds **21.45** Bobby **22.25** När våren sjunger **22.35** Rapport **23.45** True Blood **00.40** Rapport **00.45** Starke man **01.15** Livet som hund **02.00** Rapport **02.05** Doobidoo **03.05** Rapport **03.15** Go'kväll **04.00** Fråga doktorn **04.45** Sverige!

INN

20.00 Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

GÓÐ HEILSA GULLI BETRI



TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

5-DAY PLAN
5 daga pakki með ítarlegu matarpógrami sem hjálpar þér að losa þig við aukakílóin

WATERLESS
Náttúruleg blanda jurta og vítamína til að losa þig við auka vatnsforða.

LIPITEK
Brennslutöflur fyrir konur sem auka orku og brenna fitu.

APPETITE CONTROL
Kemur blóðsykrinum í lag og minnkar matarlyst.

APPETITE CONTROL BAR
Gott á milli mála. Lágt í kaloríum og fitu en hátt í próteini og trefjum.

NUTRILENK GOLD
Hentugt fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski og slitnum liðum. Gott byggingarefni fyrir liðbrjóskið.

NUTRILENK ACTIVE
Hentugt fyrir þá sem þjást af stirðleika og verkjum í liðum. Það hefur jákvæð áhrif á liðvökvann.

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

BIO-KULT CANDÉA
hefur reynst vel bæði til að fyrir-byggja og meðhöndla Candida sveppasýkingu. 100% náttúruvara sem er örugg fyrir börn, barns-hafandi og mjólkandi mæður.

TILBOÐ 1.899 kr/stk v.á. 2.199,-

NUTRAMINO ICE TEA
Brennsludrykkur sem virkar. Mjög vatnslosandi, sykurlaust, grænt te, andoxunarefni, 75mg koffín. Mjög bragðgóður og svalandi.

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

100% WHEY GOLD STANDARD
Vinsælasta próteinið 7 ár í röð í USA. Hreint mysuprótein.

TILBOÐ 4.799 kr/stk v.á. 5.499,-

AMINO ENERGY
Orka fyrir æfingar eða yfir daginn. Inniheldur grænt te og grænt koffín. Vatnslosandi og eykur fitubrennslu.

TILBOÐ 3 fyrir 2

HJÚKRUNARFRÆÐINGAR MÆLA KÓLESTERÓL
Skeifan 21. okt. 17-19:30
Kringlan 22. okt. 15-18
Garðabær 23. okt. 13-16

BENECOL
Lækkar kólesteról

C-FLÖGUR
Eru lífrænar og glúteinlausar.

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

ORIGINAL ARCTIC ROOT
Eykur einbeitingu, úthald og vinnur gegn streitu og álagi.

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

MAÍSKÖKUR SALTAÐAR
Búnar til úr lífrænt ræk-tuðum maís, þær eru glútenlausar og góðar með ýmsu áleggi.

NÝTT

NÝTT

100% LÍFRÆNAR MÖNDLUR
próteinríkar og góðar á milli mála

NÝTT

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 23. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FÖSTUDAGSLAGIÐ

„Lagið mitt er We've Only Just Begun með Carpenters."

Guðmundur Steingrímsson, alþingismaður.

Megas úlnliðsbrotinn

„Ég rann til á hálkubletti," segir Magnús Þór Jónsson, betur þekktur sem Megas, sem varð fyrir því óláni að úlnliðsbrotna um helgina.

Megas átti að vera í upptökum fyrir sjónvarpsþáttinn Hljómskálann sem Sigtryggur Baldursson stjórnar ásamt Braga Valdimar Skúlasyni og Guðmundi Kristni Jónssyni en þeim var frestað um óákveðinn tíma. Til stóð að taka upp samstarf Megasar og Ragnars Bjarnasonar eftir því sem Fréttablaðið kemst næst.

Úlnliðsbrot verða oft þegar fólk dettur og ber fyrir sig höndina til að minnka fallið eins og kemur fram á heimasíðu AFL-sjúkraþjálfunar.

Magnús var á leiðinni út á land þegar Fréttablaðið náði tali af honum og vildi sem minnst tjá sig um brotið. Eins og Fréttablaðið greindi frá um helgina stóð til að tónlistarmaðurinn spilaði á Airwaves-hátíðinni en hann reyndist tvíbókaður og tók tónleika RGM fram yfir.

Magnús segir einfalda skýringu á því. „Þetta var eldri bókunin og maður stendur við hana." - fgg

RANN Á HÁLKUBLETTI Magnús Þór Jónsson eða Megas rann til á hálkubletti um helgina og úlnliðsbrotnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTIR AF FÓLKI

Spennusagan Ég man þig eftir **Yrsu Sigurðardóttur** er nú í fimmtu viku á þýska kiljulistanum en bókin hefur setið þar frá því að hún kom út í lok september. Bókin situr í 23. sæti listans og hefur aldrei farið hærra. Listinn mun birtast í vikuritinu Spiegel næstkomandi mánudag. Hrollvekja Yrsu virðist því leggjast jafn vel í Þjóðverja og Íslendinga, en bókin hefur verið samfleytt á metsölulista Eymundssonar frá því að hún kom út fyrir tæpu ári. Ég man þig vann Blóðdropann, Íslensku glæpasagnaverðlaunin, og verður framlag Íslands til Glerlykilsins, Norrænu glæpasagnaverðlaunanna, á næsta ári. - hdm

BAKARAMEISTARINN JÓI FEL: ÉG ER EKKI HÆTTUR ENN

Hefur selt 150 þúsund matreiðslubækur

Bakarameistarinn Jói Fel, eða Jóhannes Felixson, hefur selt matreiðslubækur sínar í tæplega 150 þúsund eintökum undanfarin ár.

Aðallega er um að ræða fjórar Hagkaupsbækur hans og hafa þær að meðaltali selst í yfir 35 þúsund eintökum hver. Að auki hefur bókin Eldað með Jóa Fel sem kom út fyrir síðustu jól og hafði að geyma 400 uppskriftir úr samnefndum sjónvarpsþáttum hans, selst í um sex þúsund eintökum. Hún var ein söluhæsta matreiðslubók síðasta árs. „Ég er ekki hættur enn, því ég er skrifa nýja bók," segir Jói Fel hress, en hún er væntanleg á næsta ári. Hann verður því fjarri góðu gamni í jólabókaflóðinu í ár. Jói Fel hefur verið fastagestur á íslenskum heimilum frá árinu 2003 þegar matreiðsluþættir hans hófu göngu sína á Stöð 2. Þeir eru nú orðnir um eitt hundrað talsins. Hann nýtur því að einhverju leyti góðs af því hversu þekkt andlit hann er þegar matreiðsla er annars vegar.

Þrátt fyrir að Jói verði fjarri góðu gamni fyrir jólin verða Nanna Rögnvaldsdóttir, Friðrika Geirsdóttir og kokkalandsliðið það ekki. Þau snúa öll aftur með matreiðslubækur fyrir þessi jól eftir að hafa selt síðustu bækur sínar vel í sumar og fyrir síðustu jól, eða í tæpum tólf þúsund eintökum samanlagt. Smáréttir Nönnu hafa selst í um þrjú þúsund eintökum, Bollakökur Rikku í um fjögur þúsundum og Einfalt með kokkalandsliðinu í um 4.500 eintökum

Ný bók Nönnu nefnist Jólamatur Nönnu og kemur út hjá Iðunni. Bók Rikku, sem er gefin út af Vöku Helgafell, nefnist Heimsréttir Rikku og Sögur útgáfa gefur svo út Einfalt og íslenskt með kokkalandsliðinu. Meðal annarra matreiðslubóka sem koma út í ár eru Gott líf – góður matur í takt við árstíðirnar eftir hjónin Ingu Elsu Bergþórsdóttur og Gísla Egil Hrafnsson, þýdd bók Rósu Guðbjartsdóttur Einfaldara sushi og Uppáhaldsrétturinn minn þar sem fjörutíu Íslendingar gefa uppskrift af uppáhaldsréttinum sínum.

Nanna Rögnvaldardóttir hefur ritstýrt matreiðslubókum lengi fyrir Forlagið en sjálf hefur hún selt eigin bækur í um sjötíu þúsund eintökum. Spurð út í þennan mikla áhuga Íslendinga á matreiðslubókum, segir hún hann ekki vera bundinn við Ísland. „Það héldu mjög margir þegar þetta fór meira inn á netið að bækurnar myndu detta út en raunin er sú að sala á matreiðslubókum fer vaxandi alls staðar," segir Nanna. „Hluti af því eru auknar myndskreytingar. Fólk er að kaupa bækurnar dálítið mikið til að skoða, fá hugmyndir og til að láta sig dreyma kannski um hvað gæti gerst og auðvitað til að nota líka."

Til marks um þennan áhuga fór hún nýverið á bókamessuna í Frankfurt þar sem matreiðslubækur voru mjög áberandi.

freyr@frettabladid.is

METSÖLUHÖFUNDUR Jói Fel hefur selt bækur sínar í tæplega 150 þúsund eintökum undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

John Grant vill vinna með GusGus

Biggi Veira úr hljómsveitinni GusGus hitti bandaríska tónlistarmanninn John Grant þegar hann var hér á landi vegna tónleika sinna á Airwaves-hátíðinni. Grant er mikill GusGus-aðdáandi eins og kom fram í viðtali við hann í Fréttablaðinu.

„Hann gaf sig bara á tal við mig þegar við vorum að spila á Kexinu. Hann langaði að kíkja í heimsókn í stúdíóið þannig að hann kom til mín á föstudaginn. Hann fékk að hlusta á demó sem við höfðum ekki klárað og svo tók ég hann í „syntha"-kennslu," segir Biggi en Grant notast við „syntha", eða hljóðgervla í tónlist sinni.

Biggi segir Grant vera frábæran söngvara sem gerir áhugaverða tónlist. Í viðtalinu við Fréttablaðið sagðist Grant vilja prófa sig áfram í elektrónískri tónlist og svo virðist sem hann vilji vinna með GusGus. „Hann var að spyrja hvort okkur langaði að hjálpa honum eitthvað við það og ég sagði að það væri alveg sjálfsagt að skoða það mál."

Biggi er núna orðinn einn af mörgum íslenskum vinum Grants á Facebook. „Okkur þótti báðum mjög leiðinlegt að við vorum að spila á sama tíma á Airwaves. En hann var rosalega hrifinn af Íslandi og ég sá að þegar hann kom í heimsókn var hann nýbúinn að kaupa sér kennslubók í íslensku og var að spyrja mig aðeins út í það. Ég sagði honum að við höfðum unnið í plötunni okkar í sumarbústað og hann var einmitt að tala um að hann langaði að koma hingað einhvern tímann, þvælast um og vinna. Þannig að við erum greinlega búinn að eignast enn einn Íslandsvin, eins og þeir eru kallaðir." - fb

Í HLJÓÐVERINU Biggi Veira úr GusGus bauð John Grant í heimsókn í hljóðverið sitt í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



FLORIDANA VÍTAMÍNSAFI

50% ráðlagður dagsskammtur af ACE-vítamínum í 330ml

Floridana Vítamínssafi er blanda af ávöxtum og paprikum, full af vítamínum frá náttúrunnar hendi.

- **A** A-vítamín er nauðsynlegt fyrir sjón, húð og starfsemi ónæmiskerfisins.
- **C** C-vítamín er talið efla ónæmiskerfi líkamans og tryggja að það starfi eðlilega við áreynslu.
- **E** E-vítamín er mikilvægt andoxunarefni sem verndar frumur og er nauðsynlegt fyrir starfsemi taugakerfisins.

Nýtt!

Hugsaðu um heilsuna og drekktu Floridana Vítamínsafa.

Floridana
LIFÐU VEL!

FITON / SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Biophilia Bjarkar lokkar

Mikið var um dýrðir á Biophilia-hljómleikum Bjarkar Guðmundsdóttur í Hörpu á miðvikudagskvöld. Uppselt hefur verið á alla tónleika í röðinni í nokkurn tíma og komust færri að en vildu. Upplestur Davids Attenborough inni á milli laga Bjarkar vakti verðskuldaða lukku, sem og vel útilátin sviðsmyndin.

Meðal gesta í salnum á miðvikudag voru leikaraparið Björn Thors og Unnur Ösp Stefánsdóttir, leikarinn Jóhannes Haukur Jóhannesson og leikstýran og fyrrverandi alþingiskonan **Kolbrún Halldórsdóttir.**

Notuð föt af þekktu fólki

Viðskiptavinir Kolaportsins geta átt von á góðum básum um helgina. Sjónvarpskonan **Ragnhildur Steinunn** ætlar að selja föt af sér og nota ágóðann til að fjármagna heimildarmynd sem hún er með í smíðum um kynleiðréttingu. Til stóð að Sigmar Guðmundsson, fyrrverandi samstarfsmaður hennar úr Kastljósinu, yrði henni við hlið að selja gömul jakkaföt en hann guggnaði á síðustu stundu. Þeir sem vilja ögn hefðbundnari föt geta mætt á sunnudaginn en þá mæta þau Gunnar Þorsteinsson og Jónína Benediktsdóttir með gamlar flíkur sem fólk getur keypt.

- sv, fgg

Mest lesið vísir

1. Gaddafí fallinn - myndir birtar af líkinu
2. Hjón stefna DV og Jóhannesi Kr. fyrir brot á höfundarrétti
3. Lögreglumaður skar sér hryggvöðva
4. Mötuneyti skólanna sögð sem þrælabúðir
5. Rolex telur ránið stórt á alþjóðavísu

Myndbönd yfir á DVD

15% afsl.

Verð frá 1696 kr. með afsl.
Gildir til 31. október

Yfirfærum einnig 8 mm kvikmyndafilmur ljósmyndir, skyggnur, segulbönd, snældur, hljómplötur, minniskort og floppy diska. Fjölföldum. Prentum á diska og kápur.

GAGNVIRKNI
www.gagnvirkni.is - 5174511
Hamraborg 1, Kópavogi
Móttökustaður á Akureyri
Tölvufix - Tryggvabraut 22

SISSEL • ÁGÚST ÓLAFSSON • GARÐAR THÓR CORTES • HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR • KOLBEINN KETILSSON
STÓRHLJÓMSVEIT FROSTRÓSA • ÓPERUKÓRINN • DRENGJAKÓR REYKJAVÍKUR • BARNAKÓR FROSTRÓSA
STJÓRNANDI: ÁRNI HARÐARSON • ÚTSETNINGAR: GÍSLI MAGNA

FROSTRÓSIR
KLASSÍK

10. desember kl. 16:00 UPPSELT
10. desember kl. 20:00 UPPSELT
11. desember kl. 16:00 UPPSELT
11. desember kl. 20:00 AUKATÓNLEIKAR

Það seldist upp á 3 tónleika á svipstundu
Fjórðu og síðustu tónleikarnir komnir í sölu á harpa.is

Sissel ásamt fremstu einsöngvurum þjóðarinnar, stórhljómsveit og kórum flytja helgustu perlur jólanna á einstökum hátíðartónleikum í Hörpu.

Þökkum frábærar viðtökur!

AUKATÓNLEIKAR Í HÖRPU OG UM LAND ALLT KOMNIR Í SÖLU Á MIDI.IS OG HARPA.IS

JÓLA FROSTRÓSIR
...færa þér jólin!